

FALLEGT PARHÚS Í SALAHVERFI

Góð eign við fegurstu götu Kópavogs

Fasteignablaðið

allt í MIÐJU BLAÐSINS



ANNA CLAUSEN OG BJARNI EINARSSON

Hafa opnað nýja búð við Laugaveg

Belleville stendur undir nafni

FÓLK 38



FRÉTTABLAÐIÐ

8. maí 2006 — 122. tölublað — 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

Sleppti fimmtíu krökkum lausum

Listmálarinn Tólli tók á móti fimmtíu krökkum úr leikskólanum Krakkakoti á Álftanesi

FÓLK 38

Nýja nafnið skal vera þjált

Félag járníðnaðarmanna og Vélstjórnunarsamtök Íslands sameinast í haust. Formenn félaganna líta sameininguna þjörtum augum.

TÍMAMÓT 22

Vetur án RÚV

„Fræg er sagan af fyrrum yfirmanni RÚV sem kynnti fjárhagsáætlun stofnunarinnar með þessum lokaorðum: „Og restin fer síðan í dagskrárhítina,““ segir Hallgrímur Helgason.

Í DAG 18

Haukar í úrslit

Haukar tryggðu sér sæti í úrslitum deildar bikarsins í handbolta með fimm marka sigri á Val í oddaleik á Ásvöllum. Haukar mæta spútnikliði Fylkis í úrslitaleikjunum.

ÍÞRÓTTIR 32

VEÐRIÐ Í DAG

DÆMALAUS BLÍÐA - Í dag verður hægviðri eða hafgola, yfirleitt léttskýjað en hætt við þokubökkum við ströndina. Hiti 10-22 stig, mildast til landsins.

VEDUR 4

Fagleg og lögleg þjónusta í boði

Fagfólk í Félagi íslenskra snyrtifræðinga er að finna um land allt. Sjá nánar á Meistarinn.is.

Félag íslenskra snyrtifræðinga

Vopnaðir unglingar slást og ógna fólki

Ófremdarástand hefur skapast við verslunarkjarnann Hólagarð í Breiðholti en þar safnast nýfermdir unglingar reglulega saman og ýmist slást sín á milli eða valda skemmdum. Dæmi eru um að þeim sem minna mega sín sé misþyrmt.

LÖGREGLUMÁL Lögreglan hafði síðast afskipti af ungmennum með ólæti við Hólagarð nú á föstudag en þá voru nokkrir handteknir og hnífir og barefli gerð upptæk. Að sögn lögreglu hefur þetta gerst reglulega við verslunarkjarnann undanfarna mánuði og geta hóparnir orðið mjög stórir, allt upp undir fjörutíu manns í hvoru gengi fyrir sig. Lögreglan segir dæmi um að unglingar hafi slasast í átökunum.

Geir Jón Þórisson yfirlögregluþjónn segir flesta krakkana á aldrinum þrettán til fjórtán ára en einhverjir eldri slæðist þó stöku sinnum með. Hann biðlar til foreldra barnanna að grípa inn í. „Við þurfum einhverja foreldra í lið með okkur. Ég hvet þá til að koma á staðinn og sjá hvað unglingarnir þeirra hafa fyrir stafni.“

Bjarni Jónsson, eigandi kráarinnar Búálfsins í Hólagarði, segir ástandið skelfilegt. Krakkarnir hafi verið fyrir utan verslanirnar heilu og hálfu dagana, valdi skemmdum og áreiti viðskiptavini. „Þetta er meira eða minna á hverju kvöldi, eða á hverjum degi jafnvel. Maður verður var við þau strax í hádeginu. Það er varla að þau mæti í skólann,“ segir Bjarni Jónsson.

Bjarni segir skemmdarfýsna gegndarlausu. „Þau stela öllum reiðhjólum, hafa rispað bíla, skvett málningu um allt, brotið hvern einasta hurðaskynjara í húsinu og oft reynt að brjótast inn. Um daginn kveiktu þau í blaðagámi og hafa margsinnis reynt að kveikja í húsinu. Þau hafa jafnvel misþyrmt ýmsum sem minna mega sín, þroskaheftum og öðrum, tekið af

þeim reiðhjól og eyðilagt þau.“

Að sögn Bjarna er mikið um bjórdrykkju og aðra neyslu og hann veit mörg dæmi þess að fólk veigri sér við að sækja verslanir og þjónustu í Hólagarð vegna aðkasts unglinganna. „Stundum eru þrjátíu til fjörutíu krakkar í hóp fyrir utan hurðina og maður kemst hvorki inn né út. Það hefur verið mikið baráttumál hjá okkur að reyna að fá almennilegt myndavélakerfi til að geta fylgst með öllu húsinu að utanverðu því þessi skemmdarverk bitna mikið á okkur. Úrræðaleysið er töluvert hjá lögreglunni því ástandið heima fyrir hjá þessum krökkum er oft dapurlegt.“

Lögreglan hefur aukði eftirlit í hverfinu vegna þessa en lítið lát virðist vera á skrifslátum unglinganna.

- sh



GEORGE W. BUSH Segir að Rússar sendi misvísandi skilaboð. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Bush Bandaríkjaforseti:

Efasemdir um lýðræði Rússa

WASHINGTON, AP George W. Bush Bandaríkjaforseti sagðist í viðtali í gær hafa efasemdir um lýðræðisást rússneskra stjórnvalda. Efasemdirnar stafi af því að Rússar hafi sent misvísandi skilaboð í þessum efnum.

Þessi ummæli koma í kjölfarið á gagnrýni Dicks Cheney á Rússa. Sú gagnrýni olli verulegu fjaðrafoki í Rússlandi.

Bush sagðist meta „hlý starfstengsl“ við Vladimir Pútín Rússlandsforseta, en Bandaríkin hefðu meðal annars áhyggjur af því að Rússar noti olufyrirtæki sín til þess að ná fram pólitískum markmiðum.

- gb

Hækkandi verðbólga:

Ábyrgðin er hjá bönkunum

FASTEIGNAMARKAÐUR Guðmundur Ólafsson hagfræðingur telur að á næstunni reyni á félagslega ábyrgð bankanna þegar og ef verðbólga fer hækkandi og almenn-ingur lendir í greiðsluerfiðleikum, meðal annars vegna hárra íbúðalána bankanna.

„Að líkindum munu bankarnir leysa til sín íbúðir fólks í vanskilum og bjóða því að leigja íbúðirnar aftur,“ segir Guðmundur og telur að þegar hafi einhver bankanna stofnað fyrirtæki um slíka starfsemi.

- ghs / sjá bls. 2



GUÐMUNDUR ÓLAFSSON



BAÐA SIG Í HITANUM Miklir hitar ríkja nú í Pakistan og ekki kemur dropi úr lofti. Í gær mældist mesti hitinn þar 44 gráður á Celsíus. Í borginni Lahore grípur yngra fólkið gjarnan til þess ráðs að baða sig í þessum skurði til þess að kæla sig niður og hvíla sig á hitasvækjunni.

FRÉTTABLAÐIÐ/APF

Íranska þingið hótar að segja sig upp samningi um útbreiðslu kjarnorkuvopna:

Munu láta hart mæta hörðu

PAKISTAN, AP Íranska þingið hótar að segja upp samningi um útbreiðslu kjarnorkuvopna, eins og Norður-Kórea gerði árið 2003, ef Sameinuðu þjóðunum „mistekst að sinna því verkefni sínu að leysa úr ágreiningi með friðsamlegum hætti“.

Í bréfi til Kofi Annan, framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, sem lesið var úr í útvarpi í Íran í gær, segjast þingmennirnir ekki hafa aðra kosti en að fara fram á það við ríkisstjórn landsins að segja upp samningnum.

Mahmoud Ahmadinejad, forseti Írans, tekur undir þetta og segir allar hótanir Vesturlanda um refsiaðgerðir merkingarlausar.

„Ef undirritun alþjóðasam-

ings veldur því að brotið er á réttindum ríkis, þá mun ríkið endurskoða ákvörðun sína og samningurinn verður ógildur,“ sagði hann í gær.

„Þetta er dæmigerð írönsk hótun,“ sagði John Bolton, sendiherra Bandaríkjanna hjá Sameinuðu þjóðunum. „Hún sýnir að þeir reyna í örvæntingu sinni að leyna því að kjarnorkuáætlun þeirra er í raun og veru vopnaáætlun.“

Bandaríkin og fleiri ríki hafa hótad því að grípa til refsiaðgerða ef Íranar hætta ekki við áform sín í kjarnorkumálum.

- gb

VARNA MÁLARÁÐHERRANN OG FORSETINN Mostafa Mohammad Najjar, varnarmálaráðherra Írans, litur á Mahmoud Ahmadinejad, forseta landsins. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



Vikulegar siglingar til Evrópu

ATLANTSSKIP
-FLYTJA VÖRUR-

591 3000



SPURNING DAGSINS

Sigvaldi, er mátturinn með þér?

„Það hlýtur að vera. George Lucas heldur því fram og ég trúi honum.“

Kvikmynd Sigvalda J. Káasonar, Dead Man's Cards verður frumsýnd á Cannes-hátíðinni í maí. George Lucas, höfundur Stjörnustriðs-myndanna, hefur hrósað myndinni í hástert, en í þeim kvikmyndum er mátturinn itrekað sagður vera með hinum útöldu.

Banaslys við Laxá í Kjós:

Lét lífið í vélhjólaslysi

BANASLYS Karlmaður á fimmtugsaldri lét lífið í vélhjólaslysi við Laxá í Kjós um hádegisbilið í gær. Svo virðist sem maðurinn hafi misst stjórn á hjóli sínu með þeim afleiðingum að hann kastaðist út af veginum og hafnaði í skurði.

Vegfarendur, sem urðu vitni að atvikinu gerðu lögreglu viðvart, en maðurinn var látinn þegar sjúkralið kom á vettvang. Þyrla Landhelgisgæslunnar hafði verið kölluð út en beiðnin um aðstoð var afturkölluð áður en þyrlan fór í loftið.

Ekki er unnt að greina frá nafni hins látna að svo stöddu.

- æpe



RANNSÓKNARSTOFA Í Erfðabreytileikinn fannst eftir umfangsmiklar rannsóknir.

Krabbamein í blöðruhálskirtli:

Áhættuþáttur hefur fundist

VÍSINDI Vísindamenn Íslenskrar erfðagreiningar hafa ásamt erlendum samstarfsaðilum fundið erfðabreytileika sem eykur líkur á krabbameini í blöðruhálskirtli.

Í grein sem birtist í vísindaritinu Nature Genetics í gær kemur fram að breytileikinn hafi fundist við umfangsmiklar rannsóknir á Íslandi en áhrif hans hafi verið staðfest í Svíþjóð og Bandaríkjunum.

Kári Stefánsson, forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar, er einn höfunda greinarinnar og segir hann að niðurstöðurnar verði notaðar til að þróa próf sem nýst gæti við að ákvarða hverjir eigi mest á hættu að fá sjúkdóminn.

- sh

Hópur óbreyttra þingmanna í breska Verkamannaflokknum:

Þrýsta á Blair að segja af sér

LONDON, AP Hart er sótt að Tony Blair, forsætisráðherra Breta, til þess að segja af sér í kjölfar sveitarstjórnarkosninganna í vikunni. Verkamannaflokkur Blairs beið mikið afhroð í kosningunum og svo virðist sem ráðherraskipti, sem hann gerði í kjölfarið, dugi hvorki til að styrkja stöðu flokksins né leiðtoga hans.

Hópur óbreyttra þingmanna í Verkamannaflokknum hefur skrifað bréf til framkvæmdastjórnar Verkamannaflokksins. Þar er framkvæmdastjórnin hvött til þess að ræða málið við Blair og leggja fram skýra áætlun með tímasetningum fyrir

kosningar á nýjum leiðtoga flokksins. Þetta er sagt að verði að gerast eigi síðar en við þinglok, sem verða í júlí.

„Við teljum eindregið að slík yfirlýsing myndi tryggja áframhaldandi árangur ríkisstjórnar Verkamannaflokksins og endurnýja sambandið á milli flokksins okkar og bresku þjóðarinnar,“ segir í bréfinu.

Gordon Brown fjármálaráðherra, sem þykir líklegur til að verða eftirmaður Blairs, gagnrýndi í gær harðlega þá flokksfélaga sína sem hafa tekið til máls opinberlega til að hvetja Blair til að segja af sér.

- gb



TONY BLAIR Margir flokksfélagar hans telja nauðsynlegt að hann segi af sér sem allra fyrst. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Reynir á félagslega ábyrgð bankanna

Hagfræðingur telur að brátt reyni á hvernig bankarnir taki á greiðsluvanda viðskiptavina. Hann telur að bankarnir muni leysa til sín íbúðir og leigja fólkinu þær aftur. „Nú reynir á þeirra félagslegu ábyrgð,“ segir hann.

EFNAHAGSMÁL Guðmundur Ólafsson hagfræðingur telur að á næstunni reyni á það hvernig bankarnir bregðist við greiðsluvanda fólks þegar verðbólga fer hækkandi. Hann telur að bankarnir muni leysa til sín fasteignir og leigja fólkinu svo aftur.

Seðlabankinn telur að fasteignaverð sé orðið mjög hátt og að það muni lækka á næstu árum. Verulegt bakslag hefur þegar orðið í fasteignaviðskiptum á höfuðborgarsvæðinu en um þriðjungi færri kaupsamningum var þinglýst í apríl en í mars.

Seðlabankinn telur að lægra fasteignaverð geti valdið þrengingum hjá þeim sem hafa skulsett sig mest, ekki síst ef ráðstöfunartekjur lækka og atvinnuhorfur versna. Áhrifin ráðist af því hve burðugur efnahagsreikningur heimila og fyrirtækja sé.

Guðmundur Ólafsson hagfræðingur segir að eftirspurnin eftir húsnæði minnki þannig að framsóknarskellurinn komi nú með fullum þunga til baka. „Hvað gera bankarnir þegar þeir sjá fram á að það er hópur lántakenda sem ekki getur staðið í skilum? Ætla þeir að láta íbúðirnar á sölu og láta íbúðaverð lækka þannig að enn fleiri lendi í vandræðum eða gera þeir eitthvað annað? Nú reynir á þeirra félagslegu ábyrgð,“ segir Guðmundur.

„Að öllum líkindum munu bankarnir leysa til sín íbúðir fólks í vanskilum og bjóða fólkinu svo að leigja íbúðirnar aftur svipað og gerst hefur erlendis,“ segir Guðmundur og telur að einhver bank-



FASTEIGNAVERÐ LÆKKAR Þriðjungi færri kaupsamningum var þinglýst í apríl en í mars. Seðlabankinn telur að fasteignaverð muni lækka á næstu árum. Myndin tengist ekki efni fréttarinnar beint.



SIGURJÓN P. ÁRNASON



GUÐMUNDUR ÓLAFSSON

inn hafi þegar stofnað fyrirtæki um svona starfsemi. Það er þó ekki á vegum Landsbankans, að sögn Sigurjóns P. Árnasonar bankastjóra.

Sigurjón segir að alltaf sé hætta á því að einhverjar fjölskyldur lendi í greiðsluvanda þegar verð-

bólga fer af stað en það sé vont fyrir alla og sem betur fer sé þróunin ekki komin svo langt. Það hafi ekki orðið neitt hrun á Íslandi. Hækkunum sé að linna og jafnvægi að myndast á fasteignamarkaði en auðvitað sé hætta á verðbólgu í framhaldi af gengisfalli krónunnar.

„Bankarnir reyna í lengstu lög að koma hlutunum þannig fyrir að fólk missi ekki heimili sín en stundum getur þetta ekki endað eins og lagt er upp með. Menn reyna auðvitað að koma til móts við fólk og hnika til svo fremi sem það sjáist til lands. Það eru hagsmunir allra að fólk geti staðið við sínar greiðslur,“ segir hann.

ghs@frettabladid.is

Sinueldur við Grábrók:

Komu í veg fyrir stórbruna

SINUELDAR Minnstu mátti muna að umhverfisslys yrði þegar sinueldur kviknaði ofan Grábrókar í Borgarfirði síðdegis í gær.

Bændur og nemendur við Viðskiptaháskólann á Bifröst sýndu mikið snarræði og tókst þeim í sameiningu að koma í veg fyrir að eldurinn kæmist í hraun, en þar hefði hann líklega orðið afar erfiður viðfangs.

Slökkviliðið kom á staðinn skömmu síðar og lauk við að slökkva eldinn. Bjarni Þorsteinsson slökkviliðsstjóri segir eldinn ekki hafa logað á stóru svæði en snör viðbrögð heimamanna hafi skipt sköpum.

- sh

Vélskólinn á Akureyri:

Nektarmyndir með skólablaði

AKUREYRI Dagatal með nektarmyndum frá Goldfinger fylgdi skólablaði Vélskólans á Akureyri fyrir helgina.

Blaðið var sent til allra félaga Vélstjóraráðs Íslands. Stutt er síðan Skólafélag Vélskóla Íslands vakti hneykslun fyrir nektardans á skólaballi á Hallveigarstöðum.

Hjalti Jón Sveinsson, skóla-meistari VMA, ætlar að ræða við ritnefndina. „Þetta var gert án minnar vitundar og ég vissi ekki af þessu fyrr en blaðið var komið út. Mér þykir mjög leitt að þetta hafi gerst. Þessir menn gera sér ekki grein fyrir hvar mörkin liggja. Ég hefði aldrei leyft þetta.“

- ghs



HJALTI JÓN SVEINSSON

SVÍÞJÓÐ

Endaparmsbakteriur valda áhyggjum Bakteriur í endaparmi valda nú sænskum smitsjúkdómalæknum áhyggjum. Venjulegt pensillín hefur engin áhrif á endaparmsbakteriurnar og smitast þær nú um Svíþjóð með ógnarhraða. Sérstaklega eru bakteriurnar slæma fyrir aldraða og sjúka því að þeir þola illa þau meðul sem vinna á bakteriunum.

LÖGREGLUFRÉTTIR

Slasaðist í bílveltu Karlmaður á fertugsaldri slasaðist töluvert þegar jeppabíreið sem hann ók fór út af veginum í Hrútafirði í gær. Hann var einn í bílnum, meiddist á hálsi og hlaut einhver beinbrot. Hann var fluttur með sjúkralil til Reykjavíkur en er ekki í lífshættu.

Skotið á víta Skemmdarverk hafa verið unnin á Knarrarósvita við Stokks-eyri. Lögreglunni á Selfossi barst tilkynning um þetta í gær. Nokkuð margar rúður eru brotnar og svo virðist sem einhver hafi skotið á vitann með riffli.

VELFERÐ UMHVERFI NÝSKÖPUN



✓ „Tryggjum að Reykjavíkurflugvöllur verði áfram í Vatnsmýrinni.“

1 sæti

Ólafur F. Magnússon, læknir og borgarfulltrúi



Framkvæmdastjóri Svæðisskrifstofunnar í Reykjavík um boðað setuverkfall:

Lítil áhrif til að byrja með

FATLAÐIR Jón Heiðar Ríkharðsson, framkvæmdastjóri Svæðisskrifstofu fatlaðra í Reykjavík, telur að fyrirhugað setuverkfall á samþýlum um miðjan maí hafi lítil áhrif til að byrja með enda sé boðun þess kannski liður í áróðursstríði.

„En auðvitað er þetta háalvarlegt og í sjálfu sér er unnið að því að leysa deiluna fyrir þennan tíma þannig að setuverkfallið verði ekki að veruleika,“ segir Jón Heiðar.

Tæplega tvö hundruð íbúar eru á heimilum fyrir fatlaða á vegum svæðisskrifstofunnar í Reykjavík. Starfsmennirnir eru um eitt þúsund talsins, margir í hlutastarfi. Starfsstöðvarnar í Reykjavík eru vel yfir fjórutíu talsins en á landinu öllu eru þær um eitt hundrad.

„Ég hef svo sem ekki tilfinningu fyrir því hversu víðtækt þetta er. Við erum með margar starfsstöðvar sem eru sjálfstæðar þannig að það er ekki gott að meta hvort það verður almenn þátttaka á öllum vinnustöðunum eða ekki.“

Starfsmenn á heimilum fyrir fatlaða vilja að laun þeirra verði hækkuð til jafns við kjarasamninga starfsmanna sveitarfélaganna. Fyrir páska slitnaði upp úr kjaraviðræðunum en síðustu vikur hafa verið notaðar til útreikninga. Jón Heiðar vonast til að deilan leysist í maí.

- ghs

JÓN HEIÐAR RÍKHARÐSSON

„Það er ekki gott að meta hvort það verður almenn þátttaka á öllum vinnustöðunum eða ekki,“ segir Jón Heiðar Ríkharðsson, framkvæmdastjóri Svæðisskrifstofu fatlaðra í Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARÐUR



Árangur skiptir máli

Bylting í leikskólum

Tuttugu nýir leikskólar hafa verið byggðir á síðustu 12 árum. Yfir 90% barna njóta nú heilsdagsvistar.

Glæsilegir grunnskólar

Frístundaheimili eru nú komin í alla skóla og nemendur fá heitar skólamáltíðir. Næst á stefnuskránni er átak í uppbyggingu skólalóða.

Öruggari borg

Ofbeldisbrotum í miðborg Reykjavíkur fækkaði um 40% milli áranna 2000 og 2004. Slysum í umferðinni hefur snarfækkað.

Ánægðir borgarbúar

Níu af hverjum tíu borgarbúum eru samkvæmt Gallup ánægðir með þjónustu nýrra þjónustumiðstöðva.

Góð fjárhagsstaða

Skuldir borgarsjóðs á hvern íbúa eru þær langlægstu á meðal stærstu sveitarfélaga landsins og eignir meðal þess sem mest gerist.

Blússandi uppbygging

Á liðnu ári var hafin smíði á fleiri íbúðum í Reykjavík en nokkru sinni fyrr. Miðborgin iðar af lífi. Næst á dagskrá er bygging 6000 fjölbreyttra íbúða á eftirsóttum svæðum um alla borg.



Stefán Jón Halstein
Formaður borgarráðs. 3.sæti.

Dagur B. Eggertsson
Læknir og borgarastjóraefni
Samfylkingarinnar. 1.sæti.

Steinunn Valdís Óskarsdóttir
Borgarstjóri. 2.sæti



GENGIÐ			
GENGI GJALDMÍÐLA 05.05.2006			
KAUP SALA			
	Bandaríkjadalur	71,70	72,04
	Sterlingspund	132,61	133,25
	Evra	90,92	91,42
	Dönsk króna	12,19	12,262
	Norsk króna	11,687	11,755
	Sænsk króna	9,744	9,80
	Svissneskur franki	58,21	58,53
SDR		106,1	106,74
Gengisvísitala krónunnar			
126,0492			
HEIMILD: Seðlabanki Íslands			

Grunur um íkveikju í Krýsuvík:
Skáli brann til kaldra kola

LÖGREGLUMÁL Skáli skátafélagsins Hraunbúa í Krýsuvík brann til kaldra kola um núfuleytið í gærmorgun. Vegfarandi tilkynnti um brunann til lögreglu. Þegar lögreglumenn bar að garði skömmu síðar blöstu við þeim rjúkandi rústir. Tildrög brunans liggja ekki fyrir og er málið í rannsókn hjá lögreglu. Grunur leikur á að eldur hafi verið borinn að skálanum. - æþe

Vinnslustöðin áfram skráð:
Rjúfa eignar- tengsl við Stillu

SJÁVARÚTVEGUR Vinnslustöðin ætlar að vera áfram skrásett í Kauphöll Íslands þótt eignarhald í félaginu sé þröngt og viðskipti með hlutabréf þess lítill. „Þar birtist ekki vandi Vinnslustöðvarinnar sem slíkrar heldur sjávarútvegsins í heild sinni,“ sagði Gunnar Felixson, stjórnarformaður á aðalfundi Vinnslustöðvarinnar. Stjórnendur Vinnslustöðvarinnar hafa tekið þá ákvörðun að rjúfa krosseignartengsl við Stillu sem fer með fjórðungshlut í Vinnslustöðinni. Tap félagsins á fyrstu þremur mánuðum ársins nam 107 milljón- um króna samanborið við 459 milljóna króna hagnað í fyrra. Veiking krónunnar kom illa við fjármagnsliði sem voru neikvæðir um hálfan milljarð króna. - epa

BANDARÍKIN

Heróindaudið þrettán ára pilts Bandarískt par hefur verið ákært vegna þess að þrettán ára piltur lést af völdum of störs skammts af heróíni. Pilturinn fékk að gista heima hjá bróður konunnar í Shelton í Connecticut á föstudaginn. Hann fannst látinn daginn eftir.

Ný rannsókn um kynferðislegt ofbeldi gagnvart börnum:

Misnotkun minni en talið var

RANNSÓKN Samkvæmt nýrri viðamikilli rannsókn sem Barnaverndarstofa og Rannsóknir og greining kynntu á föstudaginn kemur fram að kynferðislegt ofbeldi gegn börnum er fátíðara en áður hefur verið talið. Niðurstöður rannsóknarinnar, sem var gerð í öllum framhaldsskólum landsins árið 2004 og byggist á svörum tæplega ellefu þúsund nemenda, gefa til kynna að átta til níu prósent barna að meðaltali hafi verið beitt kynferðislegri misnotkun. Þetta er töluvert minna en áður hefur verið haldið fram í umræðunni, eða um sautján prósent.

Bragi Guðbrandsson, forstjóri Barnaverndarstofu, telur niðurstöður þessarar rannsóknar áreiðanlegri en þær sem áður hafa komið fram. Úrtakið sé stórt og tölurnar séu á svipuðu reiki og í öðrum sams konar rannsóknum á Norðurlöndunum. Bragi segir jafnframt að tölurnar sem hafa verið í umræðunni, komi úr tíu ára gamalli rannsókn sem hann telur að hafi rannsakað málefnið út frá víðara sjónarmiði. Þar hafi viðmælendur verið á fullorðinsaldri og frekar verið að kanna hvort fólk hafi orðið fyrir kynferðislegri áreitni frekar en beinu kynferðislegu ofbeldi. - æþe



NÝ RANNSÓKN Hún bendir til að færri börn verði fyrir kynferðisofbeldi en áður var talið. Myndin er úr barnahúsi í Texas.

Lögregla verður sett í mál launasvvikara

Vinnumálastofnun á að fylgjast með því að lög séu ekki brotin á útlendingum á vinnumarkaði. Ef grunur kemur upp getur hún sent málið til lögreglu.

VINNUMARKAÐUR Vinnumálastofnun hefur nú fengið nýtt hlutverk og á meðal annars að fylgjast með því að farið sé eftir lögum á vinnumarkaði. Stofnun hefur heimild til að keyra saman gögn hinna ýmsu stjórnvalda til að sinna eftirlitinu. Gissur Pétursson forstjóri segir að stofnunin leiti til aðila vinnumarkaðarins, til dæmis samráðsnefndar ASÍ og SA, og hugsanlega lögreglu ef grunur vakni um að útlendingar séu ekki með lágmarkslaun. Að öðru leyti haldi verkalyðshreyfingin áfram sínu starfi á vinnumarkaðnum.

Atvinnurekendur eiga nú að tilkynna um ráðningu erlendra starfsmanna af EES-svæðinu og geta gert það rafrænt á vef Vinnumálastofnunar. Þeir verða að gera það innan tíu daga frá því ráðning átti sér stað. Íslensk kennitala viðkomandi starfsmanns verður að liggja fyrir þegar ráðning er tilkynnt.


Ráðningarsamningur verður að fylgja tilkynningunni og er sóst eftir upplýsingum um ráðningarkjör, fyrst og fremst þeirri krónutölu menn fá í laun, að sögn Unnar Sverrisdóttur, lögfræðings hjá Vinnumálastofnun, þannig að hægt sé að fylgjast með því hvort farið sé eftir lögum um lágmarkslaun.

Íbúar í öllum ESB-ríkjunum geta komið hingað til lands og leit að sér að vinnu í sex mánuði. Innan þriggja mánaða verða þeir að sækja um EES-dvalarleyfi. Samtímis hefur verið og verður að mestu skrífað fyrir vinnuafli frá þriðju ríkjunum, til dæmis frá ríkjum Asíu.

Atvinnuleyfum til íbúa nýrra



RAFRÆN TILKYNNING Vinnuveitendum er skylt að tilkynna ráðningu erlends borgara til Vinnumálastofnunar og er hægt að gera það á rafrænu formi. Þetta kom fram á blaðamannafundi nýlega.



aðildarríkja ESB hefur fjölgað verulega frá því í september á síðasta ári og má jafnvel tala um að flóð hafi orðið eftir að stjórnvöld ákváðu að einfalda afgreiðslu atvinnuleyfa, að sögn Gissurar Péturssonar, forstjóra Vinnumálastofnunar.

Samtals voru gefin út 3.965 atvinnuleyfi í fyrra. Ríflega 2.100 atvinnuleyfi voru gefin út síðustu fjóra mánuði ársins og komu 84 prósent þeirra í hlut nýju ríkjanna innan ESB en sextán prósent í hlut



ríkja utan ESB. Gissur telur að eftirspurnin sé að ná toppi. Nú fari að sjá fyrir endann á framkvæmdum á Kárahnjúkum og á næstu vikum nái fólksþörfin á Reyðarfirði hámarki. Umsóknum frá ríkisborgurum þriðja ríkis hefur að öllu jöfnu verið hafnað hér á landi frá því í september nema um sé að ræða fjölskyldutengsl eða aðstæður kalli á tímabundið atvinnuleyfi. Þar má því segja að um mismunun sé að ræða. ghs@frettabladid.is

Maður á sextugsaldri:

Sýknaður af hvolpsdrápi

DÓMSMÁL Maður á sextugsaldri var í Héraðsdómi Norðurlands í gær sýknaður af ákæru um að hafa grýtt chihuahua hvolpi í vegg með þeim afleiðingum að hvolpurinn hálsbrotnaði og drapst. Maðurinn var ákærður fyrir eignaspjöll og brot gegn dýra-verndunarlögum en þverneitaði að hafa skaðað hundinn og sagði hann hafa troðist undir þegar verið var að vísa gestkomandi manni á dyr. Atburðalýsing kæranda átti sér ekki stoð í framburði annarra og taldist því ósanna að maðurinn hefði drepjið hundinn. - sh



SORG Í ÍRAK Þessi kona fórnaði höndum eftir að bílasprengja sprakk í Karbala. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Mannskæðar sprengjuárásir:

Tugir manna fórust í gær

ÍRAK, AP Tugir manna fórust í sprengjuárásum í Írak í gær. Bílsprengja sprakk við rútustöð í hinni helgu borg Karbala og lést þar 21 og 52 slösuðust, allt óbreyttir borgarar. Ekki er vitað hverjir stóðu fyrir tilræðinu en súnnírar hljóðholir al-Kaída hafa áður beint spjótum sínum að sjúum sem búa í borginni.

Þá fórust átta manns þegar uppreisnarmaður ók bíl sínum, fylltum sprengiefni, að lögregluvarðstöð í Bagdad. Á laugardag fórust fimm Bretar með herþyrlu sem var skotin niður yfir Basra og kom til mikilla óeirða í borginni í kjölfarið. - gb

Verðbólgan í Svíþjóð:

Engin evra í Litháen

SVÍÞJÓÐ Litháar fá líklega ekki að taka upp evruna frá og með næsta ári þó að þeir uppfylli öll önnur skilyrði Myntbandalags Evrópu. Vefútgáfa Dagens Industri segir að þar sé verðbólgunni í Svíþjóð óbeint um að kenna.

Þegar land er tekið í Myntbandalag Evrópu má verðbólgan ekki að vera hærri en meðaltal þeirra þriggja landa sem eru með lægstu verðbólgunna. Hún var 2,63 prósent 2005-2006. Verðbólgan í Litháen er 2,7 prósent og þyrfti því að vera 0,7 prósentustigum lægri til að þeir fengju að taka upp evruna. - ghs

Samfélag í Reykjavík

Við vinstri-græn lítum svo á að þátttaka sé lykillinn að lýðræðislegu samfélagi. Þess vegna viljum við tryggja aðgengi allra að samfélaginu á forsendum hvers og eins.

Gott samfélag þarf á öllum að halda.

Kjósum til vinstri í vor.



VINSTRIHREYFINGIN
grænt framboð



Porleifur Gunnlaugsson
skipar 3. sæti



Sigurður B. Ragnarsson, veðurfræðingur

BLÍÐA UM ALLT LAND


Landsmenn ættu að hafa varann á og sólarvörnina við höndina því það verður léttskýjað um land allt og hitinn fer sennilega yfir 20 stiginn hér og hvar. Sumum þykir ekki ástæða til að spandera sólarvörninni hér heima en sannleikurinn er sá að sólin getur leikið húðina ansi grátt hér í norðrinu. Svo slag-orð dagsins er: upp með sólarvörnina

HÓFUDBORGIN Í DAG

Hægiviðri eða hafgola. Léttskýjað, hiti 15-18 stig

VEÐURSPÁ


um hádegi »




um hádegi »

Kaupmannahöfn	16°C hálfskýjað	London	13°C rigning
Billund	20°C hálfskýjað	Paris	17°C rigning
Oslo	24°C hálfskýjað	Frankfurt	22°C hálfskýjað
Stokkhólmur	21°C hálfskýjað	Madrid	21°C hálfskýjað
Gautaborg	21°C hálfskýjað	Friedrichshafen	18°C skúrir

» á morgun



» miðvikudagur



Alicante	25°C hálfskýjað
Róm	20°C hálfskýjað
New York	17°C léttskýjað
San Francisco	18°C hálfskýjað
Orlando/Florida	31°C þrumur

* Hitatölur sýna hæstu hitagildi. Vindhraði er í metrum á sekúndu.



Þú Group

Við lítum á viðskiptavini okkar sem mikilvægustu fjárfestinguna. Við aðstoðum þig við að sjá um fjármál heimilisins og fylgjumst með því að þú fáið alltaf það besta sem er í boði. Það er engin tilviljun að Sparisjóðurinn er með ánægðustu viðskiptavinina í bankakerfinu 7 ár í röð.

Við lögum okkur að þínum þörfum!

FILEN/SIA



SPARISJÓÐURINN
Vildarþjónusta



KJÖRKASSINN

Á að flytja Árbæjarsafn út í Viðey?

Já	33%
Nei	67%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Á að reisa innanlandsflugvöll á Lönguskerjum?

Segðu þína skoðun á Vísir.is



Bréf frá bin Laden:

Segir forseta rétt dræpan

PAKISTAN, AP Bréf, sem sagt er vera frá Osama bin Laden, gekk á milli manna í landamærahéruðum Pakistans í gær, rétt við Afganistan. Bréfritarinn segist þar biðja fyrir því að Mus-harraf, forseti Pakistans, verði ráðinn af dögum. Hann sé „þræll“ George W. Bush Bandaríkjaforseta.

Óljóst var þó hvort bin Laden væri raunverulegur höfundur bréfsins.

Bréfinu var dreift á meðal herskárra manna í Mir Ali, litlum bæ í héraðinu Norður-Waziristan, þar sem bin Laden gæti hugsanlega verið í felum.

- gb



OSAMA BIN LADEN

BÍLL DAGSINS

HYUNDAI SANTA FE DIESEL

Nýskr 01.05 - Sjálfskiptur - Ekinn 22 þús km. - Allt að 100% lán.



Verð
2.770.000,-

Ingvar Helgason **NOTAÐIR BÍLAR**

Opið: Alla virka daga kl. 9:00 - 18:00 og laugardaga kl. 12:00 - 16:00.



Samfylkingin | Reykjavík 2006



Fleiri íbúðir fyrir ungt fólk

*kynntu þér stefnuskrána
á www.xsreykjavik.is*

Oddný Sturludóttir
29 ára pianókennari
og rithöfundur, 5. sæti

Lögreglan í Keflavík þurfti í tvígang að skerast í leikinn á sama skemmtistaðnum:

Sparkað í höfuð dyravarðar

LÖGREGLA Lögreglan í Keflavík var kölluð út tvisvar með stuttu millibili að skemmtistaðnum H-punkti í fyrrinótt. Bæði útköllin voru vegna líkamsárása.

Í fyrra tilfellinu, sem varð laust fyrir klukkan þrjú, sparkaði varnarliðsmaður í höfuð dyravarðar þegar upp kom ósætti á milli þeirra við inngang skemmtistaðarins. Lögreglumenn sem komu á vettvang tóku ofbeldismanninn höndum og færðu á lögreglustöð þar sem hann var yfirheyrður.

Manninum var sleppt að lokinni yfirheyrslu en dyravörðurinn

mun ekki ætla að kæra árásina.

Um stundu síðar var aftur óskað eftir aðstoð lögreglu á veitingastaðnum.

Þá hafði ungur maður verið sleginn í höfuðið með flösku á dansgólfi staðarins. Maðurinn var fluttur á sjúkrahús þar sem gert var að sárum hans. Hann hlaut skurð á vinstra eyra.

Maðurinn var að sögn varðstjóra mikið ölvaður þegar árásin átti sér stað og gat ekki lýst ofbeldismanninum. Engin vitni að árásinni hafa gefið sig fram og árásarmaðurinn því enn ófundinn.

- æþe



LÖGREGLA Til átaka kom í tvígang á skemmtistað í Keflavík í fyrrinótt.

Bruni í gömlu Hampiðjunni:

Eldsupptök af manna völdum

BRUNI Eldur kom upp í Hampiðju-húsinu við Brautarholt í fyrrinótt. Þegar slökkvilið bar að garði var húsið fullt af reyk og gekk reyk-köfurum illa að finna eldinn í fyrstu, vegna stærðar hússins.

Við rannsókn kom í ljós að eldur hafði kviknað í ruslagami sem var fullur af pappír og logaði því glatt. Vel gekk að ráða niðurlögum eldsins og var húsið reykræst eftir að eldurinn var slökktur. Að sögn varðstjóra hjá slökkviliðinu hafa menn haft töluverðar áhyggjur af að eldur myndi koma upp í húsinu vegna þess að útgangsfólk hefur hafst þar við. Ekkert rafmagn er í þeim hluta hússins sem brann.

-æþe

Forsetakjör á Ítalíu

Ítalskir þingmenn og sveitarstjórnarmenn ganga til kosninga um forseta landsins í dag. Fylkingar Prodis og Berlusconi deila hart um arftaka Ciampis.

RÓM, AP Tvær meginfylkingar ítalskra stjórnmála deila nú hart um hver verði næsti forseti landsins. Nýkjörið þing landsins gengur til atkvæða í dag um það hver verður eftirmaður Carlos Azeglios Ciampis á forsetastólnum.

Romano Prodi og bandalag vinstriflokka unnu í þingkosningum í síðasta mánuði nauman meirihluta bæði í efri og neðri deild þingsins. Þeir hafa lagt til að næsti forseti verði Massimo D'Alema, fyrrverandi forsætisráðherra og leiðtogi stærsta flokksins í fylkingu Prodis.

Hægriflokkarnir, undir forystu Silvios Berlusconi, vilja hins vegar að næsti forseti verði Gianni Letta, náinn samstarfsmaður Berlusconi.

Í gær hélt Berlusconi því fram að D'Alema væri ómögulegur í embættið og hótaði því að stjórnarandstaðan myndi láta öllum illum látum framvegis í umræðum á þingi ef vinstriflokkarnir keyra það í gegn að D'Alema verði fyrir valinu.

„Tillagan um stjórnmálamann frá vinstriflokki er hreinlega ósiðleg,“ sagði Berlusconi við fréttamenn í gær. „Okkar frambjóðandi, frambjóðandi miðju- og hægriflokkanna, er Gianni Letta, og við krefjumst þess að atkvæðin falli honum í vil.“

Forsetinn hefur meðal annars það hlutverk að veita umboð til stjórnarmyndunar. Ciampi, sem lætur af embætti nú í maí, hefur sagt að hann vilji að eftirmaður hans í embætti veiti stjórnarmyndunarumboð, þannig að Prodi, sem er með meirihluta í þinginu, þarf að biðja eftir nýjum forseta til að geta myndað ríkisstjórn.

Á Ítalíu er forseti kosinn af þingmönnum og héraðsstjórnarmönnum, samtals um þúsund manns.

Aðrir stjórnmálamenn hafa



BRÁ SÉR Á VÖLLINN Forsetaefni vinstriflokkanna, Massimo D'Alema, sem er með sölgraugu hægra megin á myndinni, brá sér á völlinn í Róm í gær, daginn áður en forsetakjör fer fram.FRÉTTABLAÐIÐ/AP

einnig verið nefndir til sögunnar sem hugsanleg forsetaefni, þar á meðal Giuliano Amato, fyrrverandi forsætisráðherra, og Mario Monti, fyrrverandi framkvæmdastjóri hjá Evrópusambandinu.

Til þess að flækja málin enn frekar hefur Norðurbandalagið, samstarfsflokkur Berlusconi, sagt að leiðtogi þess ætti að verða næsti forseti og mun greiða honum atkvæði sín.

gudsteinn@frettabladid.is

Sjálfstæðismenn í Kópavogi kynna stefnumál sín:

Boða vöggustofu, óperuhús og skóla

SVEITARSTJÓRNARKOSNINGAR Sjálfstæðismenn í Kópavogi setja mál-efni fjölskyldunnar og eldri borgara á oddinn í stefnuskrá sinni fyrir komandi kosningar. Stefnuskráin var kynnt á fundi í gær. Fram kom að þeir hyggist koma á fót vöggustofum fyrir nýu til tutugu mánaða gömul börn og muni vinna að því að sem ódýrast verði fyrir barnafólk að búa í bænum.

Gunnar I. Birgisson bæjarstjóri segir að vel sé staðið að fjölskyldumálum í Kópavogi en alltaf megi gera betur. „Við höfum auðvitað dagmæður sem sjá um yngstu börnin en þær eru bara ekki nægilega margar, þess vegna bregðum við á það ráð að opna vöggustofur.“

Stefnt er að því að nýjar hjúkrunar- og öryggisbúðir fyrir eldri borgara við Boðahing verði tilbúnar á næsta ári, að unnið verði að því að afnema tekjutengingar lífeyrisbóta og að átak verði gert til að koma í veg fyrir félagslega einangrun eldri borgara.

Íþrótt- og æskulýðsmál skipa einnig stóran sess en fyrirhugað er að setja á stofn íþróttakademíu og framhaldsskóla við Vatnsenda, efla forvarnarstarf í skólum og byggja hesthúshverfi með reiðhöll á Kjóavöllum.

Að sögn Gunnars mun verða „best að búa í Kópavogi“ að næsta kjörtímabili loknu.

- sh



TVÍFLDUR Gunnar I. Birgisson segir að eftir næsta kjörtímabil muni verða best að búa í Kópavogi.



1. útdráttur:

Dregið á morgun!

HAPPDRAETTI
dæ
-vinningur í hverri viku

ISOBAND.IS
SOLUCIONES DE CABLEADO EN CABLEADO



VEISTU SVARIÐ

1 Hvað heitir stjórnarformaður Stoke City?

2 Hvaða íslenski óperusöngvari syngur fyrir Benedikt XVI páfa innan skamms?

3 Í hvaða eldfjalli vex „uggi“ um metra daglega?

SVÖR Á BLS. 38



BÚSKAPARLEGAR Ragnhildur Hreiðarsdóttir, Hlíf Sigurpálsdóttir, Auður Gauksdóttir og Elfa Guðmundsdóttir aðstoða daglega við sauðburðinn.

Frístundabændur á Húsavík:

Sauðburðurinn gengur vel

FIJÁRBÚSKAPUR Sauðburður stendur nú víða sem hæst, jafnt hjá frístundabændum sem fagmönnum. Þessar ungu húsvísku dömur hafa að undanförunu komið daglega í fjárhús Aðalsteins Á. Baldurssonar, formanns Verkalýðsfélags Húsavíkur, og tveggja félaga hans á Húsavík en saman halda þeir 35 kindur sér til gagns og gamans. Sauðburður hefur gengið vel þar á bæ og stúlkurnar fjórar verið duglegar að hjálpa til við búskapinn.

- kk

FINNLAND

Liggur ekkert á með Nato Forseti finnska þingsins, Paavo Lipponen, telur að Finnum liggi ekkert á að gera upp hug sinn varðandi inngöngu í Nato. „Við verðum að hugsa um öryggi þjóðarinnar og taka ákvörðun sem byggist á breiðri samstöðu,“ segir hann í finnska dagskrá um samskipti við Húfuðstadsbladet.

NOREGUR

Nýr formaður Framfaraflokksins Framfaraflokkurinn hefur fengið nýjan formann. Nýi formaðurinn heitir Siv Jensen og var hún kjörin formaður á landsþingi flokksins um helgina með öllum atkvæðum nema einu. Hún tekur við formennsku af Carl I. Hagen.

8

FRÉTTABLAÐIÐ

8. maí 2006 **MÁNUDAGUR**

Danir vilja efla eftirlit með innfluttum matvælum, einkum fuglakjöti:

Matareitranir æ algengari

DANMÖRK Matareitranir verða sífellt algengari í Danmörku og segja matvælasérfræðingar ástæðuna vera aukinn innflutningur á kjötvörum. Enda sé hærra hlutfall af innfluttu kjöti sýkt af salmonellu og kamflobakteríu en það danska.

Samkvæmt frétt Politiken í gær er tíu sinnum algengara að salmonella finnist í útlensku kjúklingakjöti en innlendu. Hefur innflutningur á fiðurfénaði aukist um rúm fimmtíu prósent síðastliðin tvö ár. Segir einn viðmælenda blaðsins að efla verði matvælaeftirlit í landinu af þessum sökum enda séu mun færri sýni tekin úr

innfluttu kjöti en dönsku. Á síðasta ári dóu tuttugu Danir vegna salmonellusýkingar.

Ráðherra neytendamála segir í viðtali við blaðið að eftirlit verði aukið ef sérfræðingar mælist til þess. Hann segir að nú þegar hafi verið gripið til ráðstafana vegna aukins innflutnings.

Samkvæmt nýrri skoðanakönnun sem gerð var meðal starfsfólks í dönskum matvælafyrirtækjum telur sjötiú prósent svarenda að eftirlit með matvælum hafi versnað síðustu ár.

- ks

MANNLÍF Á STRIKINU Tuttugu Danir létust af völdum salmonellusýkingar í fyrra.



Svíar eru spenntir fyrir Fréttablaðinu

Sænskur prófessor segir að gríðarlegur áhugi sé á Fréttablaðinu og útrásinni til Danmerkur í Svíþjóð. Útgefendur hringi nær daglega til að fá upplýsingar. Prófessorinn er hér á ræðismannaráðstefnu utanríkisráðuneytisins.

SVÍÞJÓÐ Prófessor í blaðamennsku við Háskólann í Jönköping, Lars-Åke Engblom, segir að gríðarlegur áhugi sé á útrás Fréttablaðsins og 365 sem fyrirtækis í Svíþjóð. Sænskir útgefendur fylgist grannnt með þróun mála og hringi í sig nær daglega til að fá upplýsingar um Fréttablaðið og þróunina á Íslandi.

Lars-Åke er hér á landi á sjöttu ræðismannaráðstefnu utanríkisráðuneytisins og hefur notað tækifærið til að kynna sér stöðuna á fjölmiðlamarkaði en hann stendur meðal annars að útgáfu bókar um norrænan fjölmiðlamarkað á næstunni. Sérkafla verður um Fréttablaðið og 365.

„Bókin mun heita Þróunin á norrænum fjölmiðlamarkaði. Í henni verða fjórir til fimm stórir kaflar og einn þeirra mun fjalla um það sem gerist á Íslandi, tilurð Fréttablaðsins og þýðingu ókeypis dagblaða með áherslu á Fréttablaðið,“ segir hann.

Á hinum Norðurlöndunum fylgjast menn með þróuninni á Íslandi af miklum áhuga, ekki bara í Danmörku þar sem fyrirhugað er að setja á stofn svipað blað og Fréttablaðið heldur líka í Svíþjóð og Noregi. Sérstaklega hafa menn áhuga á viðskiptamódelinu, að dreifa blaðinu til allra heimila og gefa það út sjö daga vikunnar.



LARS-ÅKE ENGBLOM í Svíþjóð verður á næstunni gefin út bók um norrænan fjölmiðlamarkað. Sérkafla verður um Fréttablaðið og þróunina á Íslandi. Lars-Åke Engblom er prófessor við Háskólann í Jönköping. Hann segir að Svíar hafi mikinn áhuga á útrás Dagsbrúnar til Danmerkur og útgáfu nýja blaðsins þar.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Það er mikill áhugi meðal sænskra blaðaútgefenda. Þeir horfa spenntir og að vissu leyti undrandi á það sem er að gerast á Íslandi. Þeir eru farnir að hafa mjög mikinn áhuga vegna þess að ef það heppnast vel í Danmörku þá er ekki stórt skref að stíga til Svíþjóðar ef eigendur Fréttablaðsins vilja koma blaði á fót í stórborgum Svíþjóðar. Þetta getur haft áhrif á allan dagblaðamarkaðinn í Svíþjóð,“ segir Lars-Åke.

Lars-Åke hefur búið og unnið á Íslandi og fylgist vel með því sem gerist hérna. „Ég fæ næstum dag-

lega símtal frá sænskum blaðaútgefendum sem hafa áhuga á að vita hvað sé eiginlega að gerast hér. Menn hafa líka áhuga á því að vita hvers vegna Morgunblaðið hefur svona marga áskrifendur þó að Fréttablaðið hafi haslað sér völl og hvert samspilið er milli Fréttablaðsins og Morgunblaðsins,“ segir hann.

„Hver er munurinn á innihaldiinu í Morgunblaðinu og Fréttablaðinu? Af hverju hefur fólk áhuga á að lesa ókeypis dagblað og kaupa samt áskrift að hefðbundnu dagblaði?“

- ghs

Ný heimasímaþjónusta Hive:

Boða aukna samkeppni

ÞJÓNUSTA Fjarskipta-fyrirtækið Hive býður nú upp á heimasímaþjónustu og segir í tilkynningu frá fyrirtækinu að með því sé boðuð aukin samkeppni á fjarskipta-markaði.

Hive heimasíminn er almenn símaþjónusta þar sem viðskiptavinum býðst að hringja frítt í alla heimasíma og ódýrar í farsíma. Auk þess segir í tilkynningunni að hægt sé að hringja á 75 til 93 prósentu lægra verði til útlanda.

Hive notast við nýjustu kynslóð fjarskiptakerfa sem byggja á IP tækni og eru að sögn mun hagkvæmari í uppbyggingu og rekstri.

-sh

Ný íbúasamtök í Mosfellsbæ:

Vilja vernda Varmá

SVEITARSTJÓRNARMÁL Ný íbúasamtök voru stofnuð í Mosfellsbæ í gærkvöld en markmiðið með þeim er að standa vörð um Varmá og nærumhverfi hennar frá upp-tökum til ósa.

„Byggð og stórar umferðarbrautir eru að hellast yfir okkur í Mosfellsbæ og það mun ganga nærri Varmá, menningarsögu-legum stöðum og dýrmætum útivistarstöðum,“ segir Berglind Björgúlfssdóttir einn forsvarsmanna samtakanna. „Sérstaklega er það fyrirhuguð tengibraut frá Vesturlandsvegi og að Álfossvegi sem við höfum áhyggjur af,“ bætir hún við.

Einnig munu samtökin berjast fyrir auknu íbúalýðræði, uppbyggingu útivistar- og íþróttasvæða við Varmá og að lífgað verði upp á bæjarlífið með úti-mörkuðum og menningartengdum atburðum.

-jse

Alvarlegt bílslys á Jótlandi:

Keyrði óvart á eiginkonu sína

DANMÖRK Áttatíu og fimm ára gamall maður á Jótlandi keyrði fyrir slysi á konuna sína á laugardag. Hafði konan farið út úr bílnum til að vísa manningum í staði þar sem honum gekk illa að leggja. Vildi ekki betur til en svo að maðurinn rann til á kúplingunni og keyrði á konuna. Klemmdist hún milli bílsins og húsveggs og fótbrotnaði illa.

Voru þau bæði lögð inn á sjúkrahús enda fékk maðurinn taugaáfall í kjölfar slyssins.

- ks

LEGACY

 SUBARU

Mest seldi fjórhjóladrifni bíllinn á Íslandi*



STADALBÚNAÐUR: 2.0 LÍTRA - 165 HESTÖFL, SÍTENGT FJÓRHJÓLADRIF, 17" ÁLFELGUR, HRAÐASTILLIR, TÖLVUSTÝRD LOFTKÆLING, KASTARAR Í STUÐARA OG MARGT FLEIRA.

Sjálfskiptur Sedan **2.540.000,-** Beinskíptur Sedan **2.370.000,-** Sjálfskiptur Wagon **2.690.000,-** Beinskíptur Wagon **2.560.000,-**

Ingvar Helgason

Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Opið: Mánudaga - föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 12:00–16:00

Umboðsmenn um land allt	Akureyri 461-2960	Selfossi 482-3100	Njarðvík 421-8808	Höfn í Hornafirði 478-1990	Reyðarfirði 474-1453
-------------------------	-------------------	-------------------	-------------------	----------------------------	----------------------

* Samkvæmt sölutölum Umferðarstofu 01/04 til 28/04 2006

Það fer ekki á milli mála að Íslendingar vita upp á hár hvaða bíll er bestur fyrir Ísland. Reynslan af Subaru Legacy við hinar erfiðu og óvenjulegu aðstæður hér á landi hefur gert bíllinn að samnefnara fyrir endingu, hörku og úthald. Það ætti enginn að kaupa sér bíl án þess að reynsluaka Subaru Legacy.

Í fljótu bragði virðast þessir GSM símar allir eins.

Gerðu verðsamanburð og kynntu þér hvað þú getur sparað mikið með því
að færa GSM símanúmerið þitt yfir til SKO, www.sko.is



	Síminn GSM frelsi	Og Vodafone GSM frelsi	SKO GSM þjónusta
Upphafsgjald	4,00 kr.	3,00 kr.	2,90 kr.
Hringt í farsíma innan sama kerfis	11,00 kr.	10,90 kr.	14,90 kr.
Hringt í farsíma hjá öðrum	23,00 kr.	23,10 kr.	14,90 kr.
SMS	10,00 kr.	10,70 kr.	4,90 kr.

14,90kr.
Mínútuverð

4,90kr.
SMS verð

0,00kr.
Mánaðargjald

SKO
Tala meira. Borga minna.



Ársfundur Lífiðnar 2006

Ársfundur Lífeyrissjóðsins Lífiðnar 2006 verður haldinn í dag, 8 maí, kl. 16:30 á Grand Hotel Reykjavík, Sigtúni.

Dagskrá

- 1 Venjuleg ársfundarstörf samkvæmt samþykktum sjóðsins
- 2 Atkvæðagreiðsla um samrunasamning
- 3 Önnur mál löglega upp borin

Aðildarfélögum sjóðsins hafa verið send fundarboð og eru þau beðin að tilkynna skrifstofu sjóðsins fyrir 4. maí n.k. hverjir verða fulltrúar þeirra á fundinum. Allir sjóðfélagar eiga rétt til setu á fundinum með tillögu- og málfrelsi.

Reykjavík, 7. apríl 2006, stjórn Lífeyrissjóðsins Lífiðnar.



B.SC. Í AUÐLINDAFRÆÐUM

www.unak/audlindafrædi



Umsóknarfrestur er til 5. júní. Umsóknareyðublöð, námsskrá og kynningarefni eru aðgengileg á www.unak.is.

Auðlindafræði við Háskólann á Akureyri er skemmtileg blanda af raunvísindagreinum og hagnýtum viðskiptagreinum. Hægt er að velja milli þriggja áherslusviða:

- Líftækni
- Sjávarútvegs- og fiskeldisfræði
- Umhverfis- og orkufræði

Spennandi valkostur

- Persónulegt umhverfi - góð tengsl milli nemenda og kennara
- Þverfaglegt nám - áhersla á náin tengsl við fyrirtæki sem og fræðilega nálgun við úrlausn verkefna
- Verkefnavinna - bæði hópverkefni og einstaklingsverkefni

NÝTT - Möguleiki á veglegum námsstyrk!

Nýnemar sem hefja raunvísindanám við HA, m.a. á sviði auðlindafræða, haustið 2006 geta sótt um styrk að upphæð 500.000 krónur frá fyrirtækinu Hugvit. Tveir styrkir verða veittir og við úthlutun verður m.a. litið til árangurs umsækjenda í raungreinum í framhaldsskóla.

Að námi loknu

Nemendur sem brautskrást með gráðu í auðlindafræðum eru vel búnir undir störf og framhaldsnám í alþjóðlegu og krefjandi umhverfi. Meðal þess sem brautskráðir nemendur starfa við eru ýmis stjórnunarstörf í sjávarútvegi, bankageiranum og hjá þjónustufyrirtækjum. Margir starfa einnig við ráðgjöf og markaðssetningu á vörum.



Gengur 2.200 kílómetra til styrktar krabbameinssjúkum:

Strandgangan hafin

SAMFÉLAGSMÁL Göngugarpurinn Jón Eggert Guðmundsson hóf seinni áfanga sinn í göngunni eftir strandvegum landsins á Egilsstöðum á laugardag.

Áður en hann lagði af stað gaf Álfheiður Hjaltadóttir, formaður Krabbameinsfélags Austfjarða, honum göngustaf að gjöf. Tilgangur gönguferðarinnar er að safna fé til styrktar Krabbameinsfélags Íslands auk þess sem Jón Eggert vill láta gamlan draum rætast.

Síðasta sumar gekk Jón Eggert tæpa þúsund kílómetra en hann ráðgerir að ljúka þessum seinni áfanga göngunnar á menningar-nótt, 19. ágúst næstkomandi.



GÖNGUGARPURINN LEGGUR AF STAÐ Jón Eggert Guðmundsson hóf strandgöngu-una á laugardag í miklu blíðskaparveðri.

Vegalengdin sem Jón Eggert ætlar að ganga í sumar er um 2.200 kílómetrar. Hann lýkur göngunni í Reykjavík.

-jse



REYNIR AÐ KOMAST Í GEGN Þessi ísraelski drengur reyndi hvað hann gat til að komast fram hjá ísraelsku landamæralögreglunni í Hebron þar sem hústökumenn höfðu verið reknir á brott.

FRÉTTABLAÐID/AP

Ríkisstjórn Olmerts sýnir klærnar:

Hústökumenn reknir frá Hebron

HEBRON, AP Ísraelskir lögreglumenn vopnaðir kylvum ráku ísraelska hústökumenn út úr þriggja hæða íbúðarhúsi í bænum Hebron á Vesturbakkanum í gær, sama daginn og Ehud Olmert flutti inn í forsætisráðherraskrifstofu sína og hélt fyrsta fund nýju ríkisstjórnarinnar.

Olmert hefur sagst ætla að rýma flestar byggðir landtökumanna á Vesturbakkanum. Með því að skipa lögreglumönnum að fjarlægja hústökufólkið í Hebron þykir hann hafa sýnt fram á að stjórnin ætli að standa við þessar fyrirætlanir.

Húsið í Hebron var rýmt á rúmlega tveimur klukkutímum. Lögreglan réðst inn í húsið eftir að hafa sagað í sundur styrkta málmurð.

Reynt var að fá hústökumennina, sem sumir voru með unga börn, til þess að yfirgefa húsið án átaka, og sumir samþykktu það.

Aðra þurfti að draga út úr húsinu, þar á meðal eina móður með lítið barn sem hágrét meðan lögreglumennirnir báru þau út.

Eftir að húsið hafði verið rýmt reyndu hústökumenn að komast aftur í gegnum raðir lögreglunnar. Kalla þurfti á liðsaka og allt í allt munu um sjö hundruð lögreglumenn og þúsund hermenn hafa tekið þátt í þessum aðgerðum.

Á fyrsta fundi ríkisstjórnar sinnar í gær sagði Olmert að það yrði höfuðverkefni stjórnarinnar að draga endanleg landamæri milli Ísraels og svæða Palestínumanna.

„Á næstu árum munum við breyta ásjón Ísraels til þess að tryggja að þetta verði ríki með traustum meirihluta Gyðinga sem búa innan verjanlegra landamæra sem geta tryggt íbúum Ísraels öryggi og aðskilið okkur frá þeim sem þurfa að lifa til hliðar við okkur en ekki á meðal okkar,“ sagði hann.

-gb

Eyðir engu, þannig séð

Bensíneyðsla er ómöguleg. Hún gengur ekki lengur. Skelltu bara i-Podinum í samband við græjurnar í Aygo og njóttu þín. Aygo eyðir engu, þannig séð.

Ofkeyrðu þig.

Engin útborgun & tryggingar innifaldar Aðeins 24.533 kr. á mánuði*

*Sértilboð Elísabetar og AYGO. M.v. 84 mánuði.

Innifalið er afborgun af láni, tryggingar (ábyrgðar- og kaskótrygging) og bifreiðagjöld á fyrsta tímabili.



AYGO

Það er gaman að keyra



www.aygo.is

Toyota
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570 5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460 4300

Toyota Reykjaneshæ
Njarðarbraut 19
Reykjaneshæ
Sími: 421 4888

Toyota Selfossi
Fosnesi 14
Selfoss
Sími: 480 8000



Stjórnmalamaður í Austurríki:
Kvaddi með
Hitlerskveðju

AUSTURRÍKI, AP Walter Sucher, félagi yst á hægri væng austur-ríska Frelsisflokksins, kvaddi með Hitlerskveðju á flokksþingi í Vínarborg í gær.

„Mig langar að ljúka þessari stuttu ræðu með kveðju sem er í raun okkar gamla kveðja,“ sagði hann og uppskar ákaft lófatak þegar hann sagði „Heil“.

Heinz-Christian Strache, formaður flokksins, sagðist ekkert hafa við þetta að athuga.

„Ég ferðast mikið um vestur-héröðin og hvar sem ég kem er mér fagnað með þessu orði,“ sagði Strache.

- gb

Runólfur Birgisson, bæjarstóri á Siglufirði, er á lista vinstrimanna:

Áfram í Sjálfstæðisflokknum

SVEITARSTJÓRNARKOSNINGAR Runólfur Birgisson, bæjarstjóri á Siglu-firði, skipar fimmta sæti H-listans, lista félagshyggjufólks og óháðra, í sameinuðu sveitarfélagi á Siglufirði og í Ólafsfirði. Hann er jafnframt bæjarstjóraefni listans, þrátt fyrir að hann sé flokksbundinn sjálfstæðismaður og hafi setið í bæjarstjórn Siglufjarðar, og á Alþingi, fyrir sjálfstæðis-flokkinn.

„Það vita það allir Siglufirðingar að ég er sjálfstæðismaður og þó ég sé nú á lista félagshyggjufólks og óháðra þá hef ég ekki hugsað mér að skrá mig úr sjálfstæðis-flokknum,“ segir Runólfur.

Í sveitarstjórnarkosningunum fyrir fjórum árum fékk Siglu-fjarðarlistinn fimm bæjarfulltrúa, hreinan meirihluta, og kom þar með meirihluta sjálfstæðis- og framsóknarflokks frá völdum. Siglufjarðarlistinn var skipaður vinstrimönnum og á miðju yfir-standandi kjörtímabili buðu þeir Runólfi bæjarstjórastólinn.

„Að þessu sinni var mér boðið að vera bæjarstjóraefni H-listans og nú ákvað ég að ganga alla leið og taka fimmta sætið á listanum, bar-áttusætið,“ segir Runólfur.

RUNÓLFUR BIRGISSON Vinstrimenn buðu Runólfi bæjarstjórastólinn á Siglufirði fyrir tveimur árum.



Fjórtán handteknir á Spáni:
Umfangsmikið
kókaínsmygl

SPÁNN Lögregla á Spáni hefur handtekið fjórtán manns sem hafa stundað skipulagt smygl á fleiri tonnum af kókaíni frá Dóminíska lýðveldinu til Spánar.

Hefur rannsókn málsins staðið lengi yfir en talið er að samtökin sem hinir handteknu tilheyra hafi smyglað megninu af því kókaíni sem borist hefur til Spánar undan-farin ár. Komið hefur í ljós að kókaíni hafði verið flutt með flugi í sérútbúnum tvöföldum ferða-töskum.

Hefur þeim tekist að beina fíkniefnahundum frá með því að geyma einnig í þeim tiltekna teg-und hollenskra osta.

- aðe



ÍSAFJARÐARBÆR

Sveitarfélagið Ísafjarðarbær varð til árið 1996 við sameiningu sex sveitarfélaga á norðanverðum Vestfirðum. Þetta voru Ísafjarðarkaupstaður, Suðureyrarhreppur, Þingeyrarhreppur, Flateyrarhreppur, Mosvallahreppur og Mýrahreppur.

Íbúafjöldi 1. des. 2005: 4.109

ÚRSLIT KOSNINGANNA 2002:
Fjöldi íbúa á kjörskrá: 2.801
Fjöldi greiddra atkvæða: 2.354 (84%)

Listi Nýs afls (A)
104 atkvæði - 0 fulltrúa
Listi Framsóknarflokksins (B)
401 atkvæði - 2 fulltrúa
Listi Sjálfstæðisflokksins (D)
810 atkvæði - 4 fulltrúa
Listi Frjálslyndra og óháðra (F)
307 atkvæði - 1 fulltrúa
Listi Samfylkingarinnar (S)
526 atkvæði - 2 fulltrúa
Listi Vinstrihreyfingarinnar græns framboðs (U)
149 atkvæði - 0 fulltrúa

Meirihlutasamstarf kjörtímabilið 2002-2006 er með Framsóknarflokki (B) og Sjálfstæðisflokki (D).

Fulltrúar B-lista í bæjarstjórn:
Guðni Geir Jóhannesson
Svanlaug Guðnadóttir



Fulltrúar D-lista í bæjarstjórn:
Halldór Halldórsson
Birna Lárusdóttir
Ragnheiður Hákonardóttir
Ingí Þór Ágústsson



Fulltúi F-lista í bæjarstjórn:
Magnús Reynir Guðmundsson



Fulltrúar S-lista í bæjarstjórn:
Lárus G. Valdimarsson
Bryndís Friðgeirsdóttir



KOSNINGAR 2006
Efstu menn B-lista, Framsóknarflokks:
1. Guðni Geir Jóhannesson, bæjarfulltrúi og framkvæmdastjóri
2. Svanlaug Guðnadóttir, bæjarfulltrúi og hjúkrunarfræðingur
3. Albertína Elíasdóttir, forstöðu-maður
4. Björgmundur Örn Guðmundsson, forstjóri
5. Gísli Jón Kristjánsson, skipstjóri



Efstu menn D-lista, Sjálfstæðisflokks:
1. Halldór Halldórsson, bæjarstjóri, Ísafirði
2. Birna Lárusdóttir, fjölmiðlafræðingur, Ísafirði
3. Gísli H Halldórsson, fjármálastjóri, Ísafirði
4. Ingí Þór Ágústsson, hjúkrunarfræðingur, Ísafirði
5. Niels R. Björnsson, rekstrarstjóri, Ísafirði



Efstu menn Í-lista, sameiginlegs framboðs Vinstrihreyfingarinnar græns framboðs, Samfylkingarinnar og Frjálslyndra og óháðra:
1. Sigurður Pétursson, sagnfræðingur og kennari
2. Magnús Reynir Guðmundsson, bæjarfulltrúi
3. Arna Lára Jónsdóttir, stjórnmálafræðingur og verkefnis-stjóri

Getur verið að þú
sért með ofnæmi?

Byrjar þú að hnerra um leið og allt fer að lifna við á vorin?
Þannig er um marga án þess að þeir átti sig á því að um ofnæmi geti verið að ræða.



Lóritín og Histasín
fást án lyfseðils

Það er engin ástæða til að láta sér liða illa
á besta tíma ársins.

Komdu og fáðu ráðgjöf hjá okkur.



Lóritín 10 mg töflur. Hver tafla inniheldur 10 mg Loratadin. Notkunarsvið: Lóritín inniheldur virka efnið lóratadín sem hefur kröftuga og langvarandi verkun við algengustu tegundum ofnæmis. Lyfið er ætlað við frjókorna- og dýraofnæmi, sem og ofnæmi af völdum rykmaura. Varúðarreglur: Gæta þarf sérstakrar varúðar hjá börnum með alvarlega nýrna- og lifrarsjúkdóma. Sjúklingar með skerta lifrarstarfsemi þurfa minni skammta. Aukaverkanir: Lóritín polist yfirleitt vel en algengustu aukaverkanirnar eru munnþurrkur og höfuðverkur. Svími getur einnig komið fyrir. Skömmtnun: Ein tafla af Lóritíni er tekin daglega. Börnum 2–14 ára sem eru undir 30 kg að þyngd nægir hálf tafla á dag. Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 2ja ára. Lesið vandlega leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. 13.07.04 Histasín 10 mg töflur. Hver tafla inniheldur 10 mg Cetirizin. Notkunarsvið: Histasín er ofnæmislyf. Histasín virkar gegn öllum algengustu tegundum ofnæmis, svo sem frjófnæmi og rykofnæmi. Histasín er líka notað við ofnæmisbólgu í nefi og ofnæmiseinkennum eins og útbrotum og kláða. Varúðarreglur: Lyfið getur dregið úr viðbragðsflýti og skal það haft í huga við akstur og nákvæmnis-vinnu. Aukaverkanir: Einstaka sinnum veldur lyfið munnþurki og syfu. Skömmtnun: 1 tafla á dag fyrir fullorðna og börn frá 12 ára aldri. Börnum 6–12 ára sem eru undir 30 kg að þyngd nægir hálf tafla á dag. Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 6 ára. Lesið vandlega leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. 13.07.04



Ótakmör í alla heima

HiveHeimasími **990 kr.** á mánuði

Nú getur þú fengið heimasíma hjá Hive. Þú getur talað eins oft og eins lengi og þú vilt í alla heimasíma innanlands. Þú borgar lægra mínútuverð í GSM, lægra mánaðargjald og frá aðeins 4.90 kr. á mínútu til útlanda. Það er ekkert mál að skipta og þú getur haldið símanúmerinu þínu. Þetta færðu allt ef þú ert með heimasíma og ADSL hjá Hive. **Hefur þú frá miklu að segja?**

Hive.is Grensásveg 16, Reykjavík. Þjónustusími: 414 1616 hive@hive.is

kuõ smtl asma




JNSSON & LE MACQS • Jlis Lsam, Syonni Spalght

Hive



Svona erum við

> Fjöldi hrossa á Íslandi



Heimild: Hagstofa Íslands

baksvið

fréttir og fróðleikur

FBL-GREINING: AMNESTY INTERNATIONAL

Alþjóðleg mannréttindasamtök

Pyntingar eru alltaf reglulega í fréttum og nú er ljósinu varpað á meintar pyntingar Bandaríkjamanna á föngum sínum. Þessar pyntingar eru talðar eiga sér stað í Afganistan, fangabúðum á Kúbu og í Írak. Þau samtök sem vekja athygli heimsbyggðarinnar á þessu eru alþjóðlegu mannréttindasamtökin Amnesty International.

Hver er sagan á bak við Amnesty International?

Í byrjun sjöunda áratugs síðustu aldar voru tveir portúgalskir stúdentar dæmdir í sjö ára fangelsi fyrir að lyfta glösum til heiðurs frelsinu. Þessi saga vakti svo mikinn hrylling hjá breska lögfræðingnum Peter Benenson, að hann skrifaði til blaðsins The Observer og hvatti til alþjóðlegrar herferðar til stuðnings þeim sem hann kallaði „gleymsdu fangana“. Þann 28. maí 1961 hóf blaðið þátttöku í herferðinni „Appeal for Amnesty“ (ákall um sakaruppgjöf), þar sem

fólk um heim allan var hvatt til að mótmæla því að menn og konur væru fangelsuð fyrir stjórnmála- eða trúarskoðanir. Þannig varð til hugtakið „samviskufangi“. Innan mánaðar höfðu meira en þúsund lesendur sent bréf til stuðnings við herferðina, boð um hjálp og frekari upplýsingar um fleiri samviskufanga. Innan sex mánaða hafði þessi herferð þróast og orðið að varanlegri alþjóðahreyfingu. Innan árs höfðu þessi nýju samtök sent sendinefndir til fjögurra landa til að tala máli fanga og málin, sem samtökin fengust við, orðin 210. Þá þegar höfðu félagar stofnað landsdeildir í sjö löndum. Árið 1977 var Amnesty International veitt friðarverðlaun Nóbels fyrir starf sitt að mannrétt-

indum. Ári síðar fengu samtökin Mannréttinda-verðlaun Sameinuðu þjóðanna.

Hverjar eru grundvallarreglur samtakanna?

Grundvallarreglur samtakanna fjalla um hlutleysi og sjálfstæði og hefur mótað starf Amnesty International frá upphafi. Lögð hefur verið áhersla á mannréttindavernd einstaklinga um heim allan. Með auknum umsvifum Amnesty International var aukið við starfssvið samtakanna og auk mannréttindabrota á samviskuföngum fóru samtökin að fást við pyntingar, „mannshvörf“ og dauðarefsingar. Heimild: Amnesty.is



SPURT & SVARÐ

ÁRBÆJARSAFN

Missir að Árbæjarsafni

Minjavernd og Þyrping hafa kynnt hugmyndir um að flytja húsasafnið í Árbæ út í Viðey.

Hvert er hlutverk Árbæjarsafns? Árbæjarsafn er úti-safn, þar eru varðveitt gömul hús, sem hafa mikið gildi sem vitnisburður um byggingarlist, sögu og menningu borgarinnar. Með sýningum í safnhúsum og ýmiss konar fræðslustarfi er fólki gefin sýn inn í líf íbúa Reykjavíkur á fyrri tímum.

Er Árbæjarsafni betur fyrirkomið í Viðey? Það verður ekkert Árbæjarsafn



GUÐNÝ GERÐUR GUNNARSDÓTTIR borgarminjavörður

í Viðey. Árbæjarsafn hlýtur alltaf að vera þar sem Árbær-inn er, hann er upphafið að Árbæjarsafni og hann verður ekki fluttur. Safn sem er annars staðar er eitthvað annað. Það kæmi vel til greina að koma á fót húsasafni í Viðey en það ætti þá að gera það á forsendum þeirrar sögu sem gerst hefur í Viðey. Það væri hægt að stofna safn með sömu markmiði úti í Viðey, að varðveita og miðla fróðleik um sögu borgarinnar, en Árbæjarsafn er hér í Árbæ. Mér þætti mikill missir að Árbæjarsafni eins og það er núna.



Pyntingar og leyniflug

Þrálátar ásakanir um pyntingar, leynileg fangelsi og leynilegt flug með fanga á vegum bandarísku leyniþjónustunnar eru þessa dagana mjög til umræðu bæði austan hafs og vestan.

Í lok síðustu viku sátu fulltrúar Bandaríkjastjórnar fyrir svörum í höfuðstöðum Sameinuðu þjóðanna í Genf. Þeir þurftu að gera grein fyrir því hvernig bandarísk stjórnvöld hefðu staðið sig í að framfylgja ákvæðum alþjóðasamnings gegn pyntingum eða annarri grimmilegri og ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu. Sá samningur gekk í gildi árið 1987.

Á fundinum staðfesti Charles Stimson, aðstoðarvarnarmálaráðherra Bandaríkjanna, að alls hefðu 120 fangar látist í bandarískum fangelsum í Írak og Afganistan, en enginn hefði látið lífið ífangabúðum Bandaríkjahers við Guantanamoflóa á Kúbu. Hann tók einnig fram að flestir fangarnir hefðu ýmist látist af eðlilegum orsökum, vegna sára sem hlutust í bardaga eða vegna árása sem þeir urðu fyrir í fangelsinu frá hendi annarra fanga.

Bandarískir embættismenn höfðu áður viðurkennt að 29 þessara 120 fanga, sem létu lífið í Írak og Afganistan, hefðu látist af völdum slæmrar meðferðar sem þeir urðu fyrir í fangelsunum. Stimson fullyrti hins vegar að þessi 29 til-

vik hefðu öll verið ítarlega rannsökuð og þegar hefði verið „gripið til viðeigandi ráðstafana“.

Skaðar samskiptin við Evrópu

John B. Bellinger, lögmaður í bandaríska utanríkisráðuneytinu, fór fyrir bandarísku fulltrúanefndinni á þessum fundi. Hann sagðist ekki geta svarað öllum spurningum varðandi þessi mál, en fullyrti að Bandaríkjastjórn væri umhug- að um að fara að alþjóðasamning- um um meðferð fanga.

„Ég vil biðja ykkur um að trúa ekki öllum ásökunum sem þið hafið heyrt. Ásakanir um athafnir bandarískra hermanna eða njónsara hafa vaxið svo úr öllu valdi að fáránlegt er,“ sagði hann.

Á fimmtudaginn hafði Bellinger sagt að allar þessar ásakanir væru farnar að skaða samvinnu milli Bandaríkjanna og Evrópu í njónsna- málum.

„Þessi læti út af fangaflutning- um, og sérstaklega lætin út af flugi- nu einu, þegar gefið er í skyn að flugið eitt sé einhvern veginn ekki við hæfi, er nú þegar farið að grafa undan samstarfi um upplýsinga- þjónustu,“ sagði Bellinger við blaðamenn í Brussel, áður en hann hélt til höfuðstöðva Sameinuðu þjóðanna í Genf.

„Næst gæti svo farið að Banda- ríkin verði treg til að flytja fólk til Evrópu eða skiptast á upplýsing- um,“ sagði hann.

Lagasetning í Bandaríkjunum

Bellinger neitaði því þó ekki að flugvélar í leynilegum erinda-

gjörðum á vegum CIA hefðu komið við í Evrópulöndum. Hann hélt því ekki heldur fram að aldrei hefðu verið fangar um borð í vélunum, en fullyrti þó að fangar hefðu ekki alltaf verið um borð. Hann sagði vel mögulegt að í flugvélunum hefðu verið njónsnarar og sérfræð- ingar í baráttunni gegn hryðju- verkum eða jafnvel sönnunar- gögn.

Annar fundur verður haldinn í Genf í dag þar sem bandarísku fulltrúarnir svara nánar munnleg- um spurningum frá fulltrúum Sam- einuðu þjóðanna.

Í dag heldur síðan af stað til Bandaríkjanna hópur evrópskra þingmanna sem ætla að hitta að máli ýmsa ráðamenn, embættis- menn og blaðamenn til þess að varpa ljósi á hvað hæft er í þessum ásökunum.

Í Bandaríkjunum hafa þessi mál einnig verið mjög til umræðu í vetur, allt frá því að dagblaðið Washington Post skýrði frá því að leyniþjónustan CIA hefði flutt fanga milli landa og notað til þess flugvelli í Evrópulöndum.

Á síðasta ári setti Bandaríkja- þing lög sem banna grimmilega, ómannúðlega eða niðurlægjandi meðferð á föngum. Það var John McCain öldungadeildarþingmaður sem átti frumkvæðið að þessu laga- ákvæði, en hann er fyrrverandi stríðsfangi frá Víetnam þar sem hann mátti sjálfur seta pyntingum á sínum tíma. Lögin voru nánast einróma samþykkt í deildinni.

Jafnframt þessu hugðist þingið samræma þær aðferðir sem bandarískir hermenn beita við yfir- heyrslur, en sú vinna hefur dregist mjög á langinn. Það sem þing- nefndin vill, er að Bandaríkjastjórn gefi út lögfræðilegt álit sitt á því „hvort tiltekna yfirheyrsluáðferð- ir teljist grimmilegar, ómannúð- legar eða niðurlægjandi“.

Deilur um handbók

Jafnframt var hugmyndin sú að gera bandarískum embættismön- num skylt að fara í einu og öllu eftir handbók bandaríska hersins, þar sem gefnar eru ítarlegar leiðbein- ingar um yfirheyrsluáðferðir. Unnið var að því að uppfæra hand- bókinu, en þeirri vinnu er ekki lokið.

Rætt var um að birta ekki opin-



MÓTMÆLI Í GRIKKLANDI Víða um Evrópu hefur verið efnt til mótmæla gegn pyntingum, sem Bandaríkjamenn eru sakaðir um að hafa stundað í stríði sínu gegn hryðjuverkum. Þessi mynd er tekin á mótmælafundi á vegum Amnesty International í Apenu í síðustu viku.

FRÉTTABLAÐIÐ/AFP



Gólfþvottavélar

BD-BR 55/60 W BAT
2475m²/klst.

BD-BR 700 BAT
3400m²/klst.

BR 400
400m²/klst.

Keflaburstar BR
Diskaburstar BD
Patsar

RAFVER HF
Ending og þjónusta

SKEIFAN 3E-F - 108 REYKJAVÍK
SÍMI 581 2333 / 581 2419
RAFVER@RAFVER.IS - WWW.RAFVER.IS

STARFSNÁM

Tollskýrslugerð

Hagnýtt og ítarlegt námskeið í gerð tollskýrslna, um meðferð allra innflutningskjala og allar helstu reglur er varða innflutning. Á námskeiðinu er notað nýtt og sérútbúið kennsluefni, kennslubók og ítarefni. Einnig er kennt að nota forrit í tollskýrslugerð í Navision frá Maritech.

Að námskeiði loknu eiga þátttakendur að geta;

- Þekkt fylgiskjöl með vörusendingum og hvaða tilgangi þau þjóna
- Gert tollskýrslur og reiknað út aðflutningsgjöld
- Notað tollskrána til að tollflokka vörur
- Haft grunnskilning á fríverslunarsamningum og gildi þeirra
- Þekkt helstu reglur varðandi innflutning, innflutningstakamarkanir og undanþágur



Lengd: 21 kennslustund. Kennt er þriðjudaga og fimmtudaga og er hægt að velja um morgunnámskeið kl. 8:30 - 12:00 eða kvöldnámskeið kl. 18:00 - 21:30. Hefst 16. maí og lýkur 30. maí. Verð: kr. 28.000,- (Allt kennslu- og ítarefni innifalið)



TÖLVUSKÓLINN
PEKking

Faxafen 10 • 108 Reykjavík • Sími: 544 2210 • www.tsk.is • skoli@tsk.is



BRUNAD Á BRETTINU Brimbrettafólk skellti sér í sjóinn úti fyrir strönd Florida í Bandaríkjunum á dögunum enda aðstæður til brettaíðkunar hinar ákjósanlegustu. FRÉTTABLAÐID/AP



MÁLIN RÆDD Í SVISS Bandaríska sendinefndin situr þarna andspænis fulltrúum Sameinuðu þjóðanna í höfuðstöðvum þeirra í Genf. Myndin var tekin á föstudaginn þegar Bandaríkjamenn sátu fyrir svörum um frammistöðu sína við að framfylgja ákvæðum alþjóðasamnings gegn pyntingum. FRÉTTABLAÐID/AP



JOHN B. BELLINGER Lögfræðingur bandaríska utanríkisráðuneytisins neitar því ekki að fangar hafi verið um borð í sumum flugvélanna, sem flogið hefur verið með leynd á vegum CIA til Evrópulanda. FRÉTTABLAÐID/AP

berlega einn kafla handbókarinnar, heldur yrði hann leynilegur. Þar væri að finna ítarlegar leiðbeiningar um hvað væri leyflegt í yfirheyrslum. Til dæmis hve lengi er heimilt að láta fanga sitja eða standa í ákveðnum stellingum, eða nákvæmlega hve heitt eða kalt megi vera í fangaklefunum.

Í síðustu viku vörðuð hins vegar repúblikaninn John Warner, sem er formaður nefnarinnar, og Carl Levin, sem er í forsvari fyrir demókrötum í nefndinni, bandaríska hermálaráðuneytið við því að ef hluti handbókarinnar væri leynilegur þá gæti hæglega vaknað grunur um að Bandaríkin væru að brjóta bæði alþjóðalög og sín eigin lög um meðferð fanga.

Þessa dagana eru yfirmenn í hermálaráðuneytinu að ræða sín á milli um það hvort og þá hvaða hlutar handbókarinnar verði leynilegir. Sú umræða hefur nú tafið birtingu handbókarinnar.

Samkvæmt handbókinni er heimilt að blekkja, hræða og espa fanga með ólíklegustu aðferðum til þess að fá frá þeim upplýsingar, en þó er bætt við þeim fyrirvara að ekki megi brjóta gegn ákvæðum Genfarsáttmálanna.



BAKSVIÐ
.....
GUDSTEINN BJARNASON
gudsteinn@frettabladid.is


MESTA ÚRVAL LANDSINS

AF GLÆSILEGUM HJÓLHÝSUM OG HÚSBÍLUM



VIÐ TÖKUM VAGNINN ÞINN STRAX UPPÍ NÝJAN
GÆÐI OG GÓÐ ÞJÓNUSTA!

Arnar Krístín www.vikurverk.is TANGARHÖFÐA 1 SÍMI 557 7720



Nýr vefur - flugfelag.is

500 sæti á aðeins 1.000 kr.*

Við höfum opnað nýjan, glæsilegan og aðgengilegan vef á flugfelag.is

Bókanir, upplýsingar, nettilboð og margt fleira.

Taktu flugið beint inn á flugfelag.is

*Ferðatímabil 8. - 14. maí - takmarkaður sætafjöldi.

árshátíð - menning - áskorun - hópefji - hvíld - djamm - samstaða - óvissa - upplifun - ævintýri - félög - klúbbar - vinir -

FLUGFÉLAG ÍSLANDS

Taktu flugið



skoðun

SJÓNARMÍÐ
KÁRI JÓNASSON

Miklar breytingar á bresku stjórninni:

Fjarar undan Blair í Bretlandi

Fátt þykir benda til annars að margra mati en að dagar Tonys Blair á forsætisráðherrastóli í Bretlandi séu á enda innan nokkurra mánaða. Hann hefur oft á undanfórnum mánuðum sagt að þetta sé síðasta kjörtímabil hans sem forsætisráðherra, en ekki viljað gefa upp hvenær hann yfirgefi Downing Street 10. Andstæðingar hans innan flokksins hafa nú krafist tafarlausrar yfirlýsingar um brottförina. Eftir ósigur Verkamanna-flokksins í sveitarstjórnarkosningunum í Bretlandi á fimmtudag gerði Blair strax miklar breytingar á stjórn sinni, en margir efast um að það dugi honum til að Verkamannaflokkurinn nái flugi á ný. Í breskum fjölmiðlum hefur föstudagsmorgunninn verið kallaður „morgunn hinna löngu hnifa“ og er þá vitnað til ársins 1962 þegar þáverandi forsætisráðherra, Harold Macmillan, lét sex ráðherra fara á einu bretti. Tony Blair virðist hafa verið búinn að gera ráð fyrir hvernig færi í kosningunum nú, því strax á föstudagsmorgun kallaði hann ráðherrana hvern á fætur öðrum á sinn fund og tilkynnti þeim um örlög þeirra. Það mátti lesa á svipbrigðunum í andlitum þeirra þegar þeir komu út af fundi hans í forsætisráðherrabústaðnum, hver þau hefðu verið, að sögn breskra fjölmiðla. Við aðstæður sem þessar ríkja sterkar breskar hefðir, því það mun ekki vera til síðs að boða fyrst fund í flokknum eða þingflokknum og tilkynna þar um breytingar á ríkisstjórninni, eins og venja er hér, heldur er það forsætisráðherrann einn og nánustu samstarfsmenn hans sem fjalla um breytingarnar sem síðan eru tilkynntar viðkomandi. Þetta þætti ekki lýðræðislegt víða annars staðar, en svona er þetta í Bretlandi.

Meðal fjölmargra breytinga sem Tony Blair hefur nú gert á ríkisstjórn sinni, vekur mesta athygli að Jack Straw er ekki lengur utanríkisráðherra heldur er sá mikli málaflokkur nú í höndum Margrétar Beckett, sem hefur setið óslitið í ríkisstjórninni frá 1997 og gegnt þar ýmsum embættum. Hún á langan stjórn-málaferil að baki og var meira að segja samstarfsmaður Har-olds Wilson á sínum tíma. Hún var talin mjög vinstrisinnuð á sínum tíma, þótt það hafi kannski elst af henni með árunum. Nú verður það hlutverk hennar að vera í forystu fyrir Breta á alþjóðavettvangi. Hún er fyrsta konan til að gegna þessu veigamikla embætti í Bretlandi, og prófauun hennar verður líklega í dag í New York, þegar hún hittir aðra stórveldautanríkisráðherra á fundi þar um Írans-málið. Það var einmitt það mál sem þeir Tony Blair og Jack Straw voru ekki alveg sammála um.

Það er ljóst af skipan hinnar nýju stjórnar í Bretlandi, að ekki hefur verið hlaðið undir stuðningsmenn Gordons Brown fjár-málaráðherra, þess manns sem almennt hefur verið talið að muni taka við af Blair. Sagt er að forsætisráðherrann hafi ekki ráðfært sig mikið við Brown um þær breytingar á ríkisstjórninni sem gerðar voru á föstudagsmorguninn. Hann hafi þvert á móti leitt fram hugsanlega keppinauta hans sem leiðtoga eins og Alan John-son sem nú verður menntamálaráðherra, en það embætti er jafn-an í hávegum í Bretlandi. Fyrir utan nýjan utanríkisráðherra, var það einkum innkoma Charles Clark innanríkisráðherra sem vakti mikla athygli við ráðherrabreytingarnar. Hann hefur sætt miklu ámæli vegna erlendra fanga þar í landi og átti kost á tveimur öðrum ráðherraembættum, en hann sat við sinn keip og sagði að fyrst forsætisráðherrann treysti honum ekki fyrir innanríkis-ráðuneytinu, færi hann ekki að taka við öðrum ráðherrastöðum. Hann er líka einn af fáum ráðherrum, fyrrverandi og verðandi, sem hafa yfirhöfuð tjáð sig um þessar miklu breytingar á bresku stjórninni, ólíkt því sem gerist í mörgum öðrum löndum.

TÍMI TIL AÐ HITTAST

Viltu fá frambjóðendur í heimsókn?

Á þessu kjörtímabili hafa sjálfstæðismenn í Reykjavík farið í vel á þriðja hundrað heimsóknir til vinnustaða, fyrirtækja, skóla, stofnana og félagasamtaka.

Þessar heimsóknir halda nú áfram daglega fram að kosningum.

Hafið samband í síma 5151777 eða sendið póst á disa@xd.is

[betri borg.is](#)



Gamla heygarðshornið

Undir viðhorfspistli Andrésar Magnússonar, blaðamanns í Blaðinu, síðast-liðinn fimmdag um skipulagsmál og R-listann er hinn daglegi höfundarlausipistill sem ber nafnið „Klippt og skorið“. Eitthvað var sá er þar hélt fimlega á penna úfinn í skapi í garð Jóns Baldvins Hannibalssonar sem skrifað hafði minningargrein í Morgunblaðið um bandaríska hagfræðinginn John Ken-neth Galbraith. Gerir höfundur lítið úr hagfræði Galbraiths og aðdáun Jóns Baldvins á honum. Parna eru rekin hornin í Jónana tvo frá hægri, enda til kallaður Milton Friedman, átrúnaðar-goð nýfrjálsbyggjunnar. „Hann var ekki hagfræðing-



FRÁ DEGI TIL DAGS

ur heldur predikari,“ skrifar höfundur pistilsins um Galbraith.

Hvað heitir hann?

Einhvern veginn hljómar málflutningurinn kunnuglega. Er það Hannes Hólmsteinn Gissurarson sem heldur á pennanum? En hann vinnur ekki á Blaðinu, er það? En samt. Í ritinu „Markaðsöfl og miðstýring“ sem Hannes Hólmsteinn gaf út 1988, og kannski er kennt í stjórnmalakóla Sjálfstæðisflokksins, er fjallað um Galbraith í sama tóni, enda hafði Galbraith ekki verið frjálsbyggjumönnum sérlega þægilegur. Í bók Hannesar stendur orðrétt á blaðsíðu 128: „Menn misskilja Galbraith hrappallega, ef þeir halda, að hann sé vísindamaður. Hann er umfram allt predikari og spámaður.“ Kannski heitir höfundur dálksins í Blað-



inu Andrés Gissurarson.

Skoðanamyndun

„Sá agi sem iðnaðurinn útheimtir, verður siðakerfi samfélagsins. Öll önnur markmið okkar í lífinu verða almennt álitin hegðomleg, lítillvæg eða andfélagsleg. Við verðum andlega ofurseldir þjónar iðnaðarins.“ Þannig skrifaði Galbraith í „Iðnriki okkar daga“ fyrir 40 árum. Prófum að setja orðið „stóriðja“ í staðinn fyrir „iðnaður“: „Sá agi sem stóriðjan útheimtir verður siðakerfi samfélagsins.“ Vel að merkja: Þarf ekki að fara að setja rithöfundalög á Andra Snæ Magnason? Hann er áreiðanlega með meira en þriðjung lesendamarkaðarins í andranni með bók sinni „Draumalandið“.

johannh@frettabladid.is

Vetur án RÚV

Á útmánuðum átti fjölskyldan helgi í sumarbústað. Þar var að finna örliðið sjónvarpstæki sem náði einni stöð. Eftir fréttir á laugardagskvöldi horfðum við á Ríkissjónvarpið og allt í einu rann upp fyrir mér að ég hafði ekki horft á RÚV í heilan vetur.

Á þessu voru skýringar: Eftir heilan dag af fréttum á NFS og Rás eitt er maður orðinn fréttamettur klukkan sjö og matartími auk þess genginn í garð, sem stendur fram yfir klukkan átta, og því fer Kastljósið forgörðum. (Hér skortir sárlega rás sem ætti að heita RÚV+.) Og þar með er það upptalið sem kallar á mann úr Ríkiskassanum. Því það verður að segjast eins og er að fyrir utan þessa föstu fréttapætti er lítið um innlenda dagskrárgerð í Efstaleitinu og ég er ekki maður sem nenni að horfa á bresk morð eða bandarískt setgrin. Í sumarbústaðnum komust við að því að jafnvel hinn heilagi tími eftir fréttir á laugardagskvöldi var ekki lengur mannaður af okkar fólki heldur fylltur með dósahlátri. RÚV hafði náð nýjum og óvæntum botni, því satt að segja hélt ég að það væru óskráð lög að Ríkisvarpið sæi landsmönnum sínum fyrir innlendra skemmtun á laugardagskvöldum, að minnsta kosti yfir vetrartímann.

Snögg könnun á dagskrá þessarar viku leiðir í ljós að innlend dagskrárgerð er öflugri á öðrum stöðvum en RÚV sem lögum samkvæmt skal þó vera öfugt. Aðeins kynning á Listahátíð í Reykjavík og deildabíkarinn í handbolta forða ríkisstöðinni frá því að skila nær auði í innlendra dagskrá eftir Fréttir og Kastljós þessa vikuna. Eina þáttargerðin sem hægt er að tala um er þáttur um ístólt á miðvikudagskvöldið og „Út og suður“ á sunnudagskvöldið. Á Stöð tvö eru að jafnaði tveir þættir á kvöldi, þar er íslenska jafnan töluð fram til kl. 21. Á meðan RÚV hefur bæði lokað á „Spaugstofuna“ og „Hljómsveit

Í DAG RÚV



HALLGRÍMUR HELGASON

Fræg er sagan af fyrrum yfirmanni RÚV sem kynnti fjárhagsáætlun stofnunarinnar með þessum lokaorðum: „Og restin fer síðan í dagskrárhitina.“

kvöldsins“ ganga „Stelpurnar“ og „Það var lagið“ enn á Stöð tvö. Á meðan RÚV býður ekki upp á neinn fastan vikulegan þátt á íslensku fyrir utan „Helgarsportíð“ státar Skjár einn af tveimur (fyrir utan hinn daglega „Sex til sjö“) svo ekki sé talað um NFS sem sjónvarpar íslensku allan sólarhringinn. Ríkissjónvarpið rekur lestina í innlendra framleiðslu.

Það var því dapurlega táknrænt að danska ríkissjónvarpið skyldi breyta Útvarpshúsinu í sendiráð Bandaríkjanna fyrir tökum á „Ern-inum“ sem fram fóru hér á landi fyrir skömmu. „American Embassy“ stóð skýrum stöfum yfir dyrunum í Efstaleiti í nokkra daga. Í ljósi þess að DR er nú orðið heimsfrægt af framleiðslu sinni var þetta líkt og útpælt salt í sárið frá gömlu herrapjóðinni.

Leiðrétti mig þeir sem betur vita en þær tölur hafa heyrst að RÚV fái 3 milljarða til árlegs rekstrar og af þeim fari einungis 100 milljónir í innlenda dagskrá. Í eyrum leikmanna hljómar þetta sem fáránlegt hlutfall en þó hefur maður á tilfinningunni að í Efstaleitinu finnst mönnum þetta jafnvel of mikið. Fræg er sagan af fyrrum yfirmanni RÚV sem kynnti fjárhagsáætlun stofnunarinnar

með þessum lokaorðum: „Og restin fer síðan í dagskrárhitina.“

Önnur fræg saga er af leikkonu sem framleiddi sýningu sem Sjónvarpið tók upp. Í framhaldi datt henni í hug að RÚV gæfi verkið út á sölumyndbandi og fór á fund eins af yfirmönnum stofnunarinnar. Hann taldi öll tormeiki á að slíkt væri framkvæmanlegt. Þegar leikkonan fræddi hann um að það eina sem hann þyrfti að gera væri að gefa leyfi til verksins, hún myndi sjá um framkvæmdina, brást hann við með orðunum: „Ef ég samþykki það þá gæti fólk bara farið að ganga hér inn með hugmyndir!“ Eftir langt stapp í gegnum síma og tölvur fékkst leyfið þó loks. Hálfu ári síðar gerði leikkonan sér að leik að ganga inn á skrifstofu yfirmannsins og leggja ávísun upp á eina milljón króna á borð hans án þess að segja orð. Tekjur RÚV af útgáfu leikverksins á sölumyndbandi.

Sjálfur hef ég reynt að viðra hugmynd að þáttaröð við þessa menn og leið eins og geðsjúklingi sem ræðst að fólki á Laugaveginum og fer að tala við það. Eg hefði eins getað labbað út í strætóbiðskýli og viðrað hugmyndina við þá sem þar stóðu.

Á liðnu hausti var ráðinn nýr Útvarpsstjóri og allir fengu á tilfinninguna að hann kæmi sem ferskur vindur inn í staðnaða stofnun. Ekki er sanngjarnt að skrifa eyðiveturinn á reikning hans, við erum sjálfsagt enn að súpa seyðið af dagskrárstjórn forvera hans. En ljóst er að Páll Magnússon á tröllvaxið verk fyrir höndum. Innan-hússvandinn er ærinn og spurning hvort hann ætti ekki frekar að einbeita sér að honum en að standa í hnútkasti við kollega sína. Höfuðvandi Ríkisútvarpsins er sem fyrr hin andlaus yfirstjórn þess, þessar litlu bláu fjárstýringar sem flokkurinn hefur komið fyrir í lykilstöðum gegnum tíðina, menn sem hræðast hugmyndir.

Húsin við Laugavegin

UMRÆÐAN
LAUGAVEGUR



MARGRÉT SVÆRISDÓTTIR
VARABORGARFULLTRÚI F-LISTANS

Á árum áður átti sér stað umfangsmikil förgun gamalla húsa í Reykjavík. Við eigum ekki mikil verðmæti á þessu sviði vegna þess hve húsakostur var lélegur hér-lendis fram á síðustu öld. Áður fyrr var það talinn sósíalismi að vilja vernda gömul hús en það hefur sannarlega breyst því nú er það F-listinn, sem er hægri megin við miðju í litrófi stjórnmalanna,

sem einn flokka í borgarstjórn hefur viljað þyrma húsum við Laugaveg. Borgarstjórn hefur þegar heimilað niðurrif á 24 húsum við Laugaveg og átta húsa á baklóðum við Laugaveg biða sömu örlög. Meirihluti gamalla húsa við Laugaveg á að víkja.

Það er ástæða til að óttast hvað kemur í staðinn. Hafa nýjar byggingar við Laugavegin hingað til bætt götumyndina? Nei, nýrri húsin hafa iðulega verið misheppnuð eða orðið það innan fárra ára frá því þau voru reist af því byggingarstillinn fór úr tísku. Mörg gömlu húsanna eru ljót í dag, en við sjáum víða hversu auðvelt er að gerbreyta gömlum húsum ef þau eru gerð fallega upp. Gömul hús við Aðalstræti hafa t.d. endur-

heimt sitt upphaflega útlit og götuumyndin er falleg.

Stórverslanir eða verslunarkeðjur hreiðra ekki um sig í gömlum húsum, en þarf Laugavegurinn að vera eins og Kringlan eða Smáralind? Verslun getur vel gengið þótt byggðin sé lágreist og samkvæmt gamalli byggingarhefð. Allar þjóðir í Evrópu hafa áttað sig á þessu nema við og eru stoltar af því að halda uppi litlum miðbæjarkjarna þar sem gömul hús eru í aðalhlutverki. Fólk mun sakna þessara húsa og götummyndarinnar verði henni breytt. Við eigum að endurbyggja gömul hús í stað þess að rífa þau umhugsunarlaust. Þá verðum við ríkari þjóð en ella í menningarlegum skilningi. Því verður ekki bjargað sem hefur verið fargað.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigrún M. Egilsson AÐSTODARRITSTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir, Pétur Gunnarsson og Trausti Hafliðason RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skraftalið 24, 105 Reykjavík AÐALSIÐI: 550 5000 SIMBRÉF Á FRÉTTAÐEILD: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFANG: visir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNISLA: Ísafoldprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabörnkum án endurgjalds. issn 1670-3871

Ódýrari en ekki ókeypis

UMRÆÐAN

BARNAFJÖLSKYLDUR



ÞORBJÖRG HELGA VIGFÚSDÓTTIR

FRAMBJÓÐANDI

Sjálfstæðisflokkurinn í Reykjavík ætlar að leggja áherslu á að veita ungum börnum og fjölskyldum þeirra örugga og fjölbreytta þjónustu þar sem áherslan er á val, gæði, árangur og lausnir. Þessi markmið krefjast fjármagns og stuðnings foreldra og þjónustuaðila. Samhliða þessum markmiðum vill Sjálfstæðisflokkurinn í Reykjavík

mæta foreldrum og öðrum skattgreiðendum á miðri leið með almennri gjaldskrárlækkun um 25% 1. september 2006. Til viðbótar ætlum við að koma til móts við stórar barnafjölskyldur þannig að foreldrar greiði aldrei fyrir fleiri en eitt barna sinna sem dvelja á leikskóla samtímis. Þannig náum við á einfaldan hátt að minnka byrðar stórra barnafjölskyldna. Sannkallað neyðarástand er í borginni varðandi þjónustu við yngstu börnin. Foreldrar sem eru að fara aftur á vinnumarkaðinn eftir fæðingarorlof lenda í miklum hremmingum þar sem þjónusta dagmæðra er af skornum skammti og einungis örfáir leikskólar, oftast einkareknir, þjónusta yngstu

börnin. Margir foreldrar þurfa að draga úr vinnuframlagi eða fá lengra leyfi frá störfum. Það er sannkölluð tímaskökkja hvað varðar jafnrétti kynjanna að bjóða ekki betri þjónustu en þetta. Fjölskyldustefna Sjálfstæðisflokksins boðar uppbyggingu sérstakra smábarna-deilda í hverju hverfi auk þess sem framboð á þjónustu dagforeldra verður aukin með auknum stuðningi borgarinnar. Leikskólinn er fjöreggið í skóla-kerfinu. Lítil miðstýring, mikil fagmennska og nán tengsl við foreldra gera leikskólann að aðlaðandi valkosti fyrir foreldra. Leikurinn og nánd starfsmanna við foreldra eru lykill að þeirri ánægju foreldra sem birtist aftur

og aftur í könnunum í Reykjavík. Þessu góða starfi þarf að viðhalda. Foreldrar eiga það til að gleyma hversu mikilvægur leikskólinn er fyrir líðan barns og líðan foreldra, sem eru nánast áhyggjulausir frá börnum sínum við vinnu meirihluta dagsins. Byggja þarf áfram á sterkum grunni faglegs starfs leikskólanna og tryggja áframhaldandi sveigjanleika og fjölbreytni. Gera þarf átak í net- og tölvuvæðingu leikskóla, bæði til að efla innra starf leikskólanna og auka upplýsingagjöf til foreldra. Samstarf við grunnskólastigið þarf að efla sem viðvarandi samstarf nú þegar þróunarstarf hefur gengið vel í töluverðan tíma. Foreldrar treysta á þjónustu

dagforeldra og leikskólakennara. Án þeirra þrífist ekki það líflega atvinnulíf og sú mikla ásókn í háskólanám sem við höfum vanist. Stjórnendur borgarinnar verða að vera í takt við þá þróun sem á sér stað á vinnumarkaði á Íslandi, þar sem báðir foreldrar velja að vinna mikið. Hlutverk borgarkerfisins er að tryggja gæðastundir barna á meðan þau eru ekki í faðmi foreldra. Þess vegna endurspeglar markmið fjölskyldustefnu Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík forgangsriðun í þágu reykviskra barna. Höfundur er með meistara-gráðu í námssálfræði og er í 6. sæti framboðslista Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík.

visir

VEF.TV

NFS Í BEINNI Á VISIR.IS

35.000 gestir vikulega sem dvelja í u.þ.b. eina klst. hver.

Auglýsingasími 550 5000.

NFS



allt ferðir

Alla miðvikudaga og laugardaga

PÚ ERT SJÓNVARPSSTJÓRI Á

visir VEF.TV



HORFÐU EINSOG ÞÉR SÝNIST!

AUGLÝSINGASÍMI

550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

RAUN STÆRÐ

Aðeins 12.6 x 8cm

TVX mini

BEINT Í SJÓNVARP

Horfðu á kvikmyndir í sjónvarpi, ljósmyndir úr fríinu eða hlustaðu á tónlist allt saman án tölvu

BEINT Í GRÆJUR

Með fjarstýringunni getur þú spilað tónlist beint úr TViX spilaranum án tölvu eða sjónvarps

AUÐVELD Í NOTKUN

Spilar án vandræða alla mögulega staðla eins og AVI, DivX3-5, DAT, MPEG, VOB, MP3, WMA, OGG og JPEG

EINNIG 2.5" HÝSING

Virkar einnig sem venjulegur harðdiskaflakkar og tengist þá beint í USB tengi tölvunnar

BEINT Í MYNDAVÉL

Eina græjan sem þú þarft í fríið, þú flytur allar myndir beint úr myndavél eða kortalesara yfir á TViX án tölvu

FYLGIHLUTIR

Allir helstu kaplar fylgja, einnig fullkomin fjarstýring sem er hlaðin af möguleikum

ÁN HD 14.900

40GB 22.900

100GB 29.900

TÖLVULISTINN

SÉRVERSLUN MEÐ TÖLVUBÚNAÐ Í 12 ÁR

REYKJAVÍK

Nóatúni 17

Sími 562 6730

AKUREYRI

Glerárgötu 36

Sími 464 7400

KEFLAVÍK

Hafnargötu 90

Sími 534 7400

Einfaldar reglur í lóðaðúthlutunum

UMRÆÐAN
LÓÐAÚTHLUTANIR



ÓLAFUR ÞÓR GUNNARSSON

Lóðaðúthlutanir og lóðamál í Kópavogi hafa verið til umfjöllunar undanfarin misseri. Mikil umræða skapaðist síðastliðið haust um þessi mál, bæði vegna afskipta bæjarráðs af úthlutunum og einnig það fyrirkomulag sem hefur verið notað. Núverandi úthlutunarreglur gefa alltof mikið svigrúm fyrir gamaldags vinavæðingu og fyrirgreiðslupólitík.

Vinstri græn í Kópavogi hafa gagnrýnt harðlega þetta fyrirkomulag. Þær reglur sem nú er notast við eru þannig að vilji meirihluti bæjarstjórnar að ákveðinn verktaki eða einstaklingur fái tiltekna lóð þá er þeim í lófa lagið að haga því þannig, svo loðnar eru reglurnar. Sem dæmi má nefna að í 4. grein reglnanna segir m.a.: „Þrátt fyrir lágmarksviðmið skv. ofansögðu áskilur bæjarráð sér rétt til þess að meta með hliðsjón af fjárhagstöðu umsækjenda að öðru leyti hvort ætla megí að aðilar geti lokið framkvæmdum á tilsettum tíma.“ Í 7. grein er talað um að „[h]afi umsækjandi eða maki/sambúðaraðili hans, fengið áður

úthlutað byggingarlóð í bænum er heimilt að taka mið af reynslu bæjarfélagsins af umsækjanda eða maki/sambúðaraðila hans, sem lóðarhafa“ og í 10. grein segir að taka skuli tillit til atriða eins og fjölskylduaðstæðna, núverandi húsnæðisaðstöðu, hvort viðkomandi hafi áður sótt um lóð og ekki fengið og möguleika umsækjanda á að klára framkvæmdir á tilsettum tíma.

Hvergi er sagt með hvaða hætti eigi að meta, tülka, skoða, ætla eða hafa til hliðsjónar þau atriði sem að ofan getur, slíkt er algerlega háð duttlungum bæjarstjórnar. Í höndum ráðríkra sveitarstjórnarmanna er hægt að beygja þessar reglur eins og hent-

ar hverju sinni og tryggja þannig „réttum aðilum réttar lóðir.“

Vinstri græn í Kópavogi hafa lagt fram tillögur að nýjum, einföldum úthlutunarreglum. Við leggjum til kerfi þar sem ákveðið er að umsækjendur fái stig fyrir þrjá meginþætti, búsetu í bænum, fyrri umsóknir og fjölskyldustærð. Búseta 0-2 ár = 1 stig, 3-8 ár = 2 stig, yfir 8 ár = 3 stig. Fyrri umsóknir: 1 ums. = 1 stig, 2 ums. = 2 stig, 3 ums. = 3 stig. Fjölskyldustærð 1-2 = 1 stig, 3-4 = 2 stig, fleiri en 4 = 3 stig.

Dugi taflan ekki til að ákveða röðun, þá fái þeir sem hafa jafnmörg flest stig, að taka þátt í útdrætti þar sem sá sem er dreginn fyrstur fær að velja lóð fyrst

á hinum skipulagða reit, og svo koll af kolli. Verð lóða verði ákveðið fyrirfram, og verð hverrar lóðar liggi fyrir þegar val fer fram. Ekki verði úthlutað nema einni lóð til eins aðila í hverri úthlutun, og ekki tekin gild nema ein umsókn frá hverri fjölskyldu við hverja úthlutun. Við úthlutun lóða til verktaka verður einnig að gæta hlutlægra sjónarmiða.

Allir umsækjendur verða að sitja við sama borð. Það er algerlega óviðunandi að þeir sem fá úthlutað lóðum þurfi í kjölfarið að sitja undir ásökunum í fjölmiðlum um að hafa notið einhvers forgangs. Þessu vilja vinstri græn breyta. Vinstri græn - hreinar línur.

Hvar þrengir á?

UMRÆÐAN
RAUÐI KROSS ÍSLANDS



ÚLFAR HAUKSSON
FORMAÐUR RKÍ

Þann 8. maí heldur Rauða kross fólk í yfir 180 löndum upp á Alþjóðadag Rauða krossins og Rauða hálfmánans, á fæðingardegi Henry Dunants stofnanda hreyfingarinnar. Þessi dagur er venju fremur helgaður níutíu milljón sjálfboðaliðum um allan heim og þeirri aðstoð og stuðningi sem þeir veita meðbræðrum sínum í neyð.

Verkefni Rauða krossins og Rauða hálfmánans í heiminum eru margvísleg og störf sjálfboðaliða þeirra gætu í fyrstu virst jafn ólík og löndin eru mörg. Hvað á sjálfboðaliði Rauða kross Íslands til að mynda sameiginlegt með sjálfboðaliðunum í Afríku sem hlúa að alnæmissjúkum eða þeim sem brugðust við hamfarabylgjunni í Asíu og jarðskjálftanum í Pakistan í fyrra?

Svarið er einfalt. Sjálfboðaliðar Rauða krossins og Rauða hálfmánans um gjörvallan heim hafa það að leiðarljósi að veita þeim aðstoð sem minnst mega sín í þjóðfélaginu - hvort sem um velferðarsamfélag

eða þróunarríki er að ræða. Á hverju ári koma þeir milljónum manna til aðstoðar vegna stríðsátaka eða náttúruhamfara, en að öllu jöfnu vinna sjálfboðaliðarnir að því að byggja betra samfélag meðal eigin þjóðar með því að hlúa að þeim hópum sem eiga erfitt uppdráttar, oftast en ekki sökum fátæktar, einangrunar eða mismununar.

Rauði kross Íslands er þar engin undantekning. Auk þess að sinna alþjóðastarfi gegnir Rauði krossinn veigamiklu hlutverki í neyðarvörnum landsins og starfar með þeim hópum sem minnst mega sín í samfélaginu. Félagið hefur um árabíl staðið að skipulegum athugunum undir formerkjunum „Hvar þrengir að?“ til að nálgast þá hópa sem hallar á í velferðarríkinu Íslandi. Stefna Rauða krossins er að miða verkefni sín innanlands við þarfir þeirra hópa sem minnst mega sín hverju sinni og hafa fæst úrræði til úrbóta.

Fyrsta könnun Rauða krossins undir formerkinu „Hvar þrengir að?“ var gerð árið 1994 og í kjölfar hennar var sett á fót verkefni til að auðvelda ungum atvinnulausum mæðrum að sækja sér menntun. Árið 2000 var önnur könnun birt undir sömu formerkjum. Út frá niðurstöðum hennar var verkefnum hrint úr vör sem lutu að heimsóknarþjónustu fyrir þá sem eru félagslega einangraðir, stuðningi við geðfatlaða, og forvarnarstarfi með

börnum og unglingum.

Rauði kross Íslands mun efna til málefnaþings þann 21. maí næstkomandi til að fjalla um niðurstöður nýjustu könnunar sinnar um „Hvar þrengir að?“ í íslensku þjóðfélagi. Fyrstu niðurstöður sýna að kjör þeirra sem minnst mega sín hafa síst farið batnandi á síðustu sex árum og að margir búa við fátækt, fordóma og einsemd.

Enn sem fyrr búa ákveðnir hópar bótaþega og láglæunafólks við svo þröngan kost að hægt er að tala um fátækt. Hér má einkum benda á hóp eignalausra aldraðra, öryrkja og sjúkra, tekjulítilla fjölskyldna og einstæðinga, og svo innflytjendur sem margir hverjir búa við erfið skilyrði í samfélaginu. Á málefnaþinginu mun Rauði krossinn efna til viðtækra umræðu um raunhæfar leiðir til að leysa þessa hópa úr vítahring fátæktar og fordóma. Sameiginlegur vilji atvinnulífs, stjórnvalda, félagasamtaka og almennings er nauðsynlegur til að árangur náist.

Rauði krossinn er fjölda-hreyfing borin uppi af sjálfboðaliðum sem hefur það að markmiði að aðstoða þar sem þörfin er mest hvar sem er í heiminum. Það á einnig við um Rauða kross Íslands. Í kjölfar málefnaþingsins mun félagið á næstunni endurskoða verkefni sín og leita leiða með sjálfboðaliðum sínum til að það geti best aðstoðað þar sem mest þrengir að.

Leikhús- og bíoborgin Reykjavík

UMRÆÐAN
MENNING



ODDNÝ STURLUDÓTTIR OG DOFRI HERMANNSSON
FRAMBJOÐENDUR

Reykvíkingar eru bíó- og leikhúsglatt fólk sem gerir kröfur um úrval og gæði. Kvikmyndahátíðir hér í borg eru mjög vel sóttar, oft svo vel að nauðsynlegt er að fram- lengja sýningarfjölda kvikmynda svo að allir geti barið dýrðina augum. Leikhúslíf borgarinnar er spriklandi fjöruget og sýningar ótal margar á ári hverju. Ríkis- og borgarreiknu leikhúsin standa fyrir sínu en sjálfstæðu leikhúsin hafa síður en svo verið þeirra eftirbátar.

Árlega taka sjálfstæðu sviðslistahóparnir á móti 150 til 200 þúsund áhorfendum, hvorki meira né minna! Það er ótrúlega hátt hlutfall af öllum leikhúsgestum á ársgrundvelli og á sér varla hliðstæðu í öðrum löndum. Leikhóparnir eru æði fjölbreyttir og snerta flesta fleti leiklistarinnar í starfsemi sinni. Þeir heita margvíslegum nöfnum: Vesturport, 540 gólf, Kómedíuleikhúsið, Sögu- svuntan, Draumasmiðjan, Sokka- bandið, Möguleikhúsið og mörg, mörg fleiri. Leikhóparnir vinna öfluga grásrótarvinnu og það er áberandi hvað konur njóta sín vel innan vébanda sjálfstæðra leikhópa. Oft er talað um slæma stöðu kvenna í íslensku leikhúsi en hjá sjálfstæðu leikhópunum eru konur áberandi, bæði sem listamenn og stjórnendur. Fjölmenningin hefur fengið sitt pláss undir merkjum SL og er það afar jákvætt, enda snýst leikhús fyrst og fremst um fólk, ekki bara um menningararf þess svæðis sem leikhúsið er staðsett á.

Tjarnarbíó

Í átta ár hafa sjálfstæðu leikhúsin rekið Tjarnarbíó, í sögufrægu og gömlu íshúsi við Tjarnargötu. Leikhóparnir hafa þó sýnt víðs vegar um bæinn í hinum ýmsu sölum, á litlum og stórum sviðum. Reykjavíkurborg hefur lagt þeim húsið til án gjalds en SL hafa haft leigutekjur af Tjarnarbíói og Reykjavíkurborg hefur greitt rekstrarkostnað hússins. Nýverið styrktu Reykjavíkurborg og Menntamálaráðuneyti SL til að gera úttekt á húsinu og áætlan um breytingar á því. Hljómburður er frábær í húsinu og það hentar vel fyrir bíósýningar enda hefur húsið verið vinsæll vettvangur fyrir kvikmyndahátíðir.

En aðstaða fyrir leikhópa og til

leiksýninga er slæm og húsið í marga staði óheppilegt fyrir leikhússtarfsemi eins og staðan er í dag. Búninga- og leikaraaðstaða er varla til staðar, anddyri of lítið, ekkert skrifstofurými og sjálfur salurinn gallaður að mörgu leyti. SL lét gera fyrir sig teikningar að endurbótum á húsinu og þær lofa góðu. Í teikningunum er gert ráð fyrir að hið fallega og sérstaka útlit hússins haldi sér, sem og hvelvingin í lofti salarins, en það er einmitt hún sem gerir hljómburðinn svo afburða góðan. Einnig er gert ráð fyrir að reisa glerskála við aðra hlið hússins þar sem yrði aðstaða fyrir sýningar, fyrirlestra, kaffihús og aðra blómlega starfsemi.

Hagræðing

Það vinnst margt með því að koma starfsemi sjálfstæðu leikhúsanna undir eitt þak, markaðssetning og miðasala yrði öll á einni hendi og frábær tækniaðstaða í fullbúnu leikhúsi fyrir allar tegundir leikhúss. Síðastliðin ár hefur það viljað brenna við að kraftar leikhópanna hafa að stóru leyti farið í að viðja að sér tækjabúnaði, sinna markaðsmálum og ófáum aukum kastað á glæ sökum óhagræðisins sem í þessu felst.

Það er ljáandi að byrja alltaf frá grunni á nýjum stað og finna hjólið upp í hvert skipti. Endur- reisin Tjarnarbíós yrði sem happdrættisvinningur fyrir sjálfstæðu leikhúsin og þá hundruði þúsunda leikhúsgesta sem sækja sýningar þess á ári hverju og það má hnykkja á því að stór hluti gestanna eru börn sem sjálfstæðu leikhúsin hafa glatt og örvað af miklum myndugleik.

Tjarnarbíó

Vel staðsett steinsteypt einbýlishús á Selfossi. Stutt í alla þjónustu, hvort sem um er að ræða skóla eða verslanir. Eignin er 197m2 og telur; flisalagða forstofu, hol, stofu, eldhús, bað, 4 svefnherbergi, þvottahús, geymslu og tvöfaldan bílskúr. Flest gólf eru parketlögð en þvottahús er flisalagt. Baðherbergi er nýuppgert og flisalagt bæði gólf og veggir. Í eldhúsi er hvít upprunaleg innrétting. Út frá holi er gengið út á litla hellulagða verönd. Garður er vel gróinn og snyrtilegur. Stór tvöfaldur bílskúr fylgir eigninni. **Verð 27.900.000**

Tröllhólar



Mjög vandað og glæsilegt 224m2 einbýli á mjög góðum stað á Selfossi. Húsið er teiknað af Helga Bergmann arkitekt og innréttingar hannaðar af Pétri H. Birgissyni. Eignin telur; forstofa, þvottah., vinnustofa, 4 herbergi, gangur, baðherb., stofa og eldhús. Í hjónaherb. er bæði lítið baðherb. og fataherbergi. Innréttingar eru úr hlyn. Flisar og hiti í gólfunum. Í aðalbaðherbergi er bæði sturta og bað. Mikil lofthæð er í öllu húsinu og halógenlýsing er hönnuð af Lumex. Bílskúr er með millilofti og flísum. Bílapan er hellulagt og með hitalögn. Falleg flisalögð verönd er við suðurhlíð hússins og þar er einnig timburverönd með heitum potti. **Verð 47.000.000**

Sléttuvegur



Vandað einbýlishús á góðum stað á Selfossi. Eignin er 187,5m2 og telur forstofu, gestasnyrtingu, hol, stofu, borðstofu eldhús, bað, fjögur svefnherbergi, þvottahús og tvöfaldan bílskúr. Forstofa sem er flisalögð er með hita í gólfí og góðum fataskáp. Gólfefni eru góð, flisar á forstofu, holi eldhúsi og þvottahúsi. Parket á stofu, borðstofu og svefnherbergjum. Baðherbergi er dúklagt sem og eitt svefnherbergi. Nýleg kirsuberja innrétting er í eldhúsi. Ísskápur og uppþvottavél eru innbyggð. Við húsið hefur verið reist stór og skjólgóð timburverönd. **Verð 28.500.000**

Hallkelshólar



Vinalægur 62,5m2 sumarbústaður á góðum stað í landi Hallkelshóla í Grímsnesi. Bústaðurinn stendur á 1 ha leigulandi sem er kjarri vaxið. Í húsinu eru þrjú svefnherbergi, baðherbergi með sturtu. Eldhús með fallegri innréttingu. Rúmgóð stofa með kaminu og úr stofu er gengt út á stóra verönd með skjólveggjum. Spónaparket á öllum gólfum. Stigi upp á rúmgott svefnloft. **Verð 13.900.000**

Hrafnhólar



Mjög vel staðsett og snyrtilegt 162m2 parhús í suðurbyggðinni á Selfossi. Húsið stendur innst í botnlanga og rétt við nýja skólann. Íbúðin er 135 m2 og skiptist í; forstofu, baðherbergi, þvottahús, eldhús, sjónvarpshol, stofu og 3 svefnherbergi. Bílskúr er 27,1 m2. Húsið skilast tilbúið til innréttinga. Hitalagnir eru í gólfum og veggir eru klæddir með gipsi. Að utan er húsið klætt með harðvði og báruáli. Lóð er þökulögð og mulningur í plani. **Verð 24.100.000**

Sílatjörn



Vorum að fá í sölu gott einbýlishúsi í barnvænu og vinsælu hverfi á Selfossi. Húsið sem er 170m2 skiptist í 122,7 m2 íbúð og 47,3 bílskúr. Innra skipulag hússins er gott og nýttist mjög vel. Eignin telur; forstofu, hol, gestasnyrting, baðherbergi, 5 herbergi, þvottahús, eldhús og stofa. Bílskúr er tvöfaldur og búið er að útbúa eitt herbergi þar. Upptekið loft er í eldhúsi, stofu og þvottahúsi. Gólfefni eru flisar á forstofu, baðherbergi og þvottahúsi, flitteppei á herbergjum og dúkar á öðrum gólfum. Góður sólpallur er við húsið. Staðsetningin er mjög góð, húsið er í rólegum botnlanga og mjög stutt er í skóla og leikskóla. **Verð 28.500.000**

[ALLAR SMÁUGLÝSINGAR VIKUNNAR Á [visir.is](#)]

sem þig vantar

TIL BIRTINGAR NÆSTA
DAG ÞARF AÐ PANTA
FYRIR KL. 13.30

SMÁUGLÝSINGASÍMINN
ER 550 5000
smaar@frettabladid.is / visir.is

AFGREIÐSLAN ER OPIN:
MÁNUDAG TIL FÖSTUDAGS
LAUGARDAG OG SUNNUDAG

8-18
11-16

notaðir bílar Ingvar Helgason 0 Subaru Legacy Wagon nýskr. 12 bs. Ek. 93 þús. km. Verð 1.000.000. Allt að 100% lánamöguleik- mi 525 8020.	notaðir bílar Ingvar Helgason OR277 Renault Megane Scenic 4x4 ný- skr. 10/00 bs. Ek. 104 þús. km. Verð 1.130.000. Tilboð 880.000. Allt að 100% lánamöguleikar. Sími 525 8020.	notaðir bílar Ingvar Helgason ZT845 Subaru Legacy Wagon nýskr. 04/99 ssk. Ek. 147 þús. km. Verð 880.000. Tilboð 580.000. Allt að 100% lánamöguleikar. Sími 525 8020.	notaðir bílar Ingvar Helgason LM400 Subaru Legacy Wagon nýskr. 08/01, ssk. Ek. 84 þús. km. Verð 1.330.000. Allt að 100% lánamöguleik- ar, sími 525 8020.	notaðir bílar Ingvar Helgason BK030 Hyundai Matrix nýskr. 08/04, bsk. Ek. 20 þús. km. Verð 1.290.000. Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525 8020.
1 Toyota Avensis 1.8 nýskr. 06/01 k. 113 þús. km. Verð 890.000. Allt að 100% lánamöguleikar. Sími 525 8020.	MK966 Nissan Terrano Sport nýskr. 05/04 bs. Ek. 33 þús. km. Verð 2.790.000. Allt að 100% lánamöguleik- ar. Sími 525 8020.	OA770 Subaru Impreza GL nýskr. 12/97 bs. Ek. 139 þús. km. Verð 550.000. Tilboð 390.000. Allt að 100% lánamöguleikar. Sími 525 8020.	YP961 Suzuki Baleno stw 4x4 nýskr. 06/98, bsk. Ek. 130 þús. km. Verð 580.000. Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525 8020.	OE548 Nissan Terrano Sport nýskr. 05/04, bsk. Ek. 54 þús. km. Verð 2.630.000. Allt að 100% lánamöguleik- ar, sími 525 8020.
74 Nissan Almera GX nýskr. 06/00 k. 113 þús. km. Verð 890.000. Allt að 100% lánamöguleikar. Sími 525 8020.	AA558 Subaru Legacy Wagon nýskr. 09/04 ssk. Ek. 31 þús. km. Verð 2.160.000. Allt að 100% lánamöguleik- ar. Sími 525 8020.	JZ201 Suzuki Grand Vitaro XL-7, nýskr. 01/03, ssk. Ek. 92 þús. km. Verð 2.060.000. Tilboð 1.660.000. Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525 8020.	YI099 Land Rover Range Rover nýskr. 10/98, ssk. Ek. 141 þús. km. Verð 1.960.000. Allt að 100% lánamöguleik- ar, sími 525 8020.	ZT174 Opel Corsa Comfort nýskr. 06/01, bsk. Ek. 68 þús. km. Verð 650.000. Tilboð 530.000 Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525 8020.
47 Nissan Micra GX nýskr. 12/02 k. 26 þús. km. Verð 790.000. Allt að 100% lánamöguleikar. Sími 525 8020.	UH227 Nissan X-Trail Sport nýskr. 04/02 bs. Ek. 93 þús. km. Verð 1.490.000. Allt að 100% lánamöguleik- ar. Sími 525 8020.	ND601 Hyundai Santa Fe nýskr. 04/04, ssk. Ek. 40 þús. km. Verð 2.450.000. Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525 8020.	PB115 Nissan Almera SLX nýskr. 04/98, ssk., ek. 140 þús. km. Verð 450.000. Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525 8020.	TM827 Alfa Romeo 156 nýskr. 10/00, ssk. Ek. 65 þús. km. Verð 1.490.000. Til- boð 1.260.000. Allt að 100% lána- möguleikar, sími 525 8020.
5 Subaru Legacy Wagon nýskr. 18 ssk. Ek. 140 þús. km. Verð 1.000.000. Allt að 100% lánamöguleikar. Sími 525 8020.	RT998 Nissan Terrano 2.7 TDI nýskr. 09/04 bs. Ek. 53 þús. km. Verð 2.890.000. Allt að 100% lánamöguleik- ar. Sími 525 8020.	YP571 Opel Astra 1.8 ENJOY nýskr. 10/05, ssk., ek. 12 þús. km. Verð 1.880.000. Allt að 100% lánamöguleik- ar, sími 525 8020.	BI967 Honda HR-V nýskr. 01/03, ssk. Ek. 61 þús. km. Verð 1.440.000. Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525 8020.	SA520 Nissan Primera Elegance nýskr. 05/02, ssk. Ek. 62 þús. km. Verð 1.040.000. Tilboð 880.000. Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525 8020.
2 Saab 9-3 nýskr. 02/99 bs. Ek. 113 þús. km. Verð 890.000. Allt að 100% lánamöguleikar. Sími 525 8020.	NM277 Subaru legacy Wagon luxury nýskr. 12/04 ssk. Ek. 25 þús. km. Verð 1.130.000. Allt að 100% lánamöguleik- ar, sími 525 8020.	DE241 Nissan Zen nýskr. 03/05, bsk. Ek. 9 þús. km. Verð 1.490.000. Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525 8020.	VU138 Peugeot 307 nýskr. 07/05, bsk. Ek. 9 þús. km. Verð 1.490.000. Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525 8020.	VN525 Opel Vectra Comfort nýskr. 01/03, ssk. Ek. 61 þús. km. Verð 1.040.000. Allt að 100% lánamöguleik- ar, sími 525 8020.



ki Grand Vítara 2.5 10/1999, ekinn 10 km, sjálfskiptur, ABS, rafm. í m, dráttarbeisli o.fl. Áhvilandi lán 100, ca 16.000 á mán. Ásett verð 1.000. Tilboð 1.150.000.



ki Liana 1.6 11/2004, ekinn 10, 5 gíra ABS, álfelgur, rafm. í rúð-o.fl. Áhvilandi lán 815.000, ca 10 á mán. Ásett verð 1.390.000. Þ 1.190.000.



Explorer XLT 4.0 7 manna, sjálf-ur, 2005, ekinn 37.000 km, ABS, ASR pólvörn, álfelgur, dráttarbeisli .fl. th. 100% lán. Verð 3.200.000.



Outlander 2.4 sjálfskiptur, 04, ekinn 15.000 km, ABS, ASR örn, álfelgur, rafm. í rúðum og Áhvilandi lán 2.059.000, ca 35.000 n. Verð 2.280.000.



Focus Trend Station 1.6 8/2005, 15.000 km. ABS, rafm. í rúðum, ESP stöðugleikakerfi ASR spól-og m.fl. Áhvilandi lán 1.480.000, 1.000 á mán. Verð 1.890.000.

Bílahöllin
Bíldshöfða 5, 112 Rvk
Sími: 567 4949
www.bilahollin.is



Nýir 2006 Dísel Kia Sorento Ex 2,5 CRDi, 140 hestöfl. Sjálfskiptur, gler-topplúga, leðurinnrétting, tölvustýrð miðstöð með loftkælingu. Hraðastillir, ABS, krómpakki. Verð 3.680.000. Skoð-um skipti.



Nýir 2006 Dísel Jeep Grand Cherokee 3.0 CRD 217 hestöfl, Limited, sjálfskipt-ur, leðurinnrétting. Allt rafdrifið spól-vörn, tölvustýrð miðstöð með loftkæl-ingu. Ath, meðaleyðsla 10,2 á hundraði. Verð 5.580.000. skoðum skipti.

Bílasala Íslands
Skógarhlíð 10, 110 Rvk.
Sími: 510 4900
www.bilasalaislands.is



Dodge Ram 1500 Hemi, 20" 5.7 Hemi vél. Lán 2.715.000. Verð 3.490.000.



Toyota Land Cruiser 90 dísel turbo LX, nýr bill, ssk., samlitir, varadekkshlíf, dísel turbo,4X4, o.fl. Verð 4.690.000.



Subaru Legacy station 2.0 G 8/2004, ek. 26 þ. km, ssk., 4X4. Lán 1.400 þ. Verð 2.090.000.



Range Rover 4.4 HSE, 7/2002, ek. 75.þ. km, 20", leður, lúga o.fl. Vel búinn. Verð 5.990.000.



VW Golf 1.6 Comfortline station, 7/2004, ek. 39 þ. km, CD o.fl. Lán 1.208 þ. Verð 1.470.000.



Subaru Forester 4X4, 5/2004, ek. 20 þ. km, ssk., 4X4. Einn eigandi. Verð 2.090.000.



Harley Davidsson Sportster Custom 1200, 8/2005, ek. 750 km, nýja lagið, með scream eagle kútum og kitti í tor-ana. Lán 1.610.000. Verð 1.790.000.



Yamaha V Star 650 (Drag Star) 5/2005, ek. 3 þ. km. Massa flott hjól, 4 ár eftir af ábyrgðinni frá framleiðanda. Verð 830.000.



Chevrolet Silverado 2500 árg. 2000, ek. 115 þ., 35", leður, plasthús, loftdæla o.fl. Verð 2.670.000. Lán 2.150.000.



Suzuki Grand vitara, 8/1998, ek. 154 þ. km, ssk., 4X4. Verð 990.000. Tilboðs-verð 590.000.



Yamaha V Star 650 (Drag Star) 5/2005, ek. 3 þ. km. Massa flott hjól, 4 ár eftir af ábyrgðinni frá framleiðanda. Verð 830.000.

Bílasalan.is
Stórhöfða 24, Reykjavík
Sími: 533 2100
Sími 5332100 og 8665354
www.bilasalan.is



Ducati Monster S4R skr. 05/2005, ekið 4.500 km, Carbon púst o.fl. Ásett verð 1.450.000 kr. S. 570 9900.



Ducati Multistrada ferðahjól með tösk-um. skr. 06/2004. Ekið 5.300 km. Ásett verð 1.450.000 kr. með töskum. S. 570 9900.



Ducati Supersport árg. 2005. Óskráð sýningarhjól, óekið. Tilboðsverð 1.290.000 kr. S. 570 9900.



Daewoo Nubira skjálfskiptur, skr. 01/1999. Ekinn 155.000 km. Ásett verð 490.000 kr. Tilboð 390.000 kr. S. 570 9900.



Alfa Romeo 156 1.6 TS skr. 06/1999. Ekinn 81.000 km. Ásett verð 890.000 kr. Tilboðsverð 550.000 kr. S. 570 9900.



Fiat Panda 4x4, fjórhjóladrifinn skr. 10/2005. Ekinn 5.500 km, 90% lán og 100.000 kr. afsláttur. Tilboðsverð 1.350.000 kr. S. 570 9900.



100% lán, 6 manna bill. 6 manna Fiat Multipla Dynamic, skr. 01/2005. Ekinn 16.000 km. Mjög vel búinn. Tvær sól-lúgur, bakkskynjari, leðurstýri og gír-stöng, 16" álfelgur, loftkæling, sjálfvirk miðstöð, auka loftpúðar. Áhvilandi 1.975.000 kr., 33.000 pr. mán. 100% lán. Ásett verð 2.300.000 kr. Tilboð 1.957.000 kr. (nývirði 2.946.000 kr.) GSM 570 9900.



Renault Clio 1.4 skr. 03/2000. Ekinn 72.000 km. Ásett verð 690.000 kr. Til-boðsverð 490.000 kr. GSM 570 9900.



Fiat Panda Dynamic skr. 02/2005. Ek-inn 29.000 km. 100% lán, 1.122.000 kr. S. 570 9900.

Fiat og Alfa Romeo umboðið
Malarhöfða 2a, 110 Reykjavík
Sími: 570 9900
www.fiat.is

Sími 510 4900 • Skógarhlíð 10 • Sjá fleiri myndir á bilasalaislands.is



Grand Cherokee

3,0 CRD 6cyl

217 hestöfl.

Búnaður:

ABS hemlar – Armpúði – ASR spólvörn – Álfelgur – Bakkskynjari – ESP stöðugleikakerfi – Fjarstýrðar samlæsingar – Geisladiskamagasín – Hiti í sætum – Hraðastillir – Höfuðpúðar aftan – Innspýting – Intercooler –

landus.com

Þú hefur þurftu?

Tóta?

ÞYTT!

Íttar-Vélmenni!

EM

NISSAN

landus.com

Þú á lægra verði!

Þú getur fylgt öllum bílum

landus.com

Þú á lægra verði!

Þú getur fylgt öllum bílum

landus.com

! Bílaleitar-Vélmenni. Finnur bílinn gjarblik! Tóti er tengdur fleiri ruð bílasölum með yfir þjá millj-ílla á söluskrá. Smelltu á Tóta á is-.s.com og hann finnur bílinn um eiknar út verð í Íslenskum krónum flutningsgjöldum tolli og VSK á raði og sýnir þér niðurstöður á Islandus.com vefsíðunni. Í dag Ábyrgð frá Vörður-Islandstrygging um bílum Islandus.com og hægt viðbótarábyrgð í allt að 5 ár! Við n bíla langt undir markaðsverði. Þjónustuværs 552 2000 og net- við sölumenn er á www.is-.s.com

olf Comfortline árg. '98, ek. 98 Jppl. í s. 822 2965.

PIMP
Pimp Camaroinn til sölu. Tilboð t. Uppl. í s. 696 8675.

250 þús.



lu er Suzuki Sidekick '94. Ek. 156 Sjálfsk. Góður bíll. Verð 190 þús. í síma 822 4167.



Tilboð 175 þ.
100 Nubera station árg. '98, dr.kr. v. 430 þ. Tilboð 175 þ. S. 691

o '88 & L200 '91, diesel. Einnig 31" á álfelgum, 6G. S. 895 6307.

ý. VW Vento árg. '93, fæst á 50 Jódur bíll í vinnu eða skóla, spar-ín, ek. 160 þús. Uppl. í s. 848 & 615 2500.

n Sunny GTI, 2.0, árg. '93, CD, ur. Verð 150 þús. S. 892 8655.

Tilboð 95.000 !
ndai Accent árg. '95, nýsk. '07. s. 1374.



250-499 þús.



VW Golf árg. '97, ek. 104 þús. km, allur nýfirfarinn, sk. '07, sumar og vetrar-dekk. Verð 350 þús. Uppl. í s. 663 5325.



Econoliner '79. 302, sjálfsk., hár toppur. Gluggar á hlið. U-bekkur. 100% lán möguleiki. Tilboð óskast. Þarfnast lag-færinga. S. 822 4167.



Toyota Yaris 11/'01. Ek. 128 þús. 5 dyra, cd, raf. í rúðum. V. 630 þús. Uppl. í s. 891 8970.



Til sölu Toyota Corolla árg. '97, ek. 127 þús., ný tímareim, sk. '06, 5 dyra, blár, í mjög góðu ástandi. Góður strg. afsl. Verð 490 þús. Uppl. í síma 866 6517.

500-999 þús.



Opel Zafira, 7 manna. Til-boð 690þ.

Opel Zafira árg 2000, 1800, beinskiptur, ekinn 111þ. 7 manna. Frábær fjöl-skyldubíll. Upplýsingar í s. 822 7050.



Til sölu Subaru Legacy 2.0 árg. 1998. Ekinn 172 þús. Verð 550 þús. Bílalan getur fylgt. Upplýsingar í síma 898 1844.



Yfirtaka
Opel Corsa sjálfskipt, CD, rafmagn, krókur. 5 dyra, ek. 63 þús. Ásett verð 950 þús. Tilboð yfirtaka á láni 580 þús. 12 þ á mán. S. 822 4167.

1-2 milljónir



SUMARTILBOÐ
1.400 þús. 1.800 þús. 1.500 þús.

Vörubílar

www.alorka.is

Vörubíladekk

Ný og sóluð 19.900

ALORKA

Vagnhöfða 6 • Sími 577 3080

Húsbílar



Til sölu Chevrolet S10 húsbíll árg. '84, 55 sm hækkanlegur toppur. Verð 490 þ. Upplýsingar í síma 898 5557.



Chevy1500 ásamt pallhýsi. Pallhýsið er vel búðið, svefnpláss fyrir fjóra, miðstöð, ísskápur. Uppl. í s. 860 2679.



Til sölu Ford King 660 árg. '94. Bíll í sér-flokki. Nánar uppl. í s. 898 4044.

Kerrur

Golfbílakerrur. Víkurvagnar.

Dráttarbeisli, Víkurvagnar.

Jeppakerrur, Víkurvagnar.

Fellihýsi

Til sölu lítið notað Coleman Cheyenne fellihýsi árg. 1999 með sólarsellu. Uppl. í síma 898 1079.

Víking fellihýsi til sölu 8 feta árg. '99. Mjög vel með farið, útv.+ CD, rafm.dæla á vatn. Nýlegt gott fortjald fylgir. Verð 550 þús. Uppl. í s. 8964 328.

Til sölu Coleman Carmel, 10 fet, árg. 2003. Gott eintak. Með öllu. Uppl. í s. 899 5830.

Víking fellihýsi skráð 18.07'03 með svefntjöldum, sjálfvirk gasmiðstöð. Uppl. í s. 424 6577 & 660 8177.

Til sölu mjög lítið notað Coleman Car-mel 2003. 10 feta, verð 950 þúsund. S. 693 7314.

Tjaldvagnar

www.combicaeng.is

Sala • Leiga • Viðgerðir
Brýtingar • Aukahlutir
Varahlutir

Gúmmibelti
Gúmmibelti fyrir flestar tegundir af smágröfum

VÉLAR **ÞJÓNUSTA**
Járnhöfði 2 - 110 Reykjavík
Sími 5 808 200 - www.velar.is



Til leigu og sölu mikið úrval af Smágröf-um í mörgum stærðum, einnig Stauro-borar og Brotfleygar sem hægt er að tengja við gröfurnar. Erum einnig með kerrur. Vinnulyftur ehf. Sími 544 8444.



Til leigu og sölu mikið úrval af Vinnulyft-um í öllum stærðum. Vinnulyftur ehf. Sími 544 8444.



Til leigu og sölu mikið úrval af Skot-bómulyfturum í öllum stærðum. Vinnu-lyftur ehf. Sími 544 8444.

www.alorka.is

Vinnuvéladekk

Fyrir hjólasteinar, veghella, húkellur o.fl.

Helstu stærðir:	15.5-25
26.5-25	14.00-24
23.5R25	13.00-24
20.5R25	10.00-20
17.5-25	

Betra verð!

ALORKA

Vagnhöfða 6 • Sími 577 3080

Lvftarar



Körfubíla-leigan.
Ódýr og góð þjónusta. Vinnuhæð 32 metrar. Sala og leiga. 893 3573



Lyftarar, brettatjakkar, skæralyftur, lyftu-borð, trillur, vagnar, hjólabúnaður og ýmis léttitæki. Vandaðar vörur, góð verð, öflug viðgerða- og varahlutabþjón-usta. Léttitækni ehf, Stórhöfða 27, s. 567 6955. Allar upplýsingar á www.lettitaekni.is

Lyftaragafflar
Allar algengustu stærðir lyftargaffla og gaffallása á lager

VÉLAR **ÞJÓNUSTA**
Járnhöfði 2 - 110 Reykjavík
Sími 5 808 200 - www.velar.is

KOMATSU

Disellyftarar
til afgreiðslu strax

Axi

Járnhöfði 2 - 110 Reykjavík
Sími 534 5430
ÞJÓNUSTA
VÉLAR & ÞJÓNUSTA
WWW.AXI.IS

Bátar



Til sölu þessi glæsilegi Gáski 1000. Glæsilega innréttaður sem sportbátur

Bílapartasalan Ás
ihraun 15B, s. 565 2600. Honda, la, MMC, Nissan, Toyota. Notaðir ilutir í flestar gerðir bíla, Kaupum il niðurriís.

Japanskar Vélar
n varahluti í flesta japanska og ika bíla o.fl tegundir! Kaupum bíla. 5 3400 & 893 2284.

Hedd 557 7551
artasala sem sérhæfir sig í Musso, , VW, Skoda, Audi, Mmc, Freeland-fl. Opið mán.-föst. 9-18. Skemmur 16. S 557 7551.

jtir, Kaplahrauni 14 Drangahrauns n, S. 555 4940. Sérhæfum okkur í wagen, Skoda og Daihatsu. Eigum g varahluti í fleiri tegundir bíla. um bíla til niðurriís.

Þartaland s. 567 4100
iöfða 18, R. Varahlutir í Pajero, er, Trooper o.fl. teg.

rahluti í 2ja dyra Sunny árg. '93, ja Coster, afturhléri á Legacy '93, s. 3568.

iðgerðir

ístið pípir og bremsurnar braka, u að aka og láttu okkur laga. Kvikk-istan. Bildshöða 18 s. 562 1075.

KEYPT
& SELT

I sölu

armonikkuhurðir
eggir - Öryggishlið - Sólhýsahurðir. o Ehf. S. 586 9010 o@addco.is Auðbrekku 2, 200

vinnudagurinn of stuttur?
nnudagurinn of stuttur? I.R. Ljósat- r lengja vinnudaginn, 4x 1000 á halíde kastarar, 9 metra mastur, þolir vindstyrk allt að 100 lst. Hljóðlát og sparneytin, diselvél rafalinn, Vélaborg Krókhálsi 5F, gið inn frá Järnhálsi) sími 414)

vinnudagurinn of stuttur?
nnudagurinn of stuttur? I.R. Ljósat- r lengja vinnudaginn, 4x 1000 á halíde kastarar, 9 metra mastur, þolir vindstyrk allt að 100 lst. Hljóðlát og sparneytin, diselvél rafalinn, Vélaborg Krókhálsi 5F, gið inn frá Järnhálsi) sími 414)

Mótorhjólafatnaður
Gore-tex eða leður
Pakkaverð 45.000kr.
Jakki + þesar
Kosleather
Langveggar 39 s.551-8844

Pungt loft?
Jónatofthreinsubekid þuair andúrnsluðid.
á. 14.890
Sérstakir:
Fururaf Seffusai, Amari Reykjavík
Feygt og huli Klunglumi og Smáralist

Verslunartækni
Tilboð Vindskilti
50x70cm
Verð edeina kr.
19.900.- án vðs
www.verslun.is
Sími 5351300 verslun@verslun.is
Drögháls 4 110 Reykjavík

Pvottavélar
Til sölu nokkrar yfirfamar pvottavélar og þurrkarar. Sími 847 5545.

Á ýmsar stærðir af ísskápum á 8 og 10 þ. Pvottavél á 10 þ. Uppþvottavél á 8 þ. Nýtt baðkar á 10 þ. 20" sjónv. á 3 þ. Ol- iuofn á 5 þ. Sunny GTí '93, 3ja sæta sófi og sófaborð á 8 þ. Stólar á 1 þ. S. 896 8568.

Hljóðfæri

BORSINI Superstar 2000 Frábærar harmonikur fyrir þá sem gera kröfur. Uppl. í s. 462 7374

Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn, Síðumúli 35. S. 552 7095.

Tölvur

Hraðbraut Hringdunnar
ADSL tenging
Verð frá
3.690.- kr.
Hringiðan
Hringiðan er á
525 3400

Til bygginga

Hanna og smíða stiga. Fást á ýmsum byggingarstigum. Sérlausnir í þrengsl- um. 25 ára reynsla. Uppl. í s. 894 0431.

NOTUÐ STEYPUMÓT
Seljum notuð mót ásamt öllum fylgihlutum frá:
Peri • Paschal
Doka • Meva
Hünnebeck • Noe
KVARNIR
Tunguháls 15
sími: 564 6070
www.kvarnir.is

Eigum á lager þakull 200 mm á góðu verði. Uppl. í síma 555 6888.

Birkikrossviður
Úrvals birkikrossviður tilvalinn til klæð- inga innanhúss. 12 mm. Uppl. í s. 895 6594.

Vantar lóð sem er tilbúin til bygginga á stór Reykjavíkursvæðinu eða nágreni. S. 822 7299.

Til sölu rafdrifin, hvít, tvíbreið bílskúrs- hurð. Spónlagðar loftaþiljur úr kirsu- berjavið, breidd 20 cm, lengd 2,40 cm, ásamt gylltum innfelldum halógenljós- um. Panelofnar níu stk. af mismunandi stærðum. Upplýsingar í síma 8999 705.

Verslun

TILBOÐ
DVD dagar
Fáðu 3 dvd myndir með 20% afslætti
Stútfull búð af nýjum
DVD myndum
Verð frá 1.990 kr
Venus erotica store
Fréyjugata 1
S. 552 2525 www.venus.is

Hitapottar. Normex.

Fyrirtæki

Fiskbúð sem hefur verið rekin í mörg ár til sölu. Uppl. í s. 847 8446.

ÞJÓNUSTA

Hreingerningar

Hreingerningapjónusta
Þvegillinn
5 44 44 46
Hreingerum, bönum, þrifum gugga og eftir iðnæðarmenn. sjáum um flutningsþrif. Þvegillinn, stofnað 1989, sími 544 44 46.

Ertu að flytja? Og búin á því? Láttu mig um þrifin. Föst verðtilb. Flutningsþrif Bergþóru, s. 699 3301.

Hreingerningapjónusta fyrir heimili og fyrirtæki. Aroma ehf. S. 517 7833.

Ræstingar

ÍslandsÞrif
Aðhita vorkæmt & hvítt vorklænga: Steinteppaþrif, þrif á náttúrustein, marmara og teraso. Oliuberum parket. Bónleysing, gólfbón, og bónslipun. Flutnings og nybyggingar þrif. Dagleg þrif á fyrirtækjum og stofnunum.
SÍMI 561 8000.

Garðyrkja

GARÐLIST
alhliða garðþjónusta
554 1989 garðlist.is

Sláttur
Garðsláttur, trjáklippingar, garðaúðun, beðahreinsun o.fl. Hér færðu alla við- haldsþjónustu á einum stað fyrir garð- inn. Garðlist s. 554 1989, www.gar- dlist.is.

Þarf að slá eða klippa?
GARDAR
sími 698 9334

Trjáklippingar, garðsláttur, garðaúðun og önnur garðvinna. Nú er tíminn til að klippa og fá tilboð í garðslátt sumarsins! Garðar best, ánægðir viðskiptavinir frá 1988.

Túnþökusala
Oddsteins
Túnþökur og túnþökurúllur til sölu
Steini
Sími:663 6666
Fri heimkeyrsla

Tökum garðinn í gegn!

GARÐLÍF
LÁTTU OKKUR SJÁ UM
GARÐINN SÍMI 691 9151

Garðsláttur, beðahreinsun, trjáklipping- ar, garðaúðun og allt annað sem við- kemur garðinum. Komum á staðinn og gerum verðtilboð þér að kostnaðar- lausu. Garðlíf, s. 691 9151.

Garðyrkja
Felli tré, klippi tré og runna. Önnur garðverk. Halldór garðyrkjum. S. 698 1215.

Bókhald

HSE Bókhald & Uppgjör ehf
Skattframtöl, Bókhald, Vsk. & launauppgjör, Ársuppgjör, Ódýr og góð þjónusta
www.hsebokhald.is
hsebokhald@hsebokhald.is
Sími: 6926910

Bókhald
Bókhaldsþjónusta, laun, skattframtöl. Sveinbjörn, s. 898 5434, netfang: svbjarna@simnet.is.

Málalarar

MÁLARAMEISTARAFÉLAGIÐ
Er málarinn þinn Meistari?
malarar.is
S: 568 1165

Húseigendur: Varist fúskara. Verslið við fagmenn. Málarameistarafélagið. S. 568 1165.

Meindýraeyðing

MeinVarnir ehf.
Sími: 896-2801
Reynsla, öryggi og fagleg þjónusta
Með starfsleyfi og í Félagi meindýraeyða

Alhliða meindýraeyðing í heimahúsum s.s. geitungar, stari, mýs o.fl. S. 898 2801.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., planófl. o.fl. Extra stór bill. Flutningaþj. Mikæls. S. 894 4560.

Húsaviðhald

Bortækni

Stíflulosun Röramyndun

Þessi stíflur úr salernum kúum, bækurum og niðurlum. Röramyndaveit til að tæltja skemmdu í lögnum

kolphreinsun Asgeirs sf.

892 7260 & 567 0530.

flupjónustan ehf

542255: 8965800

lulosun-Röramyndun

vw.stiflutjonustan.is

ægum stíflur úr WC, vöskum og fl. myndavél og viðgerðir á frárennslum. Stíflupjónusta Geirs, s. 697

Tölvur

allan sólahringinn. Geri við tölvur nahúsum og skrifstofum. Fljót og pjónusta. Viðgerðir og uppsetning. 593 9221. www.tolvuvaktin.is

Þáðómar

ALSPÁ

liðum, draumar, ráðgjöf seilun, fyrirbætur, NLP, ásspá, einkatímar og m.fl

08 6440

NN TÝNDA MUNI

08 6116

spákonan Sirrý

stir - fjármál heilsa

Einkatímar í S.845 4009

æarleiks-ljósið

þámiðill, Tarot-lestur og kristalkúla

6 7311 905 2005

ympha-dora

Tarot-lestur og kristalkúla með leiðsögn að handan

562 8211 904 1414

ralagalínan 908 1800 & 595 2001

r, spámiðlar, tarotlestur, draumngar. Fáðu svör við spurningum n.

Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Miðla til þín, því sem þeir sem farnir eru segja mér um framtíð þína. Einkatímar. Erla s. 587 4517.

Englaljós til þín 908 5050

Hvað viltu vita um ástina, heilsuna og hvað getur gerst skemmtilegt í sumar, bein miðlun, ráðgjöf. Opið frá 12-02 eftir miðnætti. Lára

Hanna 908 6040

Andleg leiðsögn, miðlun, tarot, spíla-spá, draumar, og huglækningar. Frá kl. 13 til 01. Tímáptantar í síma 555 2927. Er við alla daga nema sunnudaga

Laufey 908 2200

Hvað viltu vita um einkamálin, peninga og atvinnu? Bein miðlun, ráðgjöf og símaspá. Opið frá 10-02 eftir miðnætti alla daga. Laufey spámiðill.

Rafvirkjun

Raflagnir Dyrasimar

Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra búsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.

Fljót og góð þjónusta

Sími 893 1733

Jón Jónsson

Löggiltur rafverktafi

www.raflagnir.is

Getum bætt við okkur verkefnum. Nýlagnir, breytingar, endurnýjun og töfluskípti Rafmagnspjónustan 892 9120.

Trésmíði

SG sólpallar

Pantanir í síma 820 4720 og 896 1976

Önnur þjónusta

Stafræn framköllun

Tilboð á stafrænni framköllun myndir frá 33kr. Framköllun á filmu 24myndir með CD aðeins 1390kr. Suðurlandsbraut 52, s.588 3700, www.pixlar.is

HEILSA

Heilsuvörur

Herbalife - Shapeworks - NouriFusion. Upplifðu muninn WWW.ARANGUR.IS S.586 8786.

Missti 10 kg á 12 vk. Þú getur það líka með Shape Works. Rannveig 862 5920 www.321.is/rannveig

ShapeWorks

www.bergur.is

April 2004

Ég breytti um lífstíl!

Hvað um þig?

Uppl. S.8615512

Herbalife - og þú grennist!

321 ShapeWorks kerfið frá Herbalife. Einfalt, fljótlegt og árangursríkt! Upplýsingar í síma 577-2777 eða á www.321.is

www.321.is

Léttari og hressari með Herbalife. www.dagamunur.is s. Ásta. 891 8902

Herbalife.

Lífsorka fyrir lífstíð, lífsorka.is. adalgeir@lífsorka.is.

Frábær liðan. Alveg síðan. Herbalife. www.eco.is Erla Bjartmarz erla@eco.is 899 4183

Þú léttist með Herbalife! Persónuleg ráðgjöf og stuðningur. S. 892 8463 & 868 4884.

Botnlaus orka betri liðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki í maí. Halldóra Bjarna hjúkrunfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019/ 868 4876

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangir. Við hjálpum þér. www.betri-heilsa.is Ragnheiður 869 9913.

Herbalife - ShapeWorks Dreymt um það.. Hugsað um það.. Talað um það.. Gerðu eitthvað í því! www.herbal.is Asthildur & Gunnar 895-8890

Árangur með Herbalife! Betri lífsstíll. Ráðgjöf og eftirfylgni. Edda Borg s. 896 4662.

Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólöf. S. 861 5356, olsiar@hotmail.com

Nudd

Viltu losna við spennu og vöðvabólgu? Vanlíðan veldur streitu. Eg losa þig við vandamálin. S. 846 9517.

SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

Námskeið

Snyrtinámskeið

Langar þig að læra eitthvað nýtt og spennandi? didrix.is/námskeið.

Tattoo námskeið. Helgarnámskeið í varanlegri förðun (varalína, augnlína og augabrúnir) verður haldið helgina 12-14 maí og 3-4 júní. Kennari Hulda Jónsdóttir snyrtifræðingur. Sími 588 8300. Hjólur ehf.

Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

HEIMILIÐ

Húsgögn



Njóttu sumarsins betur

Garðkørfurnar frá Þýskalandi eru mjög endingagóðar og þola vel íslenska veðráttu. Víðurinn er gagnvarinn og plastið slitsterkt. Litir og mýnstur á áklæði eru fjölbreytt. S. 511 4510 & 862 4510. www.fjarkennsla.is/gardur

Til sölu leðurhornsófi, eldhúsbord og 4 stólar, ísskápur 180x60 sm. Plötuskápur og TVborð. Sanngjamt verð. Uppl. í s. 896 2630.

Heimilistæki

Gömul þvottavél til sölu á 5 þús. Uppl. í s. 694 5509 e. kl. 16.

Fatnaður

Allar viðgerðir, leðurviðgerðir og breytingar. Styttum buxur meðan beðið er. Saumsprettan v. Ingólfstorg. S. 552 0855.

Dýrahald



Til sölu Dalmatiner hvolpar. Ættbók HRFÍ, örmmerktir, bólusettr o.a.t.h. Upplýsingar s. 893 3985. Tilboðsverð þessa helgi. Afhentir 12. maí. www.hi-byliogskip.is & adidat@islandia.is

Blár páfagaukur týndist í Eskihlíð laugard 6. maí. Fannstu hann? S. 822 2232.

Ýmislegt



Rafhitaðir kanadískir heitir pottar frá Beachcomber. Vorum að taka upp '06 árgærd. Fimm ára ábyrgð. Frí heimsending hvert á land sem er. Sendum bæklinga samdægurs. Opið alla daga frá 9 til 21.00. Allar nánari uppl. í s. 897 2902 eða mueht@hug.is



Komdu að veiða!

Uppl. á www.strengir.is og ellidason@strengir.is. Sími 567 5204 eða gsm 660 6890.

Veidiportíð

Vandaðar og vel hnyttar flugur á betra verði!

Brass töpur.....295 kr.

Lacaflugur.....275 kr.

Straumflugur...195 kr.

Silungsflugur...175 kr.

Veidiportíð

Grandagarði 3.

Sími 552-9940

Hestamennska

Skrúður frá Berjanesi verður á húsnötkun í Þorlákshöfn frá 15 maí til 15 júní. Skróður er móvínóttstjóttur, þægur með allan gang. S. 663 6507.

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

Orlofsíbúðir til leigu á góðum stað í Vestmannaeyjum. Eigum enn eftir eitt-hvað af lausum dögum í sumar. Sími 567 0790 & 864 4020.

Til langtímaleigu við Lækjargötu í RVk. 40 fm, 2ja herb. íbúð. Uppl. í s. 581 3142.

Lausar íbúðir

Leiguliðar ehf. Nokkrar íbúðir að losna sjá www.leigulidar.is.

Til leigu stúdíóíbúð í 101 RVk. með sér-inng. Verð 55 þ. kr. 2 mán. fyrirfram. Fyrirspurnir sendist á húsaleiga@visir.is Laus strax.

101 herb. m. allri aðstöðu, nálægt lðnskólanum í RVK. S. 551 5058 & 866 4754.

Húsnæði óskast

Par óskar eftir 2ja-3ja herbergja íbúð á höfuðborgarsvæðinu. Reglusemi og skilvisum greiðslum heitið. Uppl. í s. 869 6244.

KÁRSNESSKÓLI

Í Kópavogi eru starfandi hvorki fleiri né færri en tíu barnaskólar, þar af einn einkarekinn. Einn þessara skóla er Kársnesskóli. Kársnesskóli tók til starfa 1. ágúst 2001. Áður voru tveir skólar í Vesturbæ Kópavogs, annars vegar Kársnesskóli sem vígður var 1957 og var hefðbundinn barnaskóli, og hinsvegar Þinghólsskóli, sem tók til starfa 1969 og var gagnfræðaskóli. Skólarnir tveir störfuðu sem tvær sjálfstæðar stofnanir fram til 2001 en þá voru þeir sameinaðir í eina stofnun undir nafninu Kársnesskóli. Skólinn er því tvískiptur. Yngsta stigið (1.-4. bekkur) er í gamla Kársnesskólahúsinu við Skólagerði og mið- og elsta stig (5.-10. bekkur) eru í Þinghólsskólahúsinu við



Kópavogsbraut. Nemendur skólans eru nú 606 og er Guðrún Pétursdóttir skólastjóri.



DRAUMAHÚSIÐ MITT: **BOLLI THORODDSEN BORGARSTJÓRNARFRAMBJÓÐANDI**

Gott útsýni og bjart inni


Bolli Thoroddsen hefur ákveðna skoðun á því hvernig draumahúsið eigi að líta út, enda verkfræðinemi. „Ég sé fyrir mér hús á sjávarlóð, með fjallasýn en samt í miðbænum. Þannig að líklega er ég að tala um Skúlagötu eða Laugarnesið. Húsið sjálft þarf að vera með stórum gluggum og hátt til lofts en aðallega þó stórt eldhús, þar sem ég get tekið á móti og borðað með vinum mínum og fjölskyldu,“ útskýrir Bolli, hálf dreyminn. Hann eldar þó ekki mikið sjálfur heldur vill frekar vera í því að panta matinn.

„Lykilatriðið er samt gott útsýni og að hafa bjart inni.“ Bolli heldur áfram og hefur sínar hugmyndir um húsbúnaðinn líka. „Ég vil blanda saman sigildum dönskum hönnuðum eins og Börje Mogensen, og ungum íslenskum hönnuðum. Svo vil ég auðvitað hafa allar nýjustu græjurnar en án þess þó að þær skyggi á hina klassísku mynd húsbúnaðarins.“

Þetta er þó einungis draumahúsið, því í raun og veru býr Bolli í þröngum, niðurgrofnum kjallara í vesturbænum. Þar segist hann ekki einu sinni geta skilið eftir opinn glugga án þess að fá alla ketti hverfisins í heimsókn með tilheyrandi afleiðingum. „Markmið næstu tíu ára er að komast upp úr jörðinni og síðan næstu tuttugu í áður nefnt draumahús.“



SELDAR EIGNIR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU*



*Þinglýstir kaupsamningar, heimild Fasteignamat ríkissins.



Aðstaða starfsfólks og gesta Bláa lónsins kemur til með að stækka og batna.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Byggt við Bláa lónið

Samið hefur verið um stækkun Heilsulindarinnar Bláa lónsins.

Byggt verður við Heilsulindina á þrjá vegu. Til austurs verða búningsklefarnir stækkaðir og til vesturs verður bætt við verslunina, ásamt því að aðstaða starfsfólks stækkar. Nýr veitingasalur verður svo byggður til suðurs og einnig eldhús þannig að um verulega viðbót er að ræða í heildina. „Byggingarnar stækka um rúman helming, eða um ríflega 3.000 fermetra, þannig að við stöndum í stórræðum,“ segir Hartmann Kárason, fasteignastjóri Heilsulindarinnar, og tekur fram að áhersla sé lögð á að bæta við rýmið fyrir hvern og einn gest.

Það er fyrirtækið ATAFL sem áður hét Keflavíkurverktakar sem hefur tekið að sér framkvæmdir við byggingarnar sem miðað er við að komist í gagnið næsta sumar.

Stilling
- betri en bestir

Bílavarahlutir



sumardekk

Ný tækni í umferðinni

Ekta radial-barðar tryggja fullkomna stýringu hvort sem vegurinn er þurr eða blautur, það er sama hvernig veðrið er, barðarnir eru alltaf jafn áreiðanlegir og aksturinn jafn þægilegur.

Traustur barði sem veitir öruggan og þægilegan akstur á allskonar vegum.

Barði sem gerður er fyrir mikinn hraða og hámarksafköst og tryggir fullkomi grip á votum vegum.

Hágæða barði fyrir hraðakstur. Mynstrið er alveg sérstakt og hönnunin auðveldar hraðakstur og dregur úr hættu af honum.

Stærð	Verð
14" 175/65R	4.485
14" 185/65R	5.500
15" 195/65R	6.500

Stærð	Verð
14" 185/65R	5.900
15" 195/65R	6.900
15" 205/70R	8.800

Stærð	Verð
15" 185/65R	6.600

Stærð	Verð
15" 195/55R	7.500
16" 205/55R	8.990

Stilling
Bílavarahlutir

ADALNÚMER · SÍMI 520 8000
SKEIFUNNI 11 RVÍK. · SÍMI 520 8001
DRAUPNISGATA 1 AK · SÍMI 520 8002
DALSHRAUNI 13 HFN. · SÍMI 520 8003

SMÍÐJUVEGI 68 KÖP. · SÍMI 520 8004
BÍLDHÖFÐA 16 RVÍK. · SÍMI 520 8005
EYRARVEGI 29 SELF. · SÍMI 520 8006
www.stilling.is

Erum við innflytjendur og margir?



TOSHIKI TOMA
PRESTUR INNFLYTJENDA

Ég er á þeirri skoðun að eitt af grundvallaratriðum í stefnumörkun er varðar innflytjendur sé raunveruleg hvatning og stuðningur íslenska samfélagsins sem myndi stuðla að því að þeir gætu tekið þátt í þjóðfélaginu eins og innfæddir Íslendingar. Hugtakið „þátttaka“ á því að vera lyklatríði í allri umræðu og stefnumótun í málaflokknum.

Um daginn fór ég á kosningafund í Reykjavík, þar sem saman voru komnir fulltrúar fimm aðalstjórn málaflokkanna og svöruðu spurningum innflytjenda. Ég spurði þá hver þeir teldu að þátttaka innflytjenda almennt í samfélaginu væri og hvert væri mikilvægi hennar? Frambjóðandi Sjálfstæðisflokksins sagði að honum fyndist skrifíð að kanna þátttöku innflytjenda sérstaklega þar sem þeir væru ekki einsleitir hópur.

En er það meginatriði hér? Þegar hópur í samfélaginu er aðgreindur frá öðrum með einhverjum hætti og jafnvel „tæknilegum“ einkennum eins og útlendingar, fatlaðir, samkynhneigðir og fleiri og þátttaka þeirra og aðgengi

er bersýnilega minni en eðlilegt getur talist í þjóðfélagi sem hefur það skráð í lög að gæta jafnræðis þá er það um leið fullkomlega eðlilegt að spyrja slíkra spurninga. Er eitthvað í samfélagskerfinu sem hindrar það að þessi hópur taki þátt í þjóðlífinu?

Ef slík hindrun er til staðar ætti að vera markmið að fjarlægja hana. Meginmálið varðar ekki einungis þennan „ákveðna hóp,“ heldur frekar viðhorf samfélags, sem byggist þegar á tilvist viðkomandi hóps og kerfisvanda samfélagsins sem virkar ekki almennilega. Að mínu mati er þátttaka innflytjenda almennt í íslensku samfélagi mjög lítil miðað við mjög hátt hlutfall (90%) þátttöku í atvinnulífi. (Ég

vil gera tillögu um að búa til þátttökuvísitölu innflytjenda á ýmsum sviðum þjóðfélagsins). Álit frambjóðanda Samfylkingarinnar var alveg í hina áttina. Hann viðurkenndi mikilvægi þess að innflytjendur tækju þátt í samfélaginu, en af reynslu sinni kvað hann að erfitt væri að fá fulltrúa þeirra til þátttöku.

Þetta er skiljanlegt en athuga-semdir mínir eru eftirfarandi: Í fyrsta lagi varðar „þátttaka“ á mismunandi sviðum almenna innflytjendur og ekki bara fulltrúa þeirra. Í öðru lagi þá tel ég ekki vænlegt að leita aðeins að „fulltrúa“ innflytjenda, þar sem þeir eru ekki einn hópur (eins og sjálfstæðisframbjóðandi benti á) og

hagsmunasamband þeirra á meðal geta verið mjög flókin.

Í þriðja lagi lýsir það ákveðnu viðhorfi að „bjóða fulltrúum á fund og hlusta á þá“ um aðgreiningu á milli „okkar og hinna.“ Það sem skortir, er ekki aðeins að hlusta á innflytjendur, heldur meira en það, að vinna með innflytjendum og búa. Það er nefnilega „þátttaka“ innflytjenda og ég trúi því að það sé kjarni innflytjendastefnu framtíðarinnar. Þar sem undanfarna daga hefur vaknað mikil umræða um innflytjendastefnu, þar sem óttast er um „of marga innflytjendur,“ þá langar mig að lokum að beina einni spurningu til allra frambjóðenda í komandi kosningum: Í núverandi kosningaherferð og á samkomum, hafið þið upplifað það að of margir innflytjendur hafi hertekið fundarsali?

Hengjum krónu við Evru

UMRÆÐAN
PÉTUR TH. PÉTURSSON GRUNNSKÓLA-
KENNARI SKRIFAR UM EVRUNA

Gengið er lágt og því hagstætt til að ná jöfnuði í viðskipti við útlönd. Spákaupmennska með íslensku krónuna hverfur.

Slá má margar flugur í einu höggi með því að hengja íslensku krónuna á EVRU, þegar EVRAN verður um það bil 100 krónur íslenskar, með því að gera 100 ísl. kr. að einni EVRU til framtíðar.

Margt vinnst við að nota tækifærið núna og breyta krónunni í EVRU: Gengið er lágt og því hagstætt til að ná jöfnuði í viðskiptum við útlönd. Spákaupmennska með íslensku krónuna hverfur. Sveiflur í íslenska hagkerfinu munu minnka og alþjóðaviðskipti íslenskra fyrirtækja mun færast frá US\$ í EVRU í verulegum mæli. Innflytjendur eiga erfiðara með að hækka verð á innfluttri neysluvöru, þar sem krónan gildir áfram sem jafngildi EVRU, meðan umbreytingin á sér stað og íslenskir neytendur geta þá betur borið verð saman við það sem er erlendis. Möguleikar hins venjulega meðal Íslendinga og lítilla fyrirtækja aukast til að fá hagstæð lán í Evrópu, sem stórfyrirtæki, fyrirtækjasamsteypur, ríki og stærri sveitarfélög á Íslandi hafa nú þegar. Þannig fæst jöfnuður milli þeirra smærri og þeirra stóru.

Vextir munu leita jafnvægis við það sem gerist á meginlandi Evrópu. Samkeppni í banka viðskiptum mun aukast og verða sambærilegri við það sem gerist á meginlandi Evrópu. Kostnaður

Íslendinga vegna kaupa og sölu á EVRU mun hverfa að mestu. Afnema má hið séríslenska fyrirbæri verðbætur á lán í einu vetfangi og þar með gera alla eignarmyndun og bókhald fyrirtækja gegnsærra bæði fyrir meðal Íslendinginn og erlendar fjármálastofnanir sem skilja ekki þetta fyrirbæri. Minnka má umfang Seðlabankans, fækka seðlabankastjórum og breyta Seðlabankahúsinu í Alþjóðlega listamiðstöð eða eitthvað enn arðbærara. Nálægð við hótél þeirra ríkustu og söngleikjahöll í hafnar-mynninu ætti ekki að draga úr verðmætinu.

Nú er lag. Ókostir þessarar breytingar eru hverfandi. Útgjöld Seðlabanka verða í lágmarki þar sem 100 kr. myntin hefur gildi einnar EVRU á Íslandi og 1 kr. eins EVRU sents meðan ástæða þykir til að nota íslensku myntina innanlands. Bönkum yrði gert að skipta smám saman út íslensku krónunni fyrir EVRU, þegar viðskiptavinur óskar þess, án kostnaðar fyrir viðskiptavininn.

ÉG skora því á ríkisstjórn og alþingismenn að bregðast nú skjótt við og keyra þessa breytingu í gegnum vorþingið 2006, meðan EVRAN er um það bil 100 krónur.

SENDIÐ OKKUR LÍNU
Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnrð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísí eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Askilinn er réttur til leiðréttinga og til að styttta efni.

KÄRCHER
Háþrýstidælar fyrir heimili
hesthús - verkstæði

Diskur á palla - sléttar

K 2.75 með hliu

K 499 **RAFVER HF**
Fjölbreytt úrval

SKRIFAN 3E-F - 10E REYKJAVÍK
SÍMI 581 2333 / 581 2415
RAFVER@RAFVER.IS - WWW.RAFVER.IS

ÞÚ ERT SJÓNVARPSSTJÓRI Á *vísir* VEFTV

HORFÐU EINSOG PÉR SÝNIST!

Yfir 300 sjónvarpsþættir og kvikmyndir í stafrænum gæðum á visir.is

Á Húsavík sér framtíð?

Málþing á Fosshóteli Húsavík 9. maí 2006 um álver og efnahagsáhrif þess á Norðurlandi

Fyrir skömmu tilkynnti Alcoa að það hefði áhuga á að reisa annað álver sitt á Íslandi á Húsavík. Hér er hugsanlega um að ræða álver sem myndi framleiða 250 þús. tonn af áli á ári og ráða um 300 starfsmenn, en afleidd störf yrðu um eða yfir 300.

Rætt verður um þætti eins og: Hvaða áhrif hefur álver á N-Austurlandi á afkomu svæðisins og tekjur þjóðarþúsins? Verður álverið knúið vistvænni orku frá háhitasvæðum við bæjardyr Húsavíkur? Hver hefur reynslan verið á Austurlandi þar sem gróska ríkir? Liggur Húsavíkurhöfn vel við siglingaleiðum til helstu hafna álfunnar? Er staðarvalið ekki kostur?

- Dagskrá:
- Hagrænir þættir og tækifæri í nærumhverfi**
Edda Rós Karlsdóttir, forstöðumaður greiningardeildar Landsbankans
 - Samspil umhverfisverndar og athafnalífs**
Árni Sigurbjarnarson, fulltrúi Húsguills
 - Hagræn áhrif álvers**
Sveinn Agnarsson, hagfræðingur við Hagfræðistofnun HÍ
 - Ört vaxandi athafnalíf á Austurlandi**
Tómas Már Sigurðsson, formaður Viðskiptaráðs Austurlands og forstjóri Alcoa Fjarðaáls
 - Stóriðja og flutningar**
Einar Eyland, svæðisstjóri Eimskips á Norðurlandi
 - Umræður og fyrirspurnir**
Fundarstjóri: Tryggvi Finnsson, framkvæmdastjóri Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga.

Fulltrúar launþega, atvinnurekenda og úr stjórn málum eru sérstaklega hvattir til að mæta. Fundurinn er opin og öllum sem hafa áhuga á byggingu álvers á Húsavík.

Málþingið verður þriðjudaginn 9. maí nk. frá kl. 17:00 til kl. 18:30.

Að fundinum standa: Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga, Viðskiptaráð Austurlands, Orkuþing, Alcoa, Landsbankinn, KEA, Eimskip og Alli Geira hf.



HELENA PETROVNA BLAVATSKY
(1831-1891) LÉST PENNAN DAG.

„Leiðin áfram er lýst upp af einstökum eldi – þori sem brennur í hjartanu. Því meira sem maðurinn þorir því meira mun hann fá.“

Helena Blavatsky er af mörgum talin upphafskona nýaldarstefunnar.



tímamót

timamot@frettabladid.is

ANDLÁT

Helga Eldon lést á krabbameins-deild Landspítalans 3. maí.

Margrét Hermannsdóttir, frá Bıldudal, Pangbakka 3, er látin. Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

Axel Björnsson, Lindarhvammi 2, Hafnarfirði, lést á krabbameinsdeild Landspítalans 5. maí.

Eiríkur Frímann Sæmundsson, fyrrverandi heildsali, er látinn.

JARÐARFARIR

13.00 **Ingunn Helgadóttir**, áður Kamsvegi 4, verður jarðsungen frá Grafarvogskirkju.

13.00 **Hrefna Magnúsdóttir**, Fannborg 8, áður Melgerði 16, Kópavogi, verður jarðsungen frá Kópavogskirkju.

13.00 **Jóhann Þorgilsson**, frá Ólafsvík, verður jarðsungen frá Fossvogskapellu.

13.00 **Puríður Bára Sigurðardóttir**, Lækjasmára 58, Kópavogi, verður jarðsungen frá Digraneskirkju.

AFMÆLI

**Hallur Hallsson**
blaðamaður er 55 ára.

**Ásgeir Sigurvinsson**
knattspyrnuþjálfari er 51 árs.

**Valgeir Skagfjörð**,
leikari og tónlistar-
maður er fimmtugur.

**Ellen Kristjánsdóttir**
tónlistarkona er 47 ára.

**Magnús Tumi Guðmundsson**, prófessor í jarðeðlisfræði, er 45 ára

PETTA GERÐIST > 8. MAÍ 1968

Kray-tvíburarnir handteknir

Á þessum degi árið 1968 voru hinir 34 ára tvíburar Reginald og Ronnie Kray handteknir í London ásamt eldri bróður þeirra Charlie.

Handtaka þeirra var hluti af risastóri aðgerð Scotland Yard sem þennan dag sendi hundrað lögreglumenn út af örkinni til að taka menn höndum sem tengdust glæpastarfsemi eins og morðu, svikum og líkamsmeiðingum.

Kray-bræðurnir voru handteknir fyrstir, á heimili móður þeirra. Þeir lágu í rúminu þegar lögreglan æddi inn og skipaði þeim að klæðast en að því loknu voru þeir fluttir í þremur bílum á lögreglustöðina. Í lok dags höfðu átján verið handteknir í þessari lögregluaðgerð.

Kray-tvíburarnir stunduðu áður hnefaleika en voru þegar þarna var komið sögu orðnir viðskiptamenn og áttu nokkurn fjölda næturklúbba í borginni.



BRÆÐURNIR KRAY

Í mars ári síðar eftir söguleg réttarhöld voru tvíburarnir dæmdir í lífstíðarfangelsi fyrir morðin á George Cornell og Jack „The Hat“ McVitie, sem báðir tilheyrðu undirheimum Lundúnaborgar.

Árið 1990 var gerð kvikmynd um sögu þeirra bræðra. Myndin jók fylgi þeirra og stuðningsmenn þeirra reyndu að fá þá lausa úr fangelsi. Það tókst hins vegar ekki.

Ronnie lést úr hjartaáfalli í fangelsi árið 1995. Reggie var sleppt úr haldi mánuði áður en hann lést úr krabbameini í október 2000.

Eldri bróðir þeirra Charlie sem var dæmdur í tíu ára fangelsi árið 1969 fyrir að hjálpa þeim bræðrum. Honum var sleppt úr haldi 1975 en var á ný fangelsaður 1997 fyrir aðild sína að fíkniefnamáli. Hann lést í apríl árið 2000.



ÖRN FRÍÐRIKSSON FORMAÐUR FJ OG HELGI LAXDAL FORMAÐUR VSFÍ Formennirnir tveir leiða félög sín til sameiningar þessa dagana. „Járniðnaðarmenn eru þrýðisfólk,“ segir Helgi um væntanlega féлага sína í sameinuðu verkalyðsfélagi. „Nú vex bara kraftmeira tré upp af nýjum sprota,“ segir Örn meðal annars um nýja félagið.

FÉLAG JÁRNIÐNAÐARMANNA OG VÉLSTJÓRAFÉLAG ÍSLANDS: SAMEINAST Í HAUST

Nýja nafnið skal vera þjált

Tvö verkalyðsfélög með langa sögu undirbúa þessa dagana að renna saman í eitt. Félag járniðnaðarmanna og Vélstjórafélag Íslands hafa undanfarin tvö ár staðið í viðræðum um sameiningu og nú hefur verið efnt til samkeppni um nafn á nýja félagið.

„Þegar við höfum samningaviðræðurnar ákváðum við að láta þessi viðkvæmu mál bíða, eins og nafnið og hvar félagið yrði til húsa. Við horfðum bara á efnislegu þættina eða hvernig sameining kemur félagsmönnum okkar til góða,“ segir Örn Friðriksson, formaður Félags járníðnaðarmanna. Ákveðið var í framhaldinu að láta samkeppni ráða nafni félagsins og rennur frestur til að skila inn tillögum í lok maí. „Þetta er mál sem er nærri hjartanu á mörgum. Því vonumst við til að félagsmenn láti andagiftina njóta sín og sendi okkur góðar tillögur,“ bætir Örn við.

„Að mínu mati skiptir nafnið ekki svo miklu máli nema það þarf að vera

þjált í munni,“ segir Helgi Laxdal sem er formaður Vélstjórafélags Íslands. Hann sér sameininguna sem nauðsynlega breytingu og hefur góða tilfinningu fyrir henni. „Einu sinni var flott að hafa ritvél á skrifstofunni en nú eru allir með tölvur. Tímarnir breytast og við verðum stærri og öflugri eftir sameininguna.“

Nýja félagið verður landsfélag með um fjögur þúsund félagsmenn. „Eftir sameininguna eignum að geta dregið úr heildarrekstrarkostnaði sem þýðir að við eigum að geta lækkað félagsgjöldin. Einnig verðum við með fleiri á skrifstofunni sem þýðir að við verðum með sérhæfðara starfsfólk og eignum að geta veitt okkar félagsmönnum betri þjónustu en við gerum í dag. Við verðum líka með mjög mikið af sumarhúsum í boði og eignir upp á tæpan milljarð,“ segir Helgi. „Það er ljóst mál að nýja félagið hefur þá stærð og kraft að vinna heilmikla vinnu í sambandi við endur-

menntunarmálin, í samskiptum við stjórnvöld og ýmsa aðila á vinnu-markaðnum. Endurmenntunin er gríðarlega mikilvæg því miklar tækniþreyingar eru í þessum greinum og menn þurfa sífellt að vera að bæta við sig,“ segir Örn.

Hvorki Örn né Helgi eru nýgræðingar í verkalyðsmálum. Helgi hefur verið formaður Vélstjórafélags Íslands undanfarin 24 ár og Örn litlu styttra, eða í 18 ár. Spurðir að því hvernig þeim finnst að sameina félögin í ljósi þessarar löngu reynslu segjast þeir báðir vera bjartsýnir á framtíðina. „Járníðnaðarmenn eru þrýðisfólk eins og ég hef kynnst þeim. Ég hlakka til að starfa enn meira með þeim,“ segir Helgi. Örn tekur í sama streng en viðurkennir þó að hann muni sjá á eftir gamla félaginu sínu. „Breytingarnar taka í hjá mér eins og öðrum en það þýðir ekkert að setja það fyrir sig. Nú vex bara kraftmeira tré upp af nýjum sprota.“



LITLI LÓGAN Stæðilegur fílsungi kom í heiminn á dögnum fjarrí heimkynnum sínum í Asíu. Hann heitir Lógan og á heima rétt hjá borginni Cambridge. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hagyrðingar í Gjábakka

Síðan á fimmtudaginn hafa Kópavogsdagar staðið yfir í Kópavogi og er þetta í þriðja sinn sem dagarnir eru haldnir. Lista- og menningarráð Kópavogs stendur fyrir þessum menningardögum sem standa yfir þangað til fimmtudaginn 11. maí sem er afmælisdagur bæjarins.

Af nógu er að taka fyrir áhugafólk um menningu í Kópavogi. Í kvöld klukkan 20 verður til dæmis haldið hagyrðingakvöld í Gjábakka en þaðan er starfræktur ljóðahópur sem stendur að verkefninu. Hagyrðingar eru Unnur Halldórsdóttir,



KÓPAVOGUR Kópavogsdagar standa nú sem hæst og verður í kvöld meðal annars boðið upp á hagyrðingakvöld í Gjábakka.

Samúel Örn Erlingsson, Ragnar Aðalsteinsson og Þórður Helgason og verður auk skemmtunarinnar boðið upp á rjúkandi kaffi og munnbita.

Aðgangseyrir er þúsund krónur og rennur ágóðinn til útgáfu á hljómdisk með ljóðum félaga í ljóðahópnum sem fyrirhugað er að komi út á árinu.

**Fallegir legsteinar á góðu verði**
Englasterinar
Hélluhrauni 10 Hafnarfirði
Sími: 565-2566
www.englasterinar.is

LEGSTEINAR
Fallegir legsteinar úr graníti, grágrýti, blágrýti, gabbró, líparíti og marmara. Hjá okkur finnur þú það sem hentar þér og þínum.

**S:HELGASON**
Skemmuvegi 48 | 200 Kópavogur | sími 557 6677 | www.shelgason.is

Fróðleikur af gardur.is

**Meistari endursköpunar í ljóðagerð:**
Snorri Hjartarson
Snorri Hjartarson var f. 22. apríl 1906 á Hvanneyri, Borgarf., sonur Hjartar Snorras. skólastj., b. og alþm. og k.h. Ragnheiðar Torfad. Ólst upp frá 1915 í Arnarholti nál. Norðurá. Gekk í 4. og 5. bekk MR, hætti v. brjóstveiki. Orti frá 16. ári. Við listnám í Kh.1930, Listaakad. í Ósló 1931–2. Gaf út skáldsögu á norsku, Höit flyver raven. Átti norska konu; skildu barni. 1936; fluttist heim. Var á Stóra-Núpi og Ísaf., frá 1939 í Rvík. Bókavörður við Bæjar/Borgarbókasafn Rv. 1939–43, yfirbókav. 1943–66. 1. ljóðabók: Kvæði (1944); augljós snilld í hverju ljóði, hljóð- og litfegurð: Það gisti öður / minn eyðiskóg / er ófætt vor / bjó í kvistum, / með morgunsvala / á sólardyr / leið svefninn ylfjór / og göður. Meistari í notkun hálfriks. Naut áhrifa erl. sem ísl. skálda, einkum Jónasar; brúar bil milli hans og yngri höfuðskálda. Á Gnitaheiði (1952) hélt áfram glæstum farvegi Kvæða, m. þyngri undirhljómi. Lauf og stjórnur (1966): óbundin, innhverf ljóð sækja á. Í stj. Rithöf.fél. 1945–50; fors. Bandal. ísl. listam. 1957–9; heiðursfél. beggja. Hlaut bók.m.verðl. Norðurl.ráðs 1981 fyrir Hausttrökkrið yfir mér (1979). Heiðursdoktor HÍ 1986. Lézt 27. des. 1986. Svipmikill, karlmannl., ljúfur í viðmóti; gekk um fjöll og óbyggðir með vinum sínum. Kvæðasafn: 1992, 2006. Ljóð hans voru þýdd á 12 tungumál. Sá um margar útg., einkum ljóðasafna.

Meira um hann á gardur.is

**Meira um hann á gardur.is**
Hingst er að setja inn arvidning lútinna Íslendinga með því að hringja í síma 585 2700 eða á gardur.is.

Veldu HYUNDAI gæði, veldu TERRACAN

Terracan DELUXE

- 2900 cc. Turbo Dísel 163 hö.
- Sjálfskiptur
- 32" Arctic Trucks jeppabreyting
- TSC spólvörn
- Sítegt aldrif með læsingu
- ABS með EBD hemlajöfnun
- Tölvustýrð miðstöð
- Samlitun
- Leðuráklæði
- Hiti í sætum
- Topplúga
- Dökkar afturrúður



Vertu í sambandi við náttúruna

TERRACAN í ARCTIC TRUCKS útgáfu hlaðinn staðalbúnaði

Kr. 46.039 á mánuði*



Með bílinn handa þér

STÓRI
HM LEIKURINN



Félag íslenskra
fótboltaáhugmanna
www.soccer.is

Langar þig að upplifa stærsta
íþróttaviðburð í heimi?

Þú kemst í pottinn með því
að reynsluaka **Hyundai** hjá
B&L, borða á **McDonalds**
eða fara inn á **Icelandair.is**


- ✓ 4 VIP miðar á úrslitaleikinn í HM 9.júlí
- ✓ 2 miðar á leik í undanúrslitum
- ✓ 2 miðar á leik í 16-liða úrslitum
- ✓ 2 miðar á leik Brasilíu og Króatíu í F-riðli
- ✓ 10 helgarferðir fyrir tvo með Icelandair
- ✓ 400 máltíðir frá McDonalds
- ✓ 500 Hyundai HM-leðurboltar



HYUNDAI



i'm lovin' it



HYUNDAI
Official Partner



HYUNDAI hefur gæðin

B&L • Grjóthálsi 1 • 110 Reykjavík • 575 1200 • www.bl.is

Keflavík 421 4444

Akranes 431 2622

Akureyri 461 2533

Egilsstaðir 471 2524

* Eftir samningur til 84 mánaða með 30% útborgun. Mánaðarlegar greiðslur eru háðar vaxta- og gengisþróun.

STUÐ MILLI STRÍÐA: Listin að gefa

FREYR GÍGJA GUNNARSSON MINNIST FÁTÆKU EKKJUNNAR



Ekkjan sat á bekk í steikjandi hita. Hún var klædd í svartan, skítugan kufl og þurrkaði svitann af enninu öðru hvoru enda var heitt í borginni þennan dag. Hendur hennar báru þess merki að hafa stritað alla sína ævi og andlit hennar var þreytt. Þar sem ekkjan sat og fylgdist með borgarlífinu fljóta áfram sá hún auðkýfingana sem bárust á. Þeir voru í klæddir í fín fót svo að engum skyldi dyljast að þarna væru auðmenn á ferð.

Á miðju torginu var krukka fyrir þá sem minna máttu sín. Auðkýfingarnir staðnæmdust fyrir framan hana og gortuðu sig af því hvað hver hefði gefið mikið. „Fréttir af gjöfum mínum hafa borist um allan heim,“ sagði feitlaginn náungi sem bar framandi skraut um hálsinn. „Neyðaraðstoð mín bjargaði heilu þorpunum,“ bætti annar við. Svo hátt töluðu mennirnir um góðverk sín að þau fóru ekki fram hjá nokkrum borgarbúa. Að því búnu tóku þeir gilda peningapýngjuna, töldu silfrið af mikilli nákvæmni og létu síðan nokkra velvalda falla ofan í krukkuuna. Ekki sást mikið á pyngjunum en krukkan sjálf hafði varla fundið fyrir jafn miklum þunga.

Ekkjan fylgdist með hamagangi auðmannanna sem kepptust hver um sig að láta nærstadda vita af gjöf sinni, örfáir peningar skiptu þá ekki miklu máli. Þegar auðuga hersingin hafði loksins lokið sér af með tilheyrandi lófaklappi viðstaddra stóð ekkjan upp, gekk í átt að krukkunni og lét eina silfurpeninginn sem hún átti. Hún átti afganga frá gærdeginum sem hægt var að láta sér lynda ef peningurinn yrði til þess að aðrir fengu mat. Listin að gefa var orðuð snilldarlega af konu í sjónvarpi fyrir ekki margt löngu. „Þetta er ekki spurning um að gefa mikið heldur að finna fyrir því að maður hafi gefið eitthvað.“

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Överli



Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



Pú og Pa

Eftir SÖB



Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



Barnalán

Eftir Kirkman/Scott



FRÉTTAVEITAN


Fréttirnar koma fyrst til þín_

Fréttaveitan beint í farsímann eða tölvupóst!

Þeir sem skrá sig fyrir þjónustunni fá daglega sendar helstu fréttir dagsins. Þú velur hvort þú vilt fá fréttir sendar í farsímann þinn þegar þær berast eða einu sinni á dag með tölvupósti.

Þú velur hvaða fréttaflokka þú vilt fá senda til þín og stillir þannig þína eigin fréttaveitu.

Þeir sem skrá sig fyrir 1.júní geta unnið 150.000 kr. gjafabréf frá Úrval Útsýn.



skráðu þig á
VÍSIR
Fréttirnar koma til þín

20-50% afsláttur af öllum grillum

Þú færð grillið samsett og heimsent þér að kostnaðarlausu*



Grandhall Professional



BBQ Master 2301



BBQ Master 2300



Grandhall Premium



Broil King Regal 20XL



Sterling 2555



Sterling 1714



Sterling 1104



Fire Friend ferðagagrill



Grillino Champ

*Gildir fyrir stórhöfuðborgarsvæðið og Akureyri, heimsendingar eiga ekki við um Fire Friend eða Grillino Champ.

Gildir til 12. maí eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

"Afrek" - DV

"Höfðar jafnt til barna - sem fullorðinna" - Morgunblaðið

"ákaflega falleg" - Fréttablaðið

HAFIÐ BLÁA

Í AUSTURBÆ

Sun 07.05 kl: 13.30

Miðapantanir í Austurbæ og á [midi.is](#).
Miðasala Austurbæjar er opin milli 13 - 17 alla daga
sími : 551 4700

IsMedia

REPERASJÓN PLANTIN

TM



BJÓÐLEIKHÚSIÐ

Bjólleikhúsið – leikhúsið pitt!

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00

FAGNAÐUR

Frumskýning sun. 14/5 uppselt, 2. sýn. fim. 18/5 örfá sæti laus, 3. sýn. fös. 19/5 örfá sæti laus, 4. sýn. lau. 20/5 örfá sæti laus, 5. sýn. sun. 21/5 örfá sæti laus.

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00

ÁTTA KONUR

Fös. 12/5 örfá sæti laus, lau. 13/5. **Síðustu sýningar.**

KASSINN KL. 20:00

PÉTUR GAUTUR

Lau. 13/5 **uppselt. Sala hafin á sýningar í september.** Fös. 15/9, lau. 16/9 nokkur sæti laus, sun. 17/9.

UMBREYTING - LJÓÐ Á HREYFINGU

Frumskýning sun. 14/5 kl. 17:00 uppselt, mið. 17/5 , fim. 18/5 , fös. 19/5, lau. 20/5, sun. 21/5.

LITLA SVIÐIÐ

NÚ SKYLDI ÉG HLÆJA, VÆRI ÉG EKKI DAUÐUR

Lau. 13/5 kl. 15:00 nokkur sæti laus.
Samstarfsverkefni Nemendaleikhúss LHÍ og Bjólleikhússins.

LEIKHÚSKJALLARINN

Hugleikur - Þetta mánaðarlega. Þri. 9/5 og fim. 11/5 kl. 21:00
Jassklúbbur Múlans - Gítartríóið. Mið. 10/5 kl. 21:00
Leikhúskjallarinn - gerðu meira úr góðri kvöldstund í leikhúsinu!
Leikhússveisla í mat og drykk fyrir sýningar um helgar frá kl: 18:00.
Smáréttir og veigar eftir sýningar. Borðapantanir í síma **585 1295**.

MÍÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - [WWW.LEIKHUSID.IS](#)
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. ADRA DAGA KL. 12:30-20:00.
MÍÐASÓLUSíMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.

BORGARLEIKHÚSIÐ



RONJA RÆNINGJADÓTTIR	BELGÍSKA KONGÓ
Lau 20/5 kl. 14 Su 28/5 kl. 14	Su 14/5 kl. 20 Fi 18/5 kl. 20 Mi 24/5 kl. 20 SÍÐUSTU SÝNINGAR
SÍÐUSTU SÝNINGAR Í VOR ÓSÓTTAR PANTANIR SELÐAR DAGLEGA	
FULLKOMIÐ BRÚÐKAUP	HUNGUR
Í kvöld kl. 20 UPPS. Þr 9/5 kl. 20 UPPS. Mi 10/5 kl. 20 UPPS. Fi 18/5 kl. 20 UPPS. Fö 19/5 kl. 20 UPPS. Fö 19/5 kl. 22:30 UPPS. Su 21/5 kl. 20 UPPS. Fi 25/5 kl. 20 UPPS. Fö 26/5 kl. 20 UPPS. Fö 26/5 kl. 22:30 UPPS. Su 28/5 kl. 20 UPPS. Fi 1/6 kl. 20 UPPS. Fö 2/6 kl. 20 UPPS. Fö 2/6 kl. 22:30 UPPS. Má 5/6 kl. 20 Fö 9/6 kl. 20 Fö 9/6 kl. 23 Má 12/6 kl. 20	Su 14/5 kl. 20 SÍÐASTA SÝNING
VILTU FINNA MILLJÓN?	TENÓRINN
Forsýningar miðaverð 1.500 Fö 12/5 kl. 20 UPPS. Lau 13/5 kl. 20 UPPS. Má 15/5 kl. 20 UPPS. Þri 16/5 kl. 20 UPPS. Mi 17/5 kl. 20 UPPS. Fö 19/5 kl. 20 FRUMSÝNING UPPSELT Su 21/5 kl. 20 UPPS. Fi 25/5 kl. 20 Fö 26/5 kl. 20 Fö 2/6 kl. 20 Lau 3/6 kl. 20 Má 5/6 kl. 20 Fi 8/6 kl. 20 Fö 9/6 kl. 20	Fi 18/5 kl. 20 Lau 27/5 kl. 20 ÞEINS ÞESSAR SÝN.
MIKE ATTACK	HLÁTURHÁTIÐ
Einleikur Kristjáns Ingimarssonar Su 14/5 kl. 14 SÍÐASTA SÝNING MÍÐAVERÐ 1.900	Fi 11/5 kl. 22:30 PÖRUPILTAR OG DRAGDROTTNINGAR Pörupiltarnir troða upp ásamt óvæntum gestum. Þeir sem mæta í "dragi" fá frítt inn! MÍÐAVERÐ 1.000 Fi 18/5 kl. 22:30 LEIKTU FYRIR MIG Leikarar leika eftir pöntun þín uppáhaldsatriði úr Áramótaskaupunum. MÍÐAVERÐ 1.000. Fi 25/5 kl. 22:30 BANANABIKARINN Leikarar frá Leikfélagi Reykjavíkur og Leikfélagi Akureyrar, keppa í leikhússporti MÍÐAVERÐ 1.000. Su 28/5 kl. 20:00 HLÁTURNÁMSKEIÐ Ásta Valdimarsdóttir og Kristján Helgason kenna hláturjoga. MÍÐAVERÐ 1.000
MARLENE DIETRICH-ÍÐ	
Má 15/5 kl. 20 Þr 16/5 kl. 20 Mi 17/5 kl. 20 ÞEINS ÞESSAR SÝN	

Miðasala í síma 568 8000 - [www.borgarleikhus.is](#)

FRÉTTABLAÐIÐ

8. maí 2006 **MÁNUDAGUR**

!

Kl. 21.00
Leikfélagið Frú Emilía sýnir 100 ára hús eftir Jón Atla Jónasson á Ylströnd-inni í Nauthólsvík. Leikstjóri Hafliði Arngrímsson.

> Ekki missa af...

Hugleikstónum í Þjóðleik-húskjallaranum á Þriðju-dagskvöldið. Litskrúðug skoðunarferð um tónlistar-arf Hugleiks hefst kl. 21.

Sýningunni HOMESICK í Listasafni Akureyrar. Fjöl-þjóðleg nálgun á heima-haga og hnattræna þrá eftir samastað.

Skáldspírukvöldi með Andra Snæ Magnasyni í Iðuhúsinu við Lækjargötu, Þriðjudags-kvöld kl. 20. Búast má við líflegum umræðum.

menning

menning@frettabladid.is



PERLA ÞÝSKRAR ÓPERUSÖGU Á FJÖLUM BJÓÐLEIKHÚSSINS Galdraskyttan eftir Weber verður sýnd á Listahátíð í sumar.

MYND/ EGGERT JÓHANNESSON

Galdraskytta á Listahátíð

Hin heimspekkta þýska ópera Galdraskyttan eftir Carl Maria von Weber verður flutt í fyrsta sinn á Íslandi nú á vordögum sem hluti af dagskrá Listahátíðar Reykjavíkur.

Óperan Galdraskyttan hefur átt miklu fylgi að fagna, sérstaklega í Evrópu, en líkleg ástæða þess að verkið hefur ekki verið sett upp hér á landi áður er hversu stórt það er að umfangi.

„Þetta er án efa einhver magn-aðasta ópera sem samin hefur verið,“ segir Hrólfur Sæmunds-son, einn af lykilsöngvurum í óper-unni. „Verkið krefst mikils af söngvurunum, kórinn þarf að vera feiknastór og öflugur og hljóm-sveitin fjölmenn og góð.“

Eins segir Hrólfur að verkið sé

mjög erfitt til söngs en það krefj-ist mikils raddstyrks og mýktar sem ekki sé á færi allra óperu-söngvara. Kolbeinn Ketilsson syngur aðalhlutverk söguhetjunn-ar Max sem selur sál sína sjálfum djöflinum til að komast yfir galdrakúlur en þær þarf hann til að vinna hug stúlkunnar sem hann elskar.

„Þarna gefur að líta galdrakukl, unga elskendur og lífsglaða veiði-menn, svo fátt eitt sé nefnt. Galdraskyttan er áhrifamikið verk, fullt af mannlegum harmi og örvæntingu, en líka fjörugt og skemmtilegt. Verkið er svokallað Singspiel, líkt og Töfraflauta Moz-arts, en það þýðir að milli sung-inna þátta óperunnar eru talaðar senur,“ útskýrir Hrólfur og bætir við að Kolbeinn sé eini íslenski tenórinn sem sé að syngja þetta hlutverk um þessar mundir en hann hafi að vísu þrisvar sinnum

áður í Þýskalandi tekið þátt í uppfærslu á þessari óperu.

Átta einsöngvarar taka þátt í uppfærslunni, þar á meðal Hlín Pétursdóttir, Valgerður Guðna-dóttir og Herbjörn Þórðarson. Leikstjóri er Jón Gunnar Þórðar-son en um hljómsveitarstjórn sér Gunnsteinn Ólafsson, sem einnig þýðir verkið yfir á íslensku. DANSleikhúsið sér um dans og hreyfingar, Sinfóníuhljómsveit unga fólksins leikur undir og Sum-aróperan syngur ásamt fimmtíu félögum úr Karlakórnum Fóst-bræðrum. „Í það heila taka um áttatíu manns þátt í þessari perlu þýskrar óperusögu, þannig að verkefnið er gríðarlega stórt,“ segir Hrólfur.

Óperan verður í sýnd í Þjóð-leikhúsinu í byrjun júní en aðeins eru áætlaðar fjórar sýningar. Hægt er að nálgast miða á heima-síðu leikhússins.

- brb



Le Sing
Syngjandi þjónar
Ein vinsælasta leiksýning landsins.
Alla laugardaga

Alltaf jafn fersk - alltaf jafn skemmtileg

BROADWAY
Sími: 533-1100



LITLA HRYLLINGSBÚÐIN
Sett upp í samstarfi við Leikfélag Akureyrar

LAUGARDAGUR 13. MAÍ KL. 20 - FRUMSÝNING - UPPSELT
SUN. 14. MAÍ KL. 19 - UPPSELT
LAU. 20. MAÍ KL. 19 - NOKKUR SÆTI LAUS
LAU. 27. MAÍ KL. 15 - AUKASÝNING
LAU. 27. MAÍ KL. 19 - ÖRFÁSÆTI LAUS
LAU. 3. JÚNÍ KL. 19 - ÖRFÁ SÆTI LAUS
LAU. 10. JÚNÍ KL. 19 - Laus sæti

Frðbær sýning sem hefur slegið algjörlega í gegn.
Sýnd í Óperunni í maí og júní.
Miðasala hafin

[www.opera.is](#) | [opera@opera.is](#) | Sími: 511 4200

Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga frá kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga Símasala kl. 10-18, Þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Óperuvefnum allan sólarhringinn



ÍSLENSKA ÓPERAN



PER PETTERSON Bók hans var lófuð af breskum gagnrýnendum þegar hún kom út í enskri þýðingu fyrir júl.

NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Norsk bók vann

Norski rithöfundurinn Per Petterson vann óvænt til verðlauna breska dagblaðsins The Independent fyrir besta erlenda skáldverk ársins 2005. Þau hlaut hann fyrir fimmtu skáldsögu sína, Ut og stelje hester eða Úti að stela hestum eins og það myndi útleggjast á íslensku.

Meðal annarra sem tilnefndir voru til verðlauna The Independent var ungverska nóbelskáldið Imre Kertesz.

Saga Pettersons segir frá 67 ára gömlum manni sem þarf að rifja upp erfiða atburði úr æsku sinni sem settu varanleg áhrif á hann. Bókin sló í gegn þegar hún kom út í Noregi árið 2003 og var til dæmis kjörin besta bók ársins af bóksölum þar í landi. Enska þýðingin hlaut einróma lof gagnrýnenda þegar hún kom út í Englandi í nóvember í fyrra undir titlinum Out Stealing Horses. Petterson var sérstaklega lofaður fyrir sterka persónusköpun og hefur verið líkt við landa sinn Knut Hamsun og bandaríska rithöfundinn Raymond Carver en áhrif hins síðarnefnda þykja setja sterkan svip á Ut og stelje hester.

Per Pettersson er fæddur árið 1952. Hann var bókasafnsvörður og bóksali áður en hann gaf út sitt fyrsta verk árið 1987. Bækur hans hafa enn sem komið er ekki verið þýddar á íslensku.

- bs

HVAD? HVENÆR? HVAR?

MAÍ

5 6 7 8 9 10 11

Mánudagur

TÓNLEIKAR

- ☐ 20.00 **Raddbandalag** Reykjavíkur heldur tónleika í Laugarneskirkju. Stjórnandi er Sigrún Grendal.
- ☐ 20.00 **Vortónleikar** Tónlistarskóla Kópavogs verða haldnir í **Salnum**. Nemendur á ýmsum stigum koma fram og flytja fjölbreytta efnisskrá. Tónleikarnir eru hluti af **Kópavogsdögum** sem nú standa yfir í bænum. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.

LEIKLIST

- ☐ 21.00 Leikfélagið **Frú Emilía** sýnir **100 ára hús** eftir Jón **Atla Jónasson** á Ylströndinni í **Nauthólsvík**. Leikstjóri er **Hafliði Arngrímsson**.

FYRIRLESTRAR

- ☐ 12.00 **Dr. Gilad Livne**, gestakennari við viðskipta- og hagfræðideild **Háskóla Íslands**, heldur fyrirlestur í **Ödda** um kostnað vegna opinberra skulda. Fyrirlesturinn fer fram á ensku í stofu 101. Allir velkomnir.

SÝNINGAR

- ☐ 10.00 Útskriftarnemendur í **Listaháskóla Íslands** sýna verk sín í **Hafnarhúsinu**. Sýningin stendur til 25. maí.
- ☐ 11.00 **Gunnar Þorsteinsson** myndhöggvari sýnir í **Hafnarborg**. Sýningin **Kvika í búi** er opin frá 11-17 í dag.
- ☐ 13.00 Opíð hús í **Ásgarði í Mosfellsbæ**. Sýning á handverki og kaffiveitingar. Allir velkomnir á uppákomu á vegum listahátíðarinnar **Lista án landamæra**.
- ☐ 13.00 **Adam Bates** sýnir í **Galleríi Úlfi** á **Baldursgötu 11**. Sýningin **Sögur** stendur yfir í maímánuði.

Létt og laggóð dagskrá Raddbandalagsins

Raddbandafélag Reykjavíkur heldur tónleika í Laugarneskirkju í kvöld en yfirskrift þeirra er „létt og laggott“.

Á efnisskránni má finna rússnesk lög, norræn söng- og þjóðlög, ættjarðarlög og dægurlög úr ýmsum áttum. Kórinn undirbýr nú þátttöku í norrænni tónlistarhátíð „Nordic Music Festival“ sem haldin verður í St. Pétursborg í maímánuði og eru tónleikarnir á mánudaginn liður í þeim undirbúningi. Tónlistarhátíðin sem er haldin fyrir tilstuðlan hins þekhta stjórnaða Kristofers Wahlander er nú haldin í þriðja sinn en Íslendingar taka nú í fyrsta sinn þátt í hátíðinni.



RADDBANDAFÉLAG REYKJAVÍKUR Sönghópur skipaður hressum og söngelskum karlmönnum.


Píanóleikarar á tónleikunum verða tveir, þau Þuríður Helga Ingadóttir og rússneski píanóleikarinn Konstantin Ganshin sem

mun spila með Raddbandafélaginu í Pétursborg. Sævar Örn Sævarsson mun leika á rafbassa en stjórnandi sönghópsins er Sigrún

Grendal.

Tónleikarnir hefjast kl. 20 og eru miðar seldir við innganginn.

- khh



VIÐ STÆKKUM DÖFNUM OG FLYTJUM!

Next verður lokuð
frá mánudegi til miðvikudags.

Opnum nýja og glæsilega
verslun í Kringlunni
fimmtudaginn 11.maí.





EUROVISION 2006 GUNNHILDUR A. GUNNARSDÓTTIR SKRIFAR UM SILVÍU OG KEPPINAUTANA

Anna Vissi og Kate Ryan leiða saman hunda sína

Slagurinn harðnar. Loforðin verða stærri. Anna Vissi, gríski keppandinn, er nýfarin frá Brussel. Þar hitti hún að sjálfstöðu Kate Ryan, belgíska keppandann. Þær báru saman bækur sínar og komust að því að þær ættu margt sameiginlegt, helst þó áhuga á dýrum. Þær ræddu meðal annars að para hundana sína saman í Grikklandi. Um það má lesa á grísku Eurovision-síðunni, sem fylgir Önnu eftir á ferðalögum hennar um Evrópu.

Anna fer áhyggjulaus í keppnina, hún á tryggt sæti 20. maí. Hin sænskætt-aða Helena tryggði henni keppnisréttinn, sem og keppnina í

Áþenu, með sigrinum í fyrra. Svo eru það stóru löndin fjögur sem þurfa aldrei að hafa áhyggjur, Þýskaland, Frakkland, Spánn og Bretland. Löndin hafa ekki náð að setja mark sitt á keppnina síðustu ár.

Borgarstjórinn í Berlín, Ole von Beust, spáði á dögunum þýska laginu góðu gengi. Hann telur að framlag þeirra gæti vel lent í einu af þremur efstu sætum.

Hljómsveitarmeðlimirnir, þau Jane Comerford, Olli Dittrich, Jon Fleming

Olsen, Markus Schmidt og Uwe Frenzel, voru þó aðeins hæverskari í boði hjá borgarstjórnunum á dögunum og sögðust aðeins vona að ná betri árangri en Þjóðverjar náðu í fyrra. Ætti varla að vera erfitt því Þjóðverjar vermdu botninn og fengu fjögur stig síðast.

Allur undirbúningur Grikkjanna smellur saman á næstu dögum. Listrænn stjórnandi keppninnar, Akis Stamatiades, sagði í viðtali við grískt dagblað og oikotimes.com greinir frá, að kynnr kvöldsins, Sakis Rouvas, sem varð í þriðja sæti með Shake it í hittifyrri, komi með stæl inn á sviðið í keppnunum tveimur. Á undankvöldinu stigi hann upp úr sviðinu og aðal-kvöldið komi hann svífandi inn. Svipað verði með þá grísk-amerísku Mariu Menounos, sem stjórnar þættinum með honum.



Kvikmynd byggð á 24 í undirbúningi

Kvikmynd byggð á sjónvarpsþættinum vinsæla 24 er í burðarliðnum. Að sögn Kiefers Sutherland, sem fer með hlutverk Jacks



Bauer í þættinum, verður myndin tekin upp í London.

„Við erum að vinna að myndinni. Við erum mjög spennit,“ sagði Kiefer í spjalli við breska ríkisútvarpið BBC. „24 var lengi að ná vinsældum í Bandaríkjunum en hann varð strax gríðarvinsæll í Bretlandi svo þess vegna var ákveðið að halda áfram með hann. Takk fyrir það, Bretland,“ sagði hann.

Kiefer hefur leikið í fimm þáttaröðum af 24 og talið er að hann hafi samið um að leika í þremur til viðbótar. Hann fékk Golden Globe-verðlaunin árið 2002 fyrir hlutverkið. Auk þess hefur hann verið tilnefndur til fernra Emmy-verðlauna.

Næst sést Kiefer á hvíta tjaldinu í myndinni The Sentinel þar sem Michael Douglas og Kim Basinger fara með hin aðalhlutverkin.

JACK BAUER Kiefer Sutherland fer með hlutverk leynipjónustumannsins Jacks Bauer sem lendir í hinum ýmsu raunum.

...og svo tóku þeir yfir heiminn!

[UMFJÖLLUN]

TÓNLIST

Epísku hetjurokkrarnir í Snow Patrol svindluðu sér inn bakdyrmegin með indírokkslaganum Run fyrir rúmunum tveimur árum.

Sannleikurinn er sá að sveitin hljómar á þessari nýju plötu sinni eins og ef Kenny Loggins hefði stofnað indírokk sveit og meikað á bigtime! Þetta plott getur ekki klikkað. Þessi plata á eftir að seljast í milljónum, án efa.

Allar laglínur á þessari plötu eru þess eðlis að það væri hægt að syngja þær sem stuðningssöngva á fótboltaleikjum. Nokkuð grípandi. Segjum bara sem svo að ef þeir myndu ákveða að bæta Footloose inn sem tókulagi á tónleikadagskrána þá myndi það ekki hljóma svo út úr kú. Já, eða The Heat is On? Kenny yrði líka verulega þakklátur. Hann hefur ekki komist í sviðsljósið lengi. Við elskum þig Kenny!

Það er líka þess virði að minnast á textana. Þeir ríma allir á einfaldan og kjánalega barnalegan hátt, en takast samt á alvöru hlutum, klaufalega mannlega. Flestir ættu að geta tengt sig við þá, það er öruggt. Bestu dæmin um þetta eru ballaðan ljúfa You Could Be Happy og sjálfspislagangan sem ber nafnið Make This Go on Forever. Fyrra lagið á eftir að sökkva verulega langt inn í þjóðarsál Breta, jafnvel svipað langt og Run gerði. Fallegt klukkuspil í því og svoleiðis sætar skreytingar. Kannski áhrif frá Sufjan Stevens? Þeir minnst a.m.k. á lag hans Chicago í texta lagsins Hands Open. Martha Wainright syngur svo í kúrekalaginu Set the Fire to the Third Bar. Þið eigið eflaust eftir



SNOW PATROL: EYES OPEN

NIÐURSTAÐA:

Fylgífiskur Final Straw er jafn gripandi og lagið Run. Hetjuleg og hugljúf á réttum stöðum. Coldplay er komið með alvöru andstæðing í keppninni um vinsælustu indípoppsveit Breta.

að heyra það nokkrum sinnum á komandi mánuðum.

Alltaf eru íslendingar alls staðar. Það er einhver íslensk stelpa, Hrafnhildur Halldórsdóttir, sem syngur í kór í fjórum lögum. Maður heyrir nú ekkert í henni svo sem innan um alla hina söngfuglana. Samt skemmtilegt.

Ég efast um að það sé til Snow Patrol aðdáandi í þessum heimi sem á eftir að verða fyrir vonbrigðum með þessa plötu. Aðrir verða kannski að nálgast hana með öðru hugarfari. Að hér sé sveit að reyna að búa til stærstu lög í heimi sem hún ætlar svo að fara og spila fyrir þúsundir manna um allan heim á tónleikum. Það er líka akkúrat það sem þeir eiga eftir að gera. Þessi plata á eftir að gera þá að einni stærstu indípoppsveit Breta. Hvort sem ykkur líkar betur eða verr.

Birgir Örn Steinarrson



TÍGLAMUNSTUR ÁBERANDI Skemmtilegir uppháir sokkar og háhælaðir skór.

Fatahönnuðir framtíðarinnar

Tískusýning á vegum útskriftar-nema Listaháskóla Íslands var haldin föstudaginn var. Helstu tískuspekúlantar landsins voru mættir í Lístasafn Reykjavíkur til að fylgjast með þessum ungu hönnuðum spreya sig.

Sýningin einkenndist af slaufum, hettum, fallegum tíglamunstrum og niðurmjóum buxum

með hátt mitti. Þemað var greinilega tekið úr tímabilinu í kringum 1930-40 og voru öll sniðin mjög kvenleg.

Förðunin var svört á öllum fyrirsætunum og hárið látlaust. Þetta var góð samsetning hjá unga fólkinu sem á vonandi eftir að láta til sína taka í framtíðinni.



HETTUR ERU ALLTAF HENTUGAR Þessi skemmtilega doppötta hetta var meðal sýningagripa.



ÁHUGASAMIR ÁHORFENDUR Fólk skoðaði flikurnar vel og vandlega og sumir mynduðu.



ROKK OG RÓL Þessi leður jakki er eins og klipptur út úr myndinni Grease, en þó í nýjum búning.



TÍSKUSPEKÚLANTAR HEIMS FYLGDUST MEÐ Bloggarinn Diane Pernet og erlendum blaðamaður sitja í fremstu röð.



FALLEGIR LITIR OG SKEMMTILEGT SNIÐ Ferskulitaður og fjólublár kjóll úr satín efni. Gírnilegt.FRETTABLAÐIÐ/ANTON

Sumartilboð
25%
afsláttur*



Bragðbetra í bragðprófun¹⁾

Nýjung! Nicorette Fruitmint

Við fylgjum nú eftir þeim vinsældum sem nýja kynslóðin af Nicorette nikótíntyggigúmmí hefur aflað sér og kynnum nýja bragðtegund - Nicorette Fruitmint.

Nicorette Fruitmint er mjúkt að innan, hefur stökkt yfirborð og frískandi bragð með gómsætri blöndu af ávöxtum og myntu.

Lestu meira á nicorette.is



*Meðan birgðir endast

1) Í bragðprófun meðal 100 reykingamanna var Nicorette Fruitmint borið saman við helsta keppinautinn - Fruit nikótíntyggigúmmí. Nicorette Fruitmint var talið bragðbetra nikótíntyggigúmmí. RSSL Pharma, 2005. Markaðsathugun gerð fyrir Pfizer. Nicorette nikótínlyf eru fáanleg án lyfseðils og eru notuð þegar reykingum er hætt eða þegar dregið er úr reykingum. Til að ná sem bestum árangri skal ávallt fylgja leiðbeiningum í fylgiseðli. Skammtar eru einstaklingsbundnir eftir því hve mikið er reykt, hvort hætta á reykingum eða draga úr þeim. Því ber að kynna sér upplýsingar um notkun í fylgiseðli. Í fylgiseðlinum eru upplýsingar um: verkun og notkun, varúðarreglur, mikilvægar upplýsingar sem nauðsynlegt er að lesa áður en lyfin eru notuð, hugsanlegar aukaverkanir og aðrar upplýsingar. Leitið til lækis eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um lyfin. Þeir sem fengið hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, nýlegt hjartaáfall, óstöðuga versnandi hjartaöng, alvarleg hjartsláttarglöp eða nýlegt heilablóðfall eiga ekki að nota Nicorette nikótínlyf. Börn yngri en 15 ára, þungaðar konur og konur með barn á brjósti eiga ekki að nota Nicorette nikótínlyf nema að ráði lækis. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar. Handhafi markaðsleyfis: Pfizer ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatúni 2, Garðabæ. www.nicorette.is

Nýtt í bíó



FYRSTA STÓRMYND SUMARSINS ER KOMIN!
AF MÖRGUM TALIN VERA BESTA MISSION IMPOSSIBLE MYNDIN TIL ÞESSA!

TOM CRUISE

M:I:III

ADGERÐIN ER HAFIN

★★★★
 - SV - MBL
 - Ö.O.H. - DV
 - LIB. - TOPP5.IS

**STRANGLEGA DÖNUÐ
 INNAN 16 ÁRA
 DYRVERÐIÐ VÍÐ
 SALINN!**

★★★★★
 - HJ MBL

★★★★★
 - JpP Blaðið - V.JV, Topp5.is

STÆRSTA MYND ÁRSINS
 SÝND MEÐ ÍSLENSKU OG ENSKU TALI

EIN FYNDNASTA MYND ÁRSINS

SEM ENGIN MÁ MISSA AF!

Birgitta Haukdal fer á kostum sem Rauðhetta í íslensku fälsemingunni



„Ég var ónýtur eftir myndina. Hún var svo fyndin“
 - Svali á FM957

FARST
 MasterCard



PRIME

Mannbætandi og þrælfyndin
 rómantísk gamanmynd með
 Uma Thurman og Meryl Streep í fantaformi!

LÉTT
 BYLGJAN

ÓNUGHANLEGASTA MYND ÁRSINS!
FÖR BEINT Á TOPPINN Í USA
HVAÐ SEM ÞÚ GERIR.
EKKI SVARA Í SÍMANNI!

WHEN A STRANGER CALLS

INSIDE MAN

★★★★
 - SV, MBL

LUCKY NUMBER SLEVIN

★★★★
 - LIB, Topp5.is

SMÁRA BÍÓ

SÍMI 564 0000

MISSION IMPOSSIBLE 3	kl. 3.20, 6, 9 og 11.40
SÝND Í LÚXUS	kl. 3.20, 6, 9 og 11.40
RAUÐHETTA M/ENSKU TALI	kl. 4, 6, 8 og 10
RAUÐHETTA M/ÍSLENSKU TALI	kl. 4 og 6
PRIME	kl. 8 og 10.30
THE HILLS HAVE EYES	kl. 10 B.I. 16 ÁRA
ICE AGE 2 M/ENSKU TALI	kl. 8
ÍSÖLD 2 M/ÍSLENSKU TALI	kl. 4 og 6

REGNBÖGINN

SÍMI 551 9000

RAUÐHETTA M/ENSKU TALI	kl. 6, 8 og 10
RAUÐHETTA M/ÍSLENSKU TALI	kl. 6
PRIME	kl. 5.30, 8 og 10.30
THE HILLS HAVE EYES	kl. 8 og 10.30 B.I. 16 ÁRA
WHEN A STRANGER CALLS	kl. 6, 8 og 10 B.I. 16 ÁRA

400 kr. í bíó!
 Glíddu á allar sýningar í
 Regnbogann miðvikur með rauðu

Þröngur bíó

SÍMI 462 3500

INSIDE MAN	kl. 8 og 10.25 B.I. 16 ÁRA
RAUÐHETTA M/ÍSL. TALI	kl. 6
ÍSÖLD 2 M/ÍSL. TALI	kl. 6
LUCKY NUMBER SLEVIN	kl. 8 og 10 B.I. 16 ÁRA

Dolby 5.1 THX

Bió.is – allt á einum stað

Sími 553 2075

bara lúxus

FYRSTA
STÖRMÝND
SÍMARSINS ER KOMIN

FRÁ J.J. ABRAMS, HÖFUÐI ALIAS OG LOSTI

TOM CRUISE

M-I-III

ADGERÐIN ER HAFIN

AF MÖRÐUM TALIN VERA BESTA MISSION IMPOSSIBLE RYNDIÐ Á ÞESSA

Sýnd kl. 5:30, 8 og 10:20 b.l. 14 dnu

A SPIKE LEE FILM

INSIDE MAN

www.washingtonpost.com

with CRUISE and FOSTER

PETER FORSTER BERG AND
POLY KORDA BACHARACH
MUS. FR. ADAM SMITH & LEE

★★★★★

DV, DVD

www.kvinnur.is

LM TOPPS

Sýnd kl. 5:30, 8 og 10:20 b.l. 16

www.laugarasbio.is

RAUFURSTA

ÞRÍU KL. 10

STÓRSTU RÝNDAL PER A NÖSTU RÝNDAL
STÓRSTU RÝNDALIN ÁN STÓRSTÓR

Sýnd kl. 6 ÍSLENSKT TAL

SLEVIN

LUCKY NUMBER

RUNNING SCARED

Sýnd kl. 10:20 b.l. 16

Sýnd kl. 8 b.l. 16 dnu

Sannarlega biturt te!

[UMFJÖLLUN]

TÓNLIST

Það er að myndast svolítið undarlegt samband á milli mín og The Fiery Furnaces. Mér finnst þau skrítin og skemmtileg, en samt fara þau stundum í taugarnar á mér.

Var ansi hrifinn af rokksett-
inu þeirra á Airwaves núna síð-
ast, en fannst svo þessi plata sem
þau gerðu með ömmu sinni fyrr á
árinu frekar mikið uppi í sínum
eigin afturenda. Svo núna, allt of
stuttu seinna, kemur heil plata
full af nýjum skrítnum lögum
sem eiga að heilla mann upp úr
skónum. Ég var ekki alveg viss
hvort ég treysti þeim nægilega
vel til þess að gefa þeim athygli
mína alveg strax. Finnst að þau
hefðu átt að dúsa í skammar-
króknum aðeins lengur.

Og jújú, þessi nýja plata er öllu betri en ömmuflippið. En hún hefir nú mátt gerjast aðeins betur. Þessi systkini eru eins og pirrandi leikskólakrakkar sem eru að keppast um athyglina. Þau eru alveg virkilega hæfileikarík, og það fer ekki fram hjá neinum sem kynnir sér verk þeirra, en það má nú alveg leggja sig örlítið fram við það að leyfa hlustendum sínum að taka þátt í gleðinni.

Tónlist gerist varla sjálfum-
glaðari eða tilgerðarlegri en
þetta. Það virðist vera að The
Fiery Furnaces sé bara alveg
skítadrullu sama hvort þau eigi
sér hlustendahóp eða ekki. Stund-
um er maður á mörkunum að gef-
ast upp á þeim. Svo man ég eftir
því hversu stórkostleg mér
fannst Blueberry Boat og ákveð



THE FIERY FURNACES: BITTER TEA

Niðurstaða: Fjórdá plata The Fiery Furnaces er alveg virkilega pirrandi. Hvernig geta svona hæfileikaríkir krakkar mögulega skapað svona leiðinlega plötu?

að fyrirgefa þeim eina ferðina
 enn. En nú vil ég sjá þau hverfa í
 svona 2-3 ár, og snúa svo til bakka
 með það meistaraverk sem þau
 eiga að geta skapað! Einu góðu
 lögin á þessu bitra te-i eru Teach
 Me Sweetheart og do-wop-lega
 ballaðan I'm Waiting to Know
 You.

Bitter Tea hljómar eins og hún sé gerð af hljómsveit sem er föst í sínum eigin leikfangakassa, og þau systkinin eru löngu orðin of fullorðin til þess að passa ofan í hann. The Fiery Furnaces eru í augnablikinu ein skærasta sönnun þess að þó að hlutir séu „artí“ geta þeir líka bara verið leiðinlegir. Það má alveg hafa lög á plötum sem maður getur munað eftir og raulað. Það skemmir a.m.k. aldrei. Ekki meira svona tack!

Birgir Örn Steinarsson



ÞÚ ERT SJÓNVARPSSTJÓRI Á **vísir**
VEF.TV

Tolkien er betri

Að mati leikarans Ian McKellen mun The Da Vinci Code alltaf vera í skugganum af sögum JRR Tolkienens, The Lord Of The Rings. McKellen leikur í báðum myndunum, Gandálf í The Lord Of The Rings og Sir Leigh Teabing í The Vinci Code. „Það er ekki sami áhugi hjá fólki fyrir The Da Vinci Code eins og fyrir Tolkien. Það að kvikmynda bækur Tolkienens er fyrir sumum eins og að kvikmynda Biblíuna. The Lord Of The Rings er ekki bara spennandi lesning heldur hafa margir lesið hana aftur og aftur. Ég efast um að margir hafi lesið The Da Vinci Code oftast en einu sinni, hún er einfaldlega ekki þannig bók,“ sagði McKellen.

IAN MCKELLEN Að hans mati mun The Da Vinci Code aldrei ná eins miklum vinsældum og The Lord of the Rings.



Hatar að snyrta sig

Franska leikkonan Audrey Tautou
hatar að snyrta sig og segist frek-
ar myndu vilja vera með þurra



húð en vera sífellt að hugsa um að setja á sig krem. Hún lifir einföldu og afar glámurlausu lífi og hugsar ekki mikið um útlitið. „Ég nota hvaða andlitskrem sem ég finn inni á baði en myndi aldrei nenna að setja krem á líkamann. Þess vegna er ég alltaf með þurra húð.“ Ég þarf ekki svona vörur og lífið ekki þessu týpíska leikkonulífi,“ segir hin fagra Audrey og erfitt er að trúa að hún hugsi svo lítið um útlitið sem er nánast gallalaus.

AUDREY TAUTOU Hin fagra leikkona segist hugsa lítið um að snyrta sig og nennir í mesta lagi að setja á sig eitthvert andlitskrem.



Jack White, meðlimur rokkdúettssins The White Stripes, hefur eignast stúlku með eiginkonu sinni, fyrrsætunni Karen Elson.

Stúlkan, sem er þeirra fyrsta barn, hefur fengið nafnið Scarlett Terese. White og Elson keyptu sér nýlega hús í Nashville þar sem þau ætla að búa í framtíðinni. White, sem er þrítugur, og hin 27 ára Elson byrjuðu saman eftir að White hætti með kærustu sinni til tveggja ára, Renée Zellweger árið 2004. White var áður kvæntur Meg White, sem spilar með honum í The White Stripes. Tók hann upp eftirnarup hennar þegar þau gengu upp að altarinu árið 1996.

Jack White einbeitir sér um þessar mundir að hljómsveitinni The Raconteurs, sem gefur út sínar fyrstu plötu, Broken Boy Soldiers, þann 16. maí. Á meðan er The White Stripes í pásu en sveitin gaf út plötuna Get Behind Me Satan í fyrra.



JACK WHITE Forsprakki The White Stripes hefur eignast stúlkuna Scarlett Terese.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ný plata frá Tool

Ný plata er komin út frá bandarísku rokk sveitinni Tool eftir fimm ára hlé. Platan heitir 10.000 Days og inniheldur m.a. smáskífulagið Vicarious, sem er þegar komið í mikla spilun á rokkstöðvum hér á landi.

Síðasta plata Tool, Lateralus, kom út árið 2001 og fór beint í fyrsta sæti Billboard listans og seldist einnig vel úti um allan heim. Innihélt hún m.a. löginn Schism, Lateralus og Parabola.

Tool var stofnuð árið 1990 í Los Angeles, en sveitin hefur einungis gefið út fjórar plötur á fimmtán ára ferli, þar af eina EP-plötu. Árið 1997 vann sveitin til Grammy-verðlauna í flokki þungarokks og sama ár stofnaði söngvarinn Maynard James Keenan hljóðbandið A Perfect Circle ásamt gít-



TOOL Hljómsveitin Tool er mætt með glænýja plötu sem ber heitið 10.000 Days

arleikaranum Billy Howerdal. Er það starfandi enn þann dag í dag? Tool er þekkt fyrir að fara vel vfin

sjö mínútna markið í lengd laga og er nýja platan engin undantekning bar á.



Sigurður í Keflavík

Ísfirðingurinn ungi og efnilegi, Sigurður G. Þorsteinsson, hefur skrifað undir tveggja ára samning við Keflavík. Sigurður, sem er 18 ára, er 203 sentimetrar á hæð og 111 kg og ætti að reynast Keflvíkungum góður liðsstyrkur.

sport
sport@frettabladid.is

ÚRSLIT GÆRDAGSINS

Deildarbikar karla:

HAUKAR-VALUR 32-27 (14-15)
Mörk Hauka (skot): Guðmundur Pedersen 5 (5), Árni Þór Sigtryggsson 5 (12), Jón Karl Björnsson 5/5 (6/6), Samúel Ívar Árnason 4 (4), Arnar Pétursson 4 (7), Freyr Brynjarsson 3 (5), Ólafur Björnsson 2 (2), Orri Sturluson 1 (1), Kári Kristjánsson 1 (3), Andri Stefán 1 (3), Gísli Jón Þórisson 1 (2).

Varin skot: Birkir Ívar Guðmundsson 10/1, Björn Viðar Björnsson 1.

Hraðaupphlaup: 6 (Freyr 3, Guðmundur 2, Samúel).

Fiskuð viti: 6 (Gísli 2, Guðmundur, Árni, Andri, Kári).

Mörk Vals (skot): Mohamadi Loutoufi 7 (11), Ingvar Árnason 5 (6), Fannar Friðgeirsson 5/3 (9/4), Hjalti Pálmasón 3 (8), Elvar Friðriksson 3 (12), Kristján Karlsson 2 (2), Ægir Jónsson 1 (1), Atli Rúnar Steinþórsson 1 (1).

Varin skot: Pálmar Pétursson 21.

Hraðaupphlaup: 6 (Loutoufi 2, Ingvar, Atli, Elvar, Fannar).

Fiskuð viti: 4 (Elvar, Ingvar, Atli, Loutoufi).

Enska úrvalsdeildin

ARSENAL - WIGAN ATHLETIC	4-2
1-0 Pires (8.), 1-1 Schamer (10.), 1-2 Thompson (33.), 2-2 Henry (35.), 3-2 Henry (56.), 4-2 Henry (76.).	
ASTON VILLA - SUNDERLAND	2-1
1-0 Barry (43.), 2-0 Ridgeway (78.), 2-1 Collins (88.).	
BLACKBURN - MANCHESTER CITY	2-0
1-0 Khizanishvili (35.), 2-0 Kuqi (52.).	
BOLTON WANDERERS - BIRMINGHAM	1-0
1-0 Ricardo Vaz Te (65.).	
EVERTON - WEST BROMWICH ALBION	2-2
0-1 Gera (14.), 0-2 Martinez (47.), 1-2 Anichebe (84.), 2-2 Ferguson (92.).	
FULHAM - MIDDLESBROUGH	1-0
1-0 Heiðar Helguson (84.).	
MANCHESTER UNITED - CHARLTON	4-0
1-0 Saha (19.), 2-0 Ronaldo (23.), 4-0 Richardson (58.).	
NEWCASTLE UNITED - CHELSEA	1-0
1-0 Titus Bramble (73.).	
PORTSMOUTH - LIVERPOOL	1-3
0-1 Fowler (52.), 0-2 Crouch (84.), 1-2 Koroman (85.), 1-3 Cisse (89.).	
WEST HAM UNITED - TOTTENHAM	2-1
1-0 Fletcher (10.), 1-1 Defoe (35.), 2-1 Benayoun (81.).	

LOKASTAÐAN:

CHELSEA	38	29	4	5	72-22	91
MAN. UNITED	38	25	8	5	72-34	83
LIVERPOOL	38	25	7	6	57-25	82
ARSENAL	38	20	7	11	68-31	67
TOTTENHAM	38	18	11	9	53-38	65
BLACKBURN	38	19	6	13	51-42	63
NEWCASTLE	38	17	7	14	47-42	58
BOLTON	38	15	11	12	49-41	56
WEST HAM	38	16	7	15	52-55	55
WIGAN	38	15	6	17	45-52	51
EVERTON	38	14	8	16	34-49	50
FULHAM	38	14	6	18	48-58	48
CHARLTON	38	13	8	17	41-55	47
MIDDLESBR.	38	12	9	17	48-58	45
MAN. CITY	38	13	4	21	43-48	43
ASTON VILLA	38	10	12	16	42-55	42
PORTSMOUTH	38	10	8	20	37-62	38
BIRMINGHAM	38	8	10	20	28-50	34
WBA	38	7	9	22	31-58	30
SUNDERLAND	38	3	6	29	26-69	15

Norska 1-deildin

SK BRANN - STABÆK FOOTBALL 2-2
0-1 Veigar Páll Gunnarsson (29.), 0-2 Daniel Nannskog (36.), 1-2 Migen Memelli (80.), 2-2 Kristján Örn Sigurðsson (88.)

Ítalska A-deildin

AS ROMA - TREVISO	1-0
1-0 Damiano Tommasi (36.).	
INTERNAZIONALE - SIENA	1-1
1-0 Cruz (60.), 1-1 Gastaldello (93.).	
JUVENTUS - PALERMO	2-1
1-0 Pavel Nedved (31.), 2-0 Zlatan Ibrahimovic (51.), 2-1 Denis Godeas (62.).	
PARMA - AC MILAN	2-3
0-1 Kaká (29.), 0-2 Cafu (44.), 1-2 Bernardo Corradi (54.), 1-3 Clarence Seedorf (56.), 2-3 Bernardo Corradi (89.).	

MARKÚS MÁNI MICHAELSSON MAUTE: HEFUR ÚR MÖRGUM TILBOÐUM AÐ VELJA

US Ivry meðal þeirra liða sem vilja Markús

Landsliðsmaðurinn í handknattleik, Markús Máni Michaelsson, liggur undir feldi þessa dagana og ihugar framtíðina. Sem kunnugt er þá sagði hann upp samningi sínum við Dusseldorf en þrátt fyrir það er ekki útilokað að hann leiki með félaginu áfram. Til þess þarf félagið einfaldlega að bjóða honum betri samning. Gangi það ekki eftir verður Markús að skoða aðra möguleika í stöðunni.

„Það eru nokkur félög hér í Þýskalandi búin að sýna áhuga og svo er félagið hans Ragga Óskars, US Ivry, einnig búin að hafa samband þannig að ég gæti farið þangað en það er góður klúbbur sem er í fjórða sæti í Frakklandi,“ sagði Markús Máni sem var að sleikja sólina í rólegheitum í gær. „Annars liggur mér ekkert á að ákveða mig. Framtíðarrekst-

ur Dusseldorf er ekki tryggður og meðan svo er getur félagið ekki gert mér nýtt tilboð. Ég bið því bara rólegur.“

Markús Máni lætur sér ekki nægja að starfa sem handbolta- maður því hann starfar fyrir stórfyrirtækið 3M samhliða atvinnu- mennskunni og ef hann yfirgæfi Dusseldorf yrði hann væntan-

lega að gefa eftir starfið.

„Það var nauðsynlegt fyrir mig að komast í vinnu því mér var farið að leiðast bara í boltanum. Þetta starf er mjög skemmtilegt og ég vildi gjarna halda því áfram og það spilar inn í ákvörðunina um framtíðina. Ég hef mikinn metnað fyrir því að vinna líka. Ég er að vinna á Evrópumarkaðsdeild bílaiðnaðarins hjá fyrirtækinu. 3M framleiðir íhluti fyrir fullt af bílaframleiðendum á borð við Benz og Audi. Þetta er fjölbreytt og skemmtilegt starf,“ sagði Markús Máni sem segir ekkert hæft í þeim kjaftasögum að hann sé aftur á leið heim til Íslands.



> Valur meistari meistaranna



Bikarmeistarar Vals gerðu sér lítið fyrir og skelltu sjálfum Íslandsmeisturum FH í hinum árlega leik Íslands- og bikarmeistaranna en leikið var á frjálsþróttavellinum í Kaplakríka. Það var Matthías Guðmundsson sem skoraði eina mark leiksins og voru úrsltin nokkuð sanngjörn enda Valur að leika ívið betur. Leikurinn var annars frekar lítið fyrir augað og fátt um færi.

Seiglusigur hjá Haukum

Það verða Haukar sem mæta Fylki í úrslitum deildarbikars karla. Haukar lögðu Val í oddaviðureign, 32-27, á Ásvöllum. Jafnræði var lengi vel með liðunum en Haukar reyndust sterkari í lokin og innbyrðu öruggan sigur.

HANDBOLTI Það voru í raun fáránlega margir mættir á völinn í gær ef haft er til hlíðsjónar að þetta var hugsanlega verst auglýsti leikur sögunnar. Hvað um það. Haukar byrjuðu leikinn af miklum krafti og virtust ætla að ganga frá gestunum. Blessunarlega fyrir Valsmenn stóð Húsvíkingurinn Pálmar Pétursson á milli stanganna hjá þeim og hann hélt Hlíðarendapiltum inni í leiknum er hann varði hvert hraðaupphlaupið á fætur öðru á stórkostlegan hátt.

Smám saman komust Valsmenn inn í leikinn og með skynsömum sóknarleik og frábærri markvörslu Pálmars tókst þeim að ná yfirhöndinni og leiða í hálfleik, 14-15. Góður leikkaflir þar sem liðið skoraði sex mörk gegn einu marki heimamanna lagði grunninn að forystunni en Valur breytti stöðunni 12-9 í 13-15 sér í hag.

Valsmenn voru skrefinu á undan fyrri hluta síðari hálfleiks en þá tók Birkir Ívar loks upp á því að verja nokkra bolta, hraðaupphlaup komu í kjölfarið og á skömmum tíma voru Haukar komnir með þægilega forystu. Valsmenn náðu aldrei að ógna Haukum eftir þennan góða sprett heimamanna og fimm marka sigur Hauka því staðreynd.

Hornamennirnir Samúel Ívar og Guðmundur Pedersen voru bestu menn Hauka sem sigruðu þrátt fyrir að hafa ekki spilað vel. Birkir Ívar var slakur lengstum, varnarleikurinn glöppóttur og sóknarleikurinn tilviljanakenndur. Það dugði til sigurs sem segir meira en mörg orð um frammi- stöðu Valsliðsins.



HVAÐ ERTU EIGINLEGA AÐ GERA MAÐUR? Það var mikið um fáránlega tilburði á Ásvöllum í gær enda leikur margra mistaka. Gísli Jón Þórisson sýnir þó hér án vafa skemmtilegustu tilburði dagsins. Slíkir tilburðir dugðu til sigurs gegn slökum Völsurum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

Þar var Pálmar í sérflökki og Fannar og Ingvar ágætir. Aðrir voru gjörsamlega úti á túni bæði í vörn og sókn. Vissulega vantaði mikið í Valsliðið en það afsakar ekki þessa slöku frammistöðu og ef ekki hefði komið til stórleiks Pálmars hefði Valsliðið verið illa flengt í leiknum.

„Ég var ekki góður og reyndar ekki heldur liðið. Í seinni hálfleik

small þetta aðeins hjá okkur og við sýndum karakter með því að hrista þá af okkur,“ sagði Birkir Ívar Guðmundsson, markvörður Hauka, sem leikur sína síðustu leiki fyrir félagið í úrslitunum gegn Fylki. „Mér list rosalega vel á þá rimmu. Fylkir er með skemmtilegt lið og þetta verða fjörugir leikir.“

henry@frettabladid.is

Dramatísk lokaumferð í ensku úrvalsdeildinni í gær, Chelsea tapaði lokaleiknum sem og Tottenham:

Tottenham missti fjórða sætið í hendur Arsenal

FÓTBOLTI Það gekk mikið á þegar lokaumferð ensku úrvalsdeildarinnar var leikin í gær. Man. Utd tryggði sér annað sætið með öruggum 4-0 sigri á Charlton en senuþjófar dagsins voru leikmenn Tottenham sem töpuðu



SVEKKTIR Martin Jol, stjóri Spurs, og markvörðurinn Paul Robinson voru fúllir í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

fyrir West Ham, 2-1, og misstu þar með af fjórða sætinu í deildinni sem og farmiða í Meistaradeildina þar sem Arsenal notaði tækifærið og stökk yfir þá með 4-2 sigri á Wigan.

Tottenham hafði fyrr um daginn farið fram á seinkun eða frestun á leiknum þar sem fjöldi leikmanna liðsins hafði fengið matareitrun og óttaðist stjórinn, Martin Jol, að hann myndi ekki ná í lið. „Það lágu tíu leikmenn veikir og ég hef aldrei upplifað annað eins. Mig grunar ekki að það hafi verið eittrað viljandi fyrir okkur. Við fórum á hlaðborð með steik og kjúklingum og mig grunar hvað var eittrað,“ sagði Jol sem þorði ekki öðru en að mæta til leiks minnugur þess að stig voru tekin af Boro fyrir að mæta ekki til leiks fyrir nokkrum árum síðan. Það reyndist rétt ákvörðun því lyfin fóru vel í leikmennina og Jol kenndi því matareitruninni ekki um tapið.

Arsenal kvaddi Highbury með



HINSTA KVEÐJAN Það var erfið stund fyrir marga stuðningsmenn Arsenal þegar Highbury-leikvangurinn var kvaddur í gær. Henry situr hér með sjálfum sér fyrir leik. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

en liðið flytur nú af vellinum eftir 93 ára veru. Arsenal er því öruggt með sæti í Meistaradeildinni að ári. Thierry Henry var stórkostlegur eins og venjulega og Arsene Wenger, stjóri Arsenal, hrósaði honum í hástert. „Þegar þú ert besti leikmaður

heims þá viltu leika í bestu deild heims og því var mikilvægt að tryggja þetta sæti. Henry er einfaldlega besti maður heims í dag og að hafa tekið við fyrirlíðastöðunni hefur þroskað hann sem leikmann.“

- hbg



NISTELROOY Ætli hann sé næstur á leið út hjá Sir Alex? FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Ruud Van Nistelrooy:

Hættur hjá Man. Utd?

FÓTBOLTI Framtíð hollenska framherjans Ruuds Van Nistelrooy hjá Man. Utd er í mikilli óvissu eftir að Nistelrooy yfirgaf Old Trafford í fússi þrem tímum fyrir leikinn gegn Charlton í gær. Samkvæmt fréttum breskra miðla fauk í Hollendinginn markheppna þegar hann frétti að hann ætti ekki að vera í byrjunarliðinu í leiknum en hann hefur lítið leikið síðustu vikur. Viðbrögð knattspyrnustjórans Sir Alex Ferguson eru túlkud á þann veg að dagar Nistelroosys hjá félaginu séu taldir.

„Það hafa verið tvö atvik á æfingum í vikunni sem hafa fengið mig til að hugsa um liðsandann. Þetta var mjög mikilvægur leikur fyrir okkur og ég vildi að það væri góð stemning þannig að ég skildi Ruud eftir. Stundum þurfa framkvæmdastjórar að taka erfiðar ákvarðanir og þessi ákvörðun var til góða fyrir Man. United,“ sagði Ferguson sem hefur fórnað mönnum á borð við David Beckham, Roy Keane og Jaap Stam síðustu ár.

- hbg



SJÓÐHEITIR Íslendingarnir hjá Lemgo, Logi Geirsson og Ásgeir Örn Hallgrímsson, gera það gott þessa dagana.

FRÉTTABLAÐIÐ/JÖRG HAGEMANN

Þýski handboltinn:

Logi og Ásgeir markahæstir

HANDBOLTI Íslendingarnir í þýska handboltanum létu mikið að sér kveða rétt eins og venjulega um helgina. Logi Geirsson var markahæstur í liði Lemgo sem sigraði Melsungen, 30-18, en Logi skoraði sex mörk og þar af tvö úr víti. Ásgeir Örn Hallgrímsson var næstmarkahæstur hjá Lemgo með fjögur mörk.

Alexander Peterson fór á kostum í liði Grosswallstadt sem sigraði Minden, 30-26. Alex skoraði tíu mörk, þar af tvö úr víti, og Einar Hólmgeirsson bætti við tveim mörkum fyrir Grosswallstadt. Snorri Steinn Guðjónsson fann sig ekki gegn sínum gömlu félögum og skoraði eitt mark úr vítakasti.

Guðjón Valur Sigurðsson skoraði átta mörk, þrjú úr vítum, fyrir Gummersbach og Róbert Gunnarsson fimm þegar liðið lagði Pfullingen, 28-27. Þórir Ólafsson skoraði tvö mörk fyrir Lubbecke sem lagði Wetzlar, 32-26. Róbert Sighvatsson lék ekki með liði Wetzlar í leiknum.

Magdeburg lagði síðan Nordhorn í gær, 35-28. Arnór Atlason komst ekki á blað hjá Magdeburg en Sigfús Sigurðsson skoraði eitt mark.

- hbg

Dæmalaus meiðslasaga

Handboltakappinn Gunnar Berg Viktorsson hefur ekki átt sjö dagana sæla í Þýskalandi að undanfögnu. Gunnar spilar með Kronau/Östringen en miklar líkur eru á því að hann fari frá liðinu með það fyrir augum að spila meira.

HANDBOLTI Gunnar fór í uppskurð á öxl í júlímánuði í fyrra en fékk tvisvar sýkingu í skurðinn og þurfti tvo uppskurði til viðbótar til að ráða bót á því. Gunnar hefur verið með eindæmum óheppinn með meiðsli en þegar hann hafði náð sér af þessu tóku sig upp ýmis minni meiðsli sem héldu skyttunni frá í enn lengri tíma.

„Þetta hefur gengið alveg hrikalega hjá mér. Ég var frá í hálf t á eftir aðgerðina en þar með er ekki öll sagan sögð. Minni meiðsli tóku sig upp eftir það og því hefur þetta verið mjög erfitt fyrir mig, ég missteig mig illa, reif vöðva og meiddist í baki. Ég gæti haldið áfram endalaust,“ sagði Gunnar Berg við Fréttablaðið. Líkur eru á því að hann yfirgefi Kronau eftir tímabilið enda staða hans ekki vænleg hjá liðinu.

„Ég er orðinn frekar pirraður á stöðunni hérna, það er ekki mikill skilningur fyrir þessu. Annaðhvort ertu klár eða ekki. Ég hef nánast ekkert komist í liðið síðan ég náði mér að fullu, ég er góður af meiðslunum í dag en skortir leikæfingu. Það verður bara að koma á undirbúningstímabilinu fyrir næsta tímabil, ég sé ekki fram á að spila mikið það sem eftir er af þessu tímabili. Það er ekki auðvelt að komast í liðið hér auk þess sem þjálfarinn hefur varla tíma til að setja mig inn í hlutina þegar svona skammt er eftir af mótinu. Auðvitað er maður hundfúll út í þjálfarann en maður verður að sjá þetta frá hans sjónarmiði líka, hann græðir ekkert á því að koma mér í smá æfingu núna,“ sagði Gunnar sem er orðinn langþreyttur á stöðu sinni.

„Ég verð að viðurkenna að þetta hefur ekki verið gaman og



EKKI Á LEIÐ HEIM Þó að Gunnar Berg Viktorsson muni væntanlega yfirgefa herbúðir Kronau/Östringen er hann ekki á leið heim en nokkur þýsk félög hafa sýnt honum áhuga.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

ég er langt frá því að vera sáttur. Mér líður eins og ég sé farþegi í liðinu, ekki bara í leikjum heldur líka á æfingum. Það er líklega alveg eins gott að breyta bara um umhverfi í stað þess að standa í þessu,“ sagði Gunnar og viðurkennir að eiga nokkra möguleika í stöðunni.

„Ég verð áfram úti en hvort það verður í Þýskalandi verður bara að koma í ljós, það er ýmislegt í stöðunni. Þónokkur lið hafa verið í sambandi við mig en ekkert bitastætt í 1. deild í Þýskalandi en ég á

nokkra kosti sem er auðvitað mjög gott. Það er ljóst að þá myndi ég ganga til liðs við lakara lið. Það er auðvitað aðalmálið að spila og hafa gaman af íþróttinni. Maður verður ekki ríkur af því að spila handbolta, nema kannski þeir allra bestu,“ sagði Eyjapeyinn sem spilaði með ÍBV og Fram á Íslandi áður en hann reyndi fyrir sér í atvinnumennskunni. Hann dvaldi hjá Paris St. Germain og hélt síðan til Wetzlar áður en hann gekk til liðs við Kronau.

hjalti@frettabladid.is



REFSARI De la Hoya lét Mayorga blæða fyrir að hafa verið með dónaskap í hans garð.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Hörkubardagi í boxinu:

De la Hoya fór á kostum

BOX Einn vinsælasti hnefaleikamaður heims, Oscar de la Hoya, sneri aftur í hringinn um helgina eftir 18 mánaða fjarveru. Mótherji hans var hinn öflugi Ricardo Mayorga og var fyrir fram búist við jöfnum bardaga.

Því fór víðs fjarri því De la Hoya setti á svið eina flottustu sýninguna á sínum ferli og gjör-samlega lamdi Mayorga sundur og saman og rotaði hann að lokum í sjöttu lotu.

„Þetta er einn af mínum fimm bestu bardögum,“ sagði himinlifandi De la Hoya eftir bardagann en Mayorga hafði úthúðað honum fyrir bardagann og fyrir það fékk hann að blæða í hringnum. Mayorga leit strigann í fyrsta sinn í návígi eftir aðeins 30 sekúndur þegar De la Hoya landaði tveim mögnuðum vinstri krókum.

„Ég verð eiginlega að þakka Mayorga fyrir að koma mér í stemningu með öllu því sem hann sagði um mig og mitt líf fyrir bardagann. Það kveikti í mér og hjálpaði mér að mæta enn beittari en ella í hringinn.“

De la Hoya fer nú í að skipuleggja lokabardaga sinn á ferlinum sem verður að öllum líkindum gegn Floyd Mayweather í september. Eftir það ætlast hann að skipuleggja hnefaleikaviðburði líkt og sjálfur Don King.

- hbg

LEIKMANNAHÓPURINN

MARKMENN:
Ómar Jóhannsson
Magnús Pormar

VARNARMENN:
Branislav Milicevic
Geoff Miles
Guðmundur Viðar Mete
Issa Sheikh Abdulkadir
Badui Farah
Ólafur Þór Berry
Guðjón Árni Antoníusson
Garðar Eðvaldsson
Ragnar Magnússon
Þorsteinn Atli Georgsson

MÍÐJUMENN:
Hólmar Örn Rúnarsson
Jónas Guðni Sævarsson
Kenneth Ingemar Gustafsson
Símun Eiler Samuelsen
Einar Orri Einarsson
Hallgrímur Jónasson
Baldur Sigurðsson

SÓKNARMENN:
Þórarinn Brynjar Kristjánsson
Stefán Örn Arnarson
Guðmundur Steinarsson
Magnús Sverrir Þorsteinsson
Davíð Örn Hallgrímsson
Þorsteinn Þorsteinsson
Daniel Severino

KOMNIR: Magnús Sverrir Þorsteinsson (frá Grindavík), Þórarinn Brynjar Kristjánsson (frá Þrótti), Stefán Örn Arnarson (frá Víking R.), Badui Farah, Geoff Miles, Daniel Severino.

FARNIR: Brian O'Callaghan (til Englands), Ásgrímur Albertsson (í HK), Michael Johansson (til Englands), Gestur Gylfason (Njarðvík), Hörður Sveinsson (til Silkeborg).

ÞJÁLFAFINN

Kristján Guðmundsson

Tók við í fyrra eftir að Guðjón Þórðarson hætti með liðið. Kom á óvart með góðum árangri og því pressa að fylgja þeim árangri eftir í ár.



5. SÆTI | KEFLAVÍK

FRÉTTABLAÐIÐ

SÝN
besta sætið

LANDSBANKAÐEILDIN 2006



Við erum til alls líklegir

Fréttablaðið og Sýn spá Keflavík 5. sæti í Landsbankadeildinni í sumar. Fyrirliðinn Guðmundur Steinarsson segir að liðið stefni á eitt af þremur toppsætunum.

LANDSBANKAÐEILDIN „Þessi spá kemur ekkert á óvart, okkur er yfirleitt spáð í kringum þetta sæti. Við höfum verið í því að lenda ofar en spáin segir til um, til að mynda í fyrra, en ég skil þetta vel. Ég tel okkur ekki vera með síðri leikmannahóp

SPÁIN	
1 ?	
2 ?	
3 ?	
4 ?	
5 Keflavík	92
6 Fylkir	69
7 Grindavík	46
8 Víkingur	41
9-10 Breiðab.	32
9-10 ÍBV	32

þarna af gömlum vana og eru kannski með stærri nöfn, en við erum til alls líklegir. Stefnan hjá



HVAÐ GERIR KRISTJÁN? Kristján Guðmundsson fékk að stýra Keflavík frekar pressulaust í fyrra en nú er krafa á hann um árangur.

okkur er eitt af þremur efstu sætunum,“ sagði Guðmundur Steinarsson, fyrirliði Keflavíkur.

„Liðsheildin er okkar sterkasta hlið. Ákveðinn kjarni í hópnum er búinn að spila lengi saman auk þess sem útlendingarnir hjá okkur voru margir hverjir í fyrra. Það er mjög mikill styrkur fyrir okkur

þar sem þeir þurfa ekki að aðlagast lífinu né boltanum. Það hefur sýnt sig að það tekur oft sinn tíma,“ sagði Guðmundur.

Keflavík er með marga erlenda leikmenn innan sinna raða, en þrír nýir hafa bæst í hópinn, Budiah Farah og Daniel Severino, auk Geoff Miles sem spilaði með Haukum í fyrra. Jónas Guðni Sævarsson verður einn af lykilmönnum liðsins í sumar og Guðmundur sparar ekki stóru orðin um félaga sinn. „Jónas er vanmetnasti leikmaður deildarinnar. Hann vinnur ótrúlega vel, frábær leikmaður,“ sagði Guðmundur sem viðurkennir að einhver pressa sé til staðar á honum eftir að Hörður Sveinsson fór. „Ég þarf jafnvel að skila aðeins meiru en í fyrra, ég finn fyrir því.“

- hþh

Sóknin:

Guðmundur Steinarsson verður að finna fjölinna eftir að Keflavík missti Hörð Sveinsson. Mjög vel mannað lið fram á við en flestir framherjarnir svipaðir og frekar stuttir í annan endann.

Vörnin:

Fengu Geoff Miles og hafa hinn gríðarlega sterka Guðmund Mete í miðverðinum. Vörn Keflavíkur var hriplek í fyrra og fékk á sig 31 mark, það þarf að laga auk þess sem vörnina skortir hraða.



Líklegt byrjunarlið 4-4-2

Miðjan:

Símun Samuelsen hefur verið mjög sterkur hjá Keflavík og með hina baneitruðu Hólmar Örn Rúnarsson og Jónas Guðna Sævarsson, einn vanmetnasti leikmann deildarinnar, kemur miðja liðsins til með að vera sterk.

Markið:

Ómar Jóhannsson hefur sannað sig sem góður markmaður en þarf að sýna stöðugleika. Hafa góðan markmann í Magnúsi Pormar á bekknum.

Bekkurinn:

Bekkurinn er afar sterkur hjá Keflvíkingum og mun breiddin hjálpa liðinu í toppbaráttunni í sumar. Margir nýir menn eiga eftir að koma inn sem styrkja liðið svo um munar.

515 6100 | SYN.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE



FIFA WORLD CUP
GERMANY
2006

AÐEINS EINN MÁNUÐUR Í HM

GOTT FÓLK MCGANN



ÚRSLITALEIKURINN Í MEISTARADEILDINNI

ARSENAL 17. MAÍ BARCELONA

FRAMUNDAN Í MAÍ

ENSKI BIKARINN

Úrslitaleikurinn

Liverpool - West Ham 13. maí

EVROPUKEPPNI FÉLAGSLIÐA

Úrslitaleikurinn

Middlesbrough - Sevilla 10. maí

LANDSBANKADEILDIN

KR - FH

Breiðablik - Valur

ÍA - KR

Valur - FH

Grindavík - Keflavík


FH - ÍA

LANDSLEIKIR

England - Ungverjaland

England - Jamaíka

Brasilía - Nýja Sjáland



SYN
besta sætið

ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

„If promises were crackers, my daughter would be fat.“

Svar: Mister Dítovich úr Spider-Man 2 frá 2004

dagskrá



VIÐ TÆKIÐ STEINÞÓR HELGI ARNSTEINSSON VILL MEIRA FRÆDSLUEFNI Á SKJÁINN

Einokun Rúv?

Ég er einn af þeim sem réttilega hefur oft og mörgum sinnum verið kallaður nörd. Reyndar hafa sumir sagt að ég sé með bæði innantóm augu og blóðbragð í munni í fróðleiksleit minni. En allavega þá hef ég gaman af hvers kyns fróðleiks- og heimildapáttum sem sýndir eru í sjónvarpinu, reyndar á bara einni íslenskri stöð sem allir ættu að vita hver er. Sem fær mig til hugsu af hverju í veröldinni hinar tvær stóru stöðvarnar, Skjár einn og Stöð 2, sýna ekki meira og fjölbreyttara fræðsluefni, ekki bara einhverjar sögulega froðupopps framhaldspætti með vænni slettum af hentugri sögufölsun?

Nú í kvöld eru til dæmis að hefjast heimildapættir um sögu blökkumannatónlistar á Rúv sem ég hlakka mikið til að sjá og vafalaust margir fleiri. Í gær sá ég líka vandaða breska heimildamynd um áhrif Pentagon á kvikmynda-bransann í Hollywood, stórmerkilegt sjónvarpsefni. Á eftir honum var síðan sýnd íslensk heimildamynd um hrafinn og á undan þættinum



SOUL DEEP Áhugaverðir fræðslupættir sem hefjast í kvöld.

um Pentagon-Hollywood var endursýndur einn þáttur í þáttaröðinni Jörðinni. Þættirnir um jörðina er eitt besta dæmið um gott fræðsluefni sem virkar vel sem vinsælt sjónvarpsefni. Þættir sem vafalaust hafa meira áhorf en Oliver Beene, Wanted og fleiri.

Ég spyr því aftur, af hverju er Sjónvarpið eina stöðin sem sýnir fræðslu- og heimildapætti? Getur kannski verið að þeir séu að einoka markaðinn, er stöðin búin að koma sér upp svo góðum samböndum í gegnum árin að hinir stöðvarnar einfaldlega komast ekki að? Ég ætla að leyfa mér að efast um það. Reyndar getur þetta verið einhvers konar lína sem þessar stöðvar séu að fylgja eftir, fræðsluefni hentar kannski ekki ímynd þessara stöðva. Ég verð þá bara að virða þá afstöðu. Ég mæli samt með því

að þessar sjónvarpsstöðvar líti aðeins út fyrir rammann og gái hvort þær geti ekki fundið fræðsluefni sem geti vel sómað sér sem frábært afþreyingarefni.



LÍFSHÁSKI

▶ 22.25
Spenna



GREY'S ANATOMY

▶ 20.05
Drama



BAK VIÐ BÖNDIN

▶ 20.30
Tónlist



SEX AND THE CITY

▶ 22.50
Drama



60 MINUTES

▶ 21.10
Fréttaskýringar

SKJÓRVARPIÐ

15.35 Helgarsportíð 16.00 Ensku mörkin 17.05 Leiðarljós 17.50 Táknálsfréttir 18.00 Myndasafnið 18.01 Alda og Bára (1:26) 18.06 Búi! (12:26) 18.16 Lubbi læknir (10:52)

18.30 Heimskausalíf (4:6) 19.00 Fréttir, íþróttir og veður 19.35 Kastljós 20.15 Listahátíð í Reykjavík (2:2) 20.40 Svona var það (That 70's Show) 21.05 Svört tónlist (1:6) (Soul Deep: The Story of Black Popular Music) Breskur heimildamyndaflokkur um sögu dægurlagatónlistar blökkumanna. 22.00 Tiufréttir ▶ 22.25 Lífsháski (40:49) (Lost II) Bandarískur myndaflokkur um strandaglópa á afskekktu eyju í Suður-Kýrrahafi þar sem ýmsar ógnir leynast. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

23.10 Ensku mörkin 00.05 Út og suður 0.30Kastljós 1.20 Dagskrárlök

STÖÐ 2 BÍÓ

6.05 The Stepford Wives (B. börnum) 8.00 Maid in Manhattan 10.00 I Capture the Castle 12.00 Live From Bagdad 14.00 Maid in Manhattan 16.00 I Capture the Castle 18.00 Live From Bagdad 20.00 The Stepford Wives Bráðskemmtileg og gráglettin gamanmynd. Bönnuð börnum. 22.00 28 Days Later Hrollvekjandi kvikmynd. Stranglega bönnuð börnum. 0.00 National Security (B. börnum) 2.00 Point Blank (Str. b. börnum) 4.00 28 Days Later (Str. b. börnum)

2

6.58 Ísland í bítíð 9.00 Bold and the Beautiful 9.20 Í finu formi 2005 9.35 Oprah 10.20 My Sweet Fat Valentina 11.10 Veggfóður

12.00 Hádegisfréttir 12.25 Neigh-bours 12.50 Í finu formi 2005 13.05 Home Improvement 13.30 Oliver Beene 13.55 The Martins 15.20 You Are What You Eat 16.00 Barnatími Stöðvar 2 17.20 Bold and the Beautiful 17.40 Neigh-bours 18.05 The Simpsons

18.30 Fréttir, íþróttir og veður 19.00 Ísland í dag 19.40 Strákarnir ▶ 20.05 Grey's Anatomy (26:36) (Læknalíf) Grey's Anatomy er vinsælasti nýi þátturinn í Bandaríkjunum í dag. Hér er á ferð önnur þáttaröð þessa skemmtilega spítalapáttar sem hefur verið sagður sameina það besta úr Ally McBeal, E.R., Desperate Housewives og Friends – hvorki meira né minna. 20.50 Huff (11:13) (Sample Closet) Bönnuð börnum. 21.40 The Apprentice – Martha Stewart (9:14) 22.25 Ganga stjórnurnar aftur? (Dead Famous) Ganga stjórnurnar aftur?

23.10 Meistarinn 23.55 Prison Break (B. börnum) 0.40 Medium 1.25 The Banger Sisters 3.00 Friday After Next (B. börnum) 4.20 Full Frontal (B. börnum) 5.55 The Simpsons 6.20 Tónlistarmyndbönd frá Popp TÍVÍ

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

SIRKUS

18.30 Fréttir NFS 19.00 Ísland í dag 19.30 Fashion Television 20.00 Friends (23:24) (Vínir 8) ▶ 20.30 „bak við böndin“ (6:7) Í þættinum verður leitast við að afhjúpa hljómsveitirnar og tónlist þeirra og opna augu og eyru áhorfenda fyrir nýjum og kraftmiklum tónlistarheimi. 21.00 American Idol (34:41) (Bandaríska stjórnuleitin) Fimmta þáttaröðin af vinsælasta þætti heims. 21.50 American Idol (35:41) (Bandaríska stjórnuleitin). 22.20 Smallville (e) (Forever) Frábærir þættir um Ofurmennið á yngri árum sínum.

23.05 Tívoli 23.35 Friends (23:24) (e) 0.00 „bak við böndin“ (6:7)

E! ENTERTAINMENT

11.30 Extreme Close-Up 12.00 E! News Weekend 13.00 101 Even Bigger Celebrity Oops! 14.00 101 Even Bigger Celebrity Oops! 15.00 101 Even Bigger Celebrity Oops! 16.00 101 Even Bigger Celebrity Oops! 17.00 Big Hair Gone Bad 17.30 Gastineau Girls 18.00 E! News Weekend 19.00 The E! True Hollywood Story 20.30 Style Star 21.00 10 Ways 21.30 Number One Single 22.00 Gastineau Girls 22.30 Gastineau Girls 23.00 101 Craziest TV Moments 0.00 10 Ways 0.30 Number One Single 1.00 The E! True Hollywood Story 2.00 Guilty

SKJÁREINN

7.15 6 til sjö (e) 8.00 Dr. Phil (e) 8.45 Fast-eignasjónvarpið (e)

15.50 Game tívi (e) 16.20 One Tree Hill (e) 17.05 Dr. Phil 18.00 6 til sjö

19.00 Frasier – 1. þáttaröð 19.30 The Office – lokapáttur (e) Strákarnir keppast um hylki Katy sem er nýr starfsmaður á skrifstofunni. 20.00 The O.C. 21.00 Survivor: Panama Í þessari 12. þáttaröð af Survivor verður haldið á ægifagrar slóðir og leikið eftir nýjum reglum. 22.00 C.S.I. Bandarískir þættir um störf rannsóknardeildar Las Vegas borgar. Motorcross kappi er stunginn til bana og Nick kemst að ýmsu varðandi mannránið á sér. ▶ 22.50 Sex and the City – 6. þáttaröð Carrie og Aleksander hlýja hvort öðru í kuldanum í NY. Miranda heldur uppá það að vera flutt.

23.20 Jay Leno 0.05 Boston Legal (e) 0.55 Wanted (e) 1.45 Frasier (e) 2.10 Östöðvandi tónlist

AKSJÓN

Fréttapátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

NFS

7.00 Ísland í bítíð 9.00 Fréttavaktin fyrir hádegi 11.40 Brot úr dagskrá

12.00 Hádegisfréttir/Markaðurinn/Íþróttufréttir/Veðurfréttir/Leiðarar dagblaða/Hádegisdagblætið. 13.00 Íþróttir/lífsstíll 13.10 Íþróttir 14.00 Fréttavaktin eftir hádegi 17.00 Fimmfréttir 18.00 Kvöldfréttir/Ísland í dag/Íþróttir/Veður

19.40 Hrafnáþing/Miklabraut Hrafnáþing þriðjudaga, fimmtudaga og föstudaga í umsjá Ingva Hrafn Jónssonar og Miklabraut mánudaga og miðvikudaga í umsjá Sigurðar G. Tómassonar. 20.10 Silfur Egils Umræðupáttur í umsjá Egils Helgasonar. 21.00 Fréttir Fréttir og veður ▶ 21.10 60 Minutes 22.00 Fréttir 22.30 Hrafnáþing/Miklabraut

23.15 Fréttavaktin fyrir hádegi 2.15 Kvöldfréttir/Ísland í dag/Íþróttir/Veður 3.15 Fréttavaktin eftir hádegi 6.15 Hrafnáþing/Miklabraut

ENSKI BOLTINN

7.00 Að leikslokum (e) 8.00 Að leikslokum (e) 16.00 Aston Villa – Sunderland frá 07.05 18.00 Þrumuskot 19.00 Man. Utd. – Charlton frá 08.05 Leikur sem fram fór í gær. 21.00 More than a Game: England (e) 22.00 Bolton – Birmingham frá 08.05 Leikur sem fram fór í gær. 0.00 Að leikslokum 1.00 Dagskrárlök



RENAULT

Vönduð frönsk hönnun
Einstök þægindi
Fallegir litir
5 stjörnu NCAP öryggi
Einstaklega sparneytinn
Hlaðinn staðalbúnaði
3 ára ábyrgð

Bílasamningur / Bílalán
kr. 20.360 á mánuði*

B&L Grjóthálsi 1 575 1200 www.bl.is

Vertu á öruggasta bílnum* Vertu á flottum bíl Veldu Renault



Aukahlutir á mynd: Dynamic útfærsla, álfelgur

Alls hafa átta bílar frá Renault fengið 5 stjörnur eða hæstu einkunn í öryggisprófunum Euro NCAP, sem er meira en tvöfalt betri árangur en hjá öðrum bílaframleiðendum.

Bílasamningur miðast við 70% lánshlutfall í 84 mánuði.



VIÐ MÆLUM MEÐ ...

Survivor: Panama

Skjár einn kl. 21.00

Spennan í algleymingi

Survivor eru án efa vinsælustu raunveruleikættir heimsins og í raun þeir sem hófu alla raunveruleikjabylgjuna. Menn geta síðan deilt um það hversu góð áhrif sú bylgja hefur haft á afþreyingariðnaðinn. Nú er í gangi tólftha þáttaröðin þar sem leitað er að keppandanum sem best stendur sig í baráttunni við nattúruöflin og ekki síst í andlega stríðinu við hina keppendurna. Sú þáttaröð sem nú er í gangi hefur verið sérstaklega spennandi enda er keppnisfyrirkomulagið með nokkru öðru sniði en áður hefur tíðkast. Aðeins fimm keppendur eru eftir og spennan heldur áfram að magnast en í síðasta þætti varð einn þátttakandinn að hætta keppni vegna magakvilla.



Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

Lausn á gátu gærdagsins

2	3	9	7	4	6	8	1	5
7	4	5	1	2	8	3	6	9
6	1	8	9	5	3	7	2	4
3	2	6	8	1	5	9	4	7
1	5	4	2	9	7	6	8	3
9	8	7	3	6	4	1	5	2
8	7	1	4	3	2	5	9	6
4	6	3	5	8	9	2	7	1
5	9	2	6	7	1	4	3	8

		2			8			
	8	1	4					
	5			6	2			
2			7					9
8		6				1		3
9					3			6
			2	4			6	
					7	9	5	
			8			3		



20.30
Knavtspyrna

ÍTÖLSKU MÖRKIN



16.00 US PGA Tour 2006 18.00 Íþróttaspjall-
ið 18.12 Sportið

- 18.30 Enski boltinn (Leeds-Preston)
- 20.30 Ítölsku mörkin (Ítölsku mörkin 2005-2006) Öll mörkin, flottustu tilþriffin og umdeildustu atvikin í ítalska boltanum frá síðustu umferð.
- 21.00 Ensku mörkin Mörkin og marktækifærin úr enska boltanum, næst efstu deild.
- 21.30 Spænsku mörkin Síðustu umferð í spænska boltanum gerð ítarleg skil. Öll mörkin, tilþriffin, umdeildustu atvikin og allt það markverðasta úr síðustu umferð.
- 22.00 Enski boltinn (Leeds-Preston)

23.40 HM 2002 (England – Brasilía)

RÁS 1 FM 92,4/93,5



7.05 Morgunvaktin 9.05 Laufskálinn 9.45 Morgunleikfimi 10.13 Stefnumót 11.00 Verkafólk í fjölmenningsarsamfélagi 11.03 Samfélagið í nærmynd

12.03 Hádegisútlarp 12.20 Hádegisfréttir 13.00 Vött og breitt 14.03 Útlarpssagan 15.03 Andi Andalusíu 16.13 Hlaupanótan 17.03 Viðsjá

18.00 Kvöldfréttir 18.25 Spegillinn 19.00 Vitinn 19.30 Laufskálinn 20.10 Söngvamá 21.00 Kjarkur, von og söngur 21.55 Orð kvöldsins 22.15 Úr tónlistarlífínu

0.10 Útlarpað á samtengdum rásum til morguns

RÁS 2 FM 90,1/99,9



6.05 Morguntónar 6.30 Morgunútlarp Rásar 2 9.05 Brot úr degi

12.03 Hádegisútlarp 12.20 Hádegisfréttir 12.45 Poppland 16.10 Síðdegisútlarpið

18.00 Kvöldfréttir 18.24 Auglýsingar 18.25 Spegillinn 19.00 Sjónvarpsfréttir 19.30 Músik með Heiðu Eriks 20.30 Konsert á Airwaves-hátíðinni 22.10 Saga Pink Floyd

BYLGJAN FM 98,9



7.00 Ísland í bitíð 9.00 Ívar Guðmundsson

12.00 Hádegisfréttir 12.20 Óskalahádeggi 13.00 Rúnar Róberts 16.00 Reykjavík Síðdegis

18.30 Kvöldfréttir og Ísland í dag 19.30 Bjarni Ólafur / Ívar Halldórs 1.00 Ragnhildur Magnúsdóttir

AÐRAR STÖÐVAR



FM 90,9 TALSTÖÐIN
FM 99,4 ÚTLARP SAGA
FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin
FM 102,2 Útlarp Latibær / Fjölskyldu útlarp
FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni
FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying
FM 105,5 Útlarp Boðun / Kristilegt efni
FM 89,5 Kiss / Nýja bitíð í bænum
FM 88,5 XA-Rádió / 12 spora efni
FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying
FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

Sælureitur í garðinum



Pantaðu glæsilega
handbók okkar í síma 800 5050

www.bmvalla.is

Nú er tími vorverkanna.

Fyrstu skrefin að sælureit fjölskyldunnar liggja í Fornalund. Landslagsarkitekt okkar aðstoðar þig við að breyta garðinum þínum í sannkallaðan sælureit.

Hringdu í 585 5050 og fáðu tíma í ráðgjöf. Það kostar ekki neitt.



BM•VALLA

Söludeildir BM•Vallá: Í Fornalundi 110 Reykjavík Sími: 585 5050 • Suðurhrauni 6 210 Garðabæ Sími: 585 5080 V/Súluveg 600 Akureyri Sími: 460 2200 • Ægisgötu 6 730 Reyðarfirði Sími: 477 2050 • Höfðaseli 4 300 Akranes Sími: 433 5600



HRÓSIÐ

...fær rithöfundurinn og ljóðskáld-
ið Þorsteinn frá Hamri fyrir
ómetanlegt framlag sitt til
íslenskra bókmennta.

1			2	3	4	5
6	7			8		
9			10		11	
12				13		
	14					15
16				17		
18		19			20	
21						

LÁRÉTT:

2 gáski 6 í röð 8 keyra 9 keyra 11
klafi 12 glatast 14 móðir 16 í röð 17
andi 18 pota 20 þreyta 21 spik.

LÓÐRÉTT:

1 teikning af ferli 3 guð 4 skotskífa
5 draup 7 veitti gleði 10 karlfugl 13
skilaboð 15 vingjarnleiki 16 hrós 19
bardagi.

LAUSN:

alíð, 16 í öf, 19 at.
lak, 7 skemmti, 10 ara, 13 sms, 15
LÓÐRÉTT: 1 grá, 3 ra, 4 skotmál, 5
18 öta, 20 líu, 21 fítu.
ok, 12 fersl, 14 mamma, 16 lm, 17 sál,
LÁRÉTT: 2 sersl, 6 rs, 8 aka, 9 aka, 11

VEISTU SVARID

svör við spurningum á bls. 8

- 1 Gunnar Þór Gíslason
- 2 Kristján Jóhannsson
- 3 St. Helens í Bandaríkjunum

Upplýsingar í síma 590 2525
Textavarp: Stöð 2 • 150-153
RÚV • 291, 293 og 294

Vinningstölur laugardaginn 6.5.2006

4 13 20 21 32

Tvöfaldur 1. vinningur nk. laugardag

Bónus tala 3

Jóker 5 9 3 2 0

Fyrsti vinningur gekk ekki út.

VÍKINGA LOTTO Alltaf á miðvikudögum

Vinningstölur miðvikudaginn 26.4.2006

Aðaltölur 17 26 30 35 38 48

Bónustölur Ofurtala 12 24 33

Einfaldur 1. vinningur nk. miðvikudag

Jóker 1 5 1 2 5

Fyrsti vinningur gekk ekki út.

Birt með fyrirvara um prentavilur

SÉRFRÆÐINGURINN HULDAR FREYR ARNARSON OG BESTU HJÓLALEIÐIRNAR

Hjólreiðaferð um Kaldadal í uppáhaldi

Huldar Freyr Arnarson hljóðmaður hefur stundað hjólreiðar undanfarin sjö ár. Hann á tvö hjól, Giant Iguana sem hann notar á veturna og Gary Fisher sem hann notar á sumrin.

Þó svo að Huldar Freyr sé nokkuð duglegur við að hjóla innanbæjar er hann enn duglegri við að fara upp á hálendið og hjóla þar. Má segja að hann sé orðinn sérfræðingur í slíkum ferðum.

Huldar tekur stundum rútu til Þingvalla og hjólar síðan Kaldadal. Einnig hefur hann m.a. hjólað Kjöllinn og á Arnarvatnsheiði. Nauðsynlegt er að hafa nóg af aukabúnaði ætli maður að hjóla uppi á hálendi því slíkar ferðir geta tekið marga daga. „Ég er með bretti á framan og aftan og vatnspéttar töskur. Svo er ég með alls konar aukabúnað sem fylgir því að lifa af í viku,” segir Huldar. „Ég er með lista um klæðnað sem er léttur og andur vel því maður svitnar og getur lítið skipt um föt.” Hann bætir því við að mikilvægt sé að drekka nóg vatn. Tekur hann

með sér þurrmat í svona ferðalög sem gefur mikla orku og sem hægt er að blanda saman við vatn.

Innanbæjar mælir Huldar með því að fólk hjóli þar sem umferð er lítil til að vera laus við hættu frá bílum. Einn hringur sem hefur reynst honum vel í gegnum tíðina hefst á Sæbrautinni. Þaðan fer hann upp að Gróttu, næst niður að Nauthólsvík og þaðan í Elliðaárdalinn. Eftir það liggur leiðin í Mosfellsbæ þar sem Huldar hefur stundum tekið hring í kringum Hafravatn.

Huldar vill að lokum minnst á að enn vanti hjólreiðabraut frá Kópavogi til Hafnarfjarðar og hvetur stjórnvöld til að gera eitthvað í málinu. - fb

UPPI Á HÁLENDI

Huldar Freyr er duglegur við að hjóla uppi á hálendi, þar sem túrin getur tekið eina viku.



FRÉTTIR AF FÓLKI

Áhorfendur Ríkissjónvarpsins hafa væntanlega sopið hveljur þegar norrænu Eurovision-spekingarnir tjáðu sig um lag Silvíu Nætur, Congratulations, í vikulegum umræðuþætti um lögín sem keppa í Grikklandi. Flestallir voru sammála um að grínið færi fyrir ofan garð og neðan en Silvíu fékk þó stuðning frá norsku rokkurunum í Wig Wam sem gerðu allt brjálað í Úkraínu. Í sjónvarpsal sat **Eiríkur Hauksson** og reyndi að sannfæra viðstadda um hvers eðlis grínið væri og taldi Silvíu skopstælingu á þekktum persónum á borð við Paris Hilton og sjálfum sér. Dyggir stuðningsmenn Silvíu ættu þó að taka þessum spám með miklum fyrirvara því í fyrra voru hinir útvöldu sammála um að Selma Björnsdóttir og lagið If I Had Your Love myndi komast auðveldlega upp úr undankeppninni og hafa sigur í aðalkeppninni. Mörgum er í fersku minni hvernig henni til tókst og því ættu þessar „hrakspár“ að vera vatn á myllu þeirra sem spá Silvíu velgengni í Grikklandi.



Manchester-tónleikarnir hjá **Grími Atlasyni** og félögum hjá Austur-Þýskalandi fóru fram í Laugardalshöll á laugardagskvöldið. Eitthvað virðist áhugi fyrir tónleikahaldi vera farinn að dvína uppi á Fróni því seint verður sagt að húsfyllir hafi verið. Echo and the Bunnymen gerðu litlar rósir og Elbow var kannski sú sveit sem flestir muna eitthvað eftir. Plötusnúðurinn Andy Rourke hafði verið auglýstur á milli atriða en lítið fór fyrir honum. Hálfítmót var um að litast þegar þessar tvær sveitir stigu á stökk og ljóst að flestir biðu eftir húfúttöffaranum Badly Drawn Boy því þá tóku áhorfendur að þyrpast inn í salinn. Hvort svona vel hafi verið veitt baksviðs skal ósagt látið en Badly virtist vera hálf-drukinn uppi á sviði. Mestu kátínuna fékk sagan um fimm ára gamlan son tónlistarmannsins sem á víst að hafa komið undir á ferðalagi hans um Ísland. Badly virtist eiga í erfiðleikum með að byrja tónleikana og stoppaði í miðjum klíðum til að láta taka myndir af sér. „Óþægilegt þegar ljósmyndarinn er miklu myndarlegri en sá sem á að taka mynd af,” sagði Badly en þar með var grínið líka búið. - fgg



LISTMÁLARINN TOLLI: ÚTKOMAN KOM SKEMMTILEGA Á ÓVART

Sleppti fimmtíu krökkum lausum á vinnustofuni

Listmálarinn Þorlákur Morthens, betur þekktur sem Tolli, tók nýlega á móti 50 krökkum af leiksskólanum Krakkakoti á Álftanesi á vinnustofu sinni.

Þar áttu krakkarnir notalega stund með listamanninum sem sleppti þeim lausum í litasafn sitt og leyfði þeim að mála á striga. „Útkoman kom mér skemmtilega á óvart,” segir Tolli sem hefur nú fullunnið myndina. „Krakkarnir gáfu grunninn sem ég svo kláraði og útkoman er mjög flott mynd,” segir Tolli ánægður. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem listamaðurinn tekur á móti krakkahóp á vinnu-

stofuna sína en hann er með mjög stóra og góða vinnustofu í húsnæði sem Bónus á. „Þegar börnin mín voru á leiksskóla fékk þeirra leiksskóli oft að koma til mín í svona „workshop“,“ upplýsir Tolli. Hann segir synd að leiksskóla-krakkar séu yfirleitt látnir vinna með forgengileg efni eins og pappír og tússlíti sem gufi upp, þar sem þeir séu svo skapandi á þessum aldri. Hann segir að ef foreldrar legðu aðeins út til efniskaupa gætu leiksskólarnir jafnvel keypt olíu og stiga og þannig fengju foreldrarnir flott abstrakt verk eftir börn sín.

Hjördís Ólafsdóttir, leikstjóra-stjóri á Krakkakoti, segir heimsóknina til Tolla hafa verið afar vel lukkaða en venjulega fari þau á söfn en ekki á vinnustofur listamanna. „Við erum afar umhverfisvæn hérna á leiksskólanum og málum neðst á gamla Cheerios pakka og slíkt, en krökkunum fannst mjög gaman að fá að prófa strigann,” segir Hjördís. Að sögn Tolla fer myndin, sem er 180x170 að stærð, nú á frjálstan markað og verður enginn svikinn af því að eignast þetta samvinnuverk leiksskólakrakkanna og hans.

- snæ

Belleville – sameina tísku og leikföng

Mikill uppgangur er á Laugaveginum þessa dagana og með komu sólar og hlýinda er upplagt fyrir landann að leggja leið sína niðri miðbæ til að versla.

Nýlega opnuðu Anna Clausen stílisti og Bjarni Einarsson kvikmyndagerðarmaður búð á Laugavegi 55. Búðin heitir Belleville og stendur hún undir nafni. Hönnun búðarinnar er sött í sundlaugar Reykjavíkurborgar með mintu-grænum gólfum og viðarhúsgögnum.

Búðin býður upp á nýstárlega blöndu af hjólabrettum, tímaritum, dóti og tískufatnaði frá ungum hönnuðum. Að sögn Önnu stílar búðin inn á strákaföt og aftast í búðinni getur á að líta marglit

hjólabretti frá merkinu Krooked frá San Francisco. Merkið er hannað af hjólabrettasnillingnum Mark Gonzales sem þykir mikill frumkvöðull brettamennningar og þykja brettin líka sóma sér vel sem listaverk.

Fatamerkin sem þau bjóða upp á eru af margvíslegum toga. Litrík munstur sem minna helst á mjólkurhristing eða „confetti“ skraut eru aðalsmerki franska hönnuðarins Bernhards Willhelm og er hægt að fá fatnað, skemmtilega hönnuð sólglæraugu með deri og hundraðar töskur. Einnig eru þau með pönkaðan fatnað frá sænska hönnuðinum Patrik Söderstam og fatnað frá Yuko Yoshitake, hönnuð frá Japan sem

vann hönnunarkeppni á vegum Topman 2003 og mun hún gera sérstaka hluti fyrir Belleville. Búðin sker sig út frá verslunum af sama toga vegna þess að þau bjóða upp á leikföng eða eins og Bjarni orðar það, listræn leikföng með tilvísun í jaðarmenningu. Leikföngin eru framleidd af leikfangarisanum Medicom Toys í samvinnu við hönnuði víðast hvar í heiminum og hafa ákveðið söfnunargildi vegna þess að aðeins kemur eitt af hverju og það sama gildir um fatnaðinn sem er í boði hjá þeim skóthjúum.

BELLEVILLE

Í nýju búðinni fæst allt frá hjólabrettum til listrænna leikfanga.



STILLANLEGT OG ÞÆGILEGT



TEMPUR TILBOÐSDAGAR Í MAÍ



HEILSUKODDAR

Yfir 30.000 læknar, sjúkráðgjafar og kíró-praktorar um heim allan mæla með Tempur heilsukoddanum, þar á meðal á Íslandi.



HEILSUDÝNUR

Dýpsta slökun, hvíld og svefn sem völ er á. Þar sem Tempur dýnnar aðlagast líkamanum dreifir hún þyngdinni og dregur þar með úr þrýstingi á viðkvæma staði.



STILLANLEG RÚM

Með því einu að snerta takka getur þú stillt rúmið í hvaða stöðu sem er. Með öðrum takka færð þú nudd sem þú getur stillt eftir eigin þörfum og látið þreytuna eftir erill dagsins líða úr þér.

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMÉR FRÉTTABLAÐSINS: 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

PÚ ERT SJÓNVARPSSTJÓRI Á *visir* VEF

HORFÐU EINSOG PÉR SÝNIST!

Yfir 300 sjónvarpsþættir og kvikmyndir í stafrænum gæðum á visir.is



BAKÞANKAR

PRÁINS BERTELSSONAR

Sigmund, Wolfgang og Meyer

Eina manneskjan á plánetunni okkar sem ég er viss um að hefur heyrt andardrátt Guðs hét Wolfgang Amadeus Mozart og fyrsti maðurinn sem gerði skynsamlega tilraun til að greiða úr sálarflækjum okkar hinna sem ekki höfum jafn næma heyrn hét Sigmund Freud. Báðir eiga merkisafmæli um þessar mundir. Mozart tvö hundruð og fimmtíu ára, fæddur 27. janúar 1756 í Salzburg, Austurríki, Freud hundrað og fimmtíu ára, fæddur 6. maí 1856 á Mæri en flutti ungur til Vínarborgar og bjó þar uns hann hraktist þaðan á flóttan undan nazistum.

ÞRÁTT FYRIR snilligáfuna var líf þessara manna enginn dans á rósum. Mozart dó kornungur í fátækt. Freud dó fjarri heima-landi sínu, gamall maður á flóttan undan nazistum. Báðir þessir menn tendruðu ljós sem aldrei munu slökkna í vitundarlífi mannkyns.

EINN SNILLINGUR enn hét Meyer Amschel og fæddist í Judengasse í Frankfurt tólf árum á undan Mozart. Meyer Amschel átti fimm syni og sendi þá víðsvegar um Evrópu til að stofna peningaveldi sem átti sér ekki sinn líka í veröldinni. Amschel yngri tók við af föður sínum í Frankfurt, Salomon stofnaði banka í Vínarborg, Nathan í Lundúnum, Kalman í Napolí og loks Jakob í París. Rauður skjöldur utan á húsinu sem Amschel bjó í þarna í gettóinu í Frankfurt varð kveikjan að virðulegu eftirnafni handa honum og sonum hans, Rothschild, rauði skjöldur.

ÁTÍMUM trylltrar efnishyggu og peningadýrkunar er ekki úr vegi að staldra við og jafnvel gera sér dagamun í virðingarskyni við þá Mozart og Freud sem arfleiddu mannkynið að andlegum auðæfum. Peningahrúgur Rothschildanna eru komnar á tvíst og bast og helsti minnisvarði þeirra er þinghúsbýgging í Ísrael sem hýsir Knesset.

ENN EINN snillingur, Heinrich Heine, sagði: Mammon er Guð og Rothschild er spámaður hans. Fyrir mína parta hef ég meiri trú á spámönnum á borð við Mozart og Freud, og skynsömu fólki sem fjárfestir í auðæfum sem mölur og ryð fá ekki grandað. Með allri virðingu fyrir Kauphöll Íslands.

NISSAN NOTE



NÝR FJÖLSKYLDUBÍLL FRÁ NISSAN

Krakkabíll með karakter!

Nissan NOTE hefur alla kosti fjölskyldubíls og meira til: Öryggi, lipurð, kraft og þægindi. Það sem gerir NOTE að nýrri tegund fjölskyldubíls er sérhannað rými fyrir börnin, öðruvísi útlit og mikill persónuleiki. NOTE er bíll fyrir alla fjölskylduna, líka krakka með karakter!

Bíóboði! Allir sem koma og reynsluaka nýjum NOTE fá miða á **IceAge** eða **Hoodwinked** meðan birgðir endast!

	Vél.	Hö.	Gírskipting	Verð
NOTE Visia	1,4	88	Beinskiptur	1.740.000 kr.
NOTE Visia	1,6	110	Sjálfskiptur	1.950.000 kr.
NOTE Tekna	1,6	110	Sjálfskiptur	2.090.000 kr.

Geymsluhólf - kæli fyrir drykki - öryggispuðar - dótahólf - borð - rúmlegt farangursrými



Ingvar Helgason

Sævarhófa 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9.00 - 18.00 og laugardaga kl. 12.00 - 16.00

Umboðsmenn um land allt	Selfossi 482 3100	Njarðvík 421 8808	Akranesi 431 1376	Höfn í Hornafirði 478 1990	Reykjarfirði 474 1453	Akureyri 461 2960
-------------------------	-------------------	-------------------	-------------------	----------------------------	-----------------------	-------------------

ÓKEYPIS ÍSETNING

2006 línan frá Pioneer



Pioneer DEH-1800

- 4 X 45 W magnari • D4Q Digital • RDS Móttakari • FM/AM/LW • 18 stöðva minni
- Laus framhlíð • EEG forstilltur tónjafnari • RCA útgangur • **Verð 17.900.-**



Pioneer DEHP-4800MP ... Spilar MP3/WMA/WAV

- Mosfet 4 X 50 W magnari • Útvarp FM/AM/LW • 18 stöðva minni • 3 Banda tónjafnari
- EEG forstilltur tónjafnari • 2 x RCA útgangur • Snúningstakki • **Verð 24.900.-**

ALVÖRU
GRÆJUR
Í BÍLINN

ORMSSON

SMÁRALIND Sími 530-2900 | SÍÐUMÚLA 9 Sími 530-2800